

JÓN KR. STEFÁNSSON

### Yfir marklínuna á 250 kílómetra hraða

Bílar Ferðir Heimili  
**allt** í MIÐJU BLÁDSINS



HÚS OG HEIMILI

### Litirnir fyrir heimilið

Svart er í tísku  
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Verblót RITE OF SPRING

27.-30. apríl  
Á NASA við Austurvöll.  
www.riteofspring.is

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

29. apríl 2006 — 113. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Íslenska módelið flutt út**

Inga Dóra Sigfúsdóttir, deildarforseti í Háskólanum í Reykjavík, stýrir uppbyggingu vímuvarnarkerfnis í tíu evrópskum borgum.

**VIÐTAL 32**

**Ís fyrir alla**

Íslenskir fjallaleiðsögumenn vilja koma sem flestum í snertingu við íslenskan ís. Þeir segja að jöklaferðir séu ekki bara fyrir hetjur.

**FERDALÖG 34**

**Rankin í Bláa lóninu**

Skoski glæpasagnahöfundurinn Ian Rankin er væntanlegur til landsins í júní. Bláa lónið mun hafa ráðið úrslitum um að hann ákvað að slá til eftir ítrekuð boð um Íslandsheimsókn.

**FÓLK 62**

**Öxlin að angra Ólaf**

Ólafur Stefánsson verður sprautaður fyrir leik Ciudad Real og Portland San Antonio í úrslitum Meistaradeildarinnar í handbolta sem fram fer á sunnudag. Verið er að skipuleggja vegleg veisluhöld sem verða í Ciudad eftir leikinn.

**ÍPRÓTTIR 58**

**VEÐRIÐ Í DAG**

**VEFTA** - Í dag verður fremur stíf suð-vestanátt á landinu. Rigning eða skúrir sunnan og vestan til en skýjað með köflum austan og norðan til. Hiti 6-14 stig, hlýjast austanlands.

**VEÐUR 4**

**Ekki bara flottur að aftan**

Frumskýning í dag!

Stundin er runnin upp!

Við frumsýnum nýja Megane II línu í sýningarsal B&L.

Komdu og upplifðu nýtt útlit, nýjar vélar og enn betri aksturseiginleika.

Opið frá klukkan 12 til 16.

Silvía kemur kl. 14:00.

Ljóðabókin fæst í Hagkaup

**RENAULT**  
www.renault.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík  
575 1200 - www.bl.is

## Ríkið sagt spilla fyrir samningaviðræðum

Fjármálaráðherra hefur ekki ennþá upplýst stjórn Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu um greiðslur á móti launahækkunum starfsfólks á dvalarheimilum. Óvissan gerði samninganefnd SFH afar erfitt fyrir.

**KJARAMÁL** „Það er alveg ljóst að ef við hefðum haft einhverja hugmynd um hvort eða hvenær við fengjum einhverjar greiðslur frá ríkinu hefði þetta gengið mun betur,“ segir Jóhann Arnason, formaður Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, spurður hvort það hafi haft neikvæð áhrif á samningaviðræður við starfsfólk á dvalar- og hjúkrunarheimilum að fjármálaráðherra skýrði ekki frá því hvenær eða hversu mikið fjármagn ríkið myndi leggja til vegna launahækkana starfsfólks á dvalarheimilum á meðan á samningaviðræðunum stóð.

Jóhann telur að ef SFH hefði fengið þessar grunnupplýsingar hefðu málin þróast öðruvísi. „Ef við hefðum fengið tækifæri til að setjast niður með fulltrúum ríkisins hefðum við ekki lent á milli steins og sleggju með þessum hætti.“

Jóhann segir að í rauninni hafi ekki fengist nein trygging ennþá um hvenær fjármagnið komi eða hvort það komi. Ekki hafi heldur verið samið við ráðuneytið um það með hvaða hætti greiðslurnar berist. „Það fer væntanlega af stað vinna eftir helgina til að reikna hvað þetta er mikið en það

er ekki komið á hreint ennþá.“

Ástæðan fyrir því að upp úr samningaviðræðum slitnaði síðastliðinn þriðjudag var sú að starfsfólkið gat ekki sætt sig við að fá greiðslurnar á átta mánaða tímabili. Lögð var áhersla á það af hendi samninganefndar starfsfólks að greiðslurnar kæmu til framkvæmda í haust. „Við höfum lagt á það áherslu að reyna eins og við getum að flýta janúargreiðslunum en meðan við vitum ekki fyrir víst hvernig þetta verður getum við ekki lofað neinu.“

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis-

ráðherra segist hafa fylgst náið með deilunni og hún hafi áhyggjur af stöðunni sem komin sé upp. „Ég hitti samninganefndina á mánudaginn síðasta þar sem hún gerði mér grein fyrir stöðu mála. Síðar í vikunni gaf hún út einhliða yfirlýsingu um að hún myndi mæta kjörum Reykjavíkurborgar. Síðan hefur nefndin ekki beðið um fund með mér en það getur verið að hún hafi beðið um fund með fjármálaráðherra.“

Ekki náðist í Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra í gær.

- shá



ALÞJÓÐADAGUR Á NÓRÐBORG Á leikskólanum Nórðborg við Stangarholt eru börn og starfsmenn af ellefu þjóðernum. Í gær héldu þau Alþjóðadag í þriðja skipti og gengu meðal annars í skróðgöngu um hverfið sitt undir slagorði Alþjóðadagsins: „Allir í heiminum eiga að vera vinir eins og við.“ Börnin höfðu búið til fána allra þeirra þjóða sem eiga fulltrúa á Nórðborg.

## Norsk réttindi véfengd af ESA

**EFTA** Eftirlitsstofnun EFTA ákvað fyrir helgi að skjóta deilu um yfirtöku norska ríkisins á fossa- og vatnsréttindum af einkafyrirtækjum til dómstóls EFTA í Lúxemborg.

Eftirlitsstofnunin hefur í álitinu sínu rökstutt að skjóta deilu um brot á meginreglu EES-samningsins um gagnkvæman rétt fyrirtækja í aðildarlöndum Evrópska efnahagssvæðisins til þess að stofna og reka fyrirtæki hvar sem er innan svæðisins. Jafnframt telur ESA að norsku lögin séu brot á meginreglu um frjálsa fjármagnsflutninga.

Lögin kveða á um að norska ríkið geti leyst til sín öll réttindi og hluti einkafyrirtækja í rekstri virkjana eftir sextíu ár. Í þessu felst mismunur milli opinberra aðila í Noregi og einkafyrirtækja innan EES-svæðisins sér í lagi að mati ESA.

- jh / sjá síðu 26

## DV hættir að koma út á virkum dögum en helgarblaðið áfram gefið út: Tíu manns sagt upp störfum

**FJÖLMIÐLAR** „Við tókum þessa ákvörðun í ljósi taprekstrar sem varð á útgáfu DV á fyrsta fjórðungi þessa árs,“ sagði Ari Edwald, forstjóri fjölmiðlafyrirtækisins 365 sem hefur ákveðið að hætta útgáfu DV á virkum dögum og sagt tíu starfsmönnum þess upp störfum. Helgarblaðið mun áfram koma út.

Rekstur blaðsins hefur gengið illa síðan í janúar þegar tveir fyrrverandi ritstjórar hættu störfum

**ÚTGÁFUSAGA DV**

- 1910 Útgáfa Vísis hefst
- 1975 Útgáfa Dagblaðsins hefst
- 1981 Dagblaðið og Vísir sameinuð
- 2003 Útgáfufélagið í prot - Frétt ehf. kaupir DV og gerir að morgunblaði
- 2006 DV breytt í helgarblað

vegna fréttar blaðsins um mann sem sagður var hafa beitt drengi kynferðislegu ofbeldi. Fyrirfor maðurinn sér í kjölfar birtingarinnar og vakti það mikla reiði í þjóðfélaginu. Héldu auglýsendur að sér höndum og áskrifendur hættu og hefur reksturinn ekki borið sitt barr síðan.

Rúmlega þrjátíu manns hafa starfað hjá blaðinu og heldur meirihluti þeirra störfum sínum. Auka-blöð DV, Hér og nú og Sírkus, munu áfram koma út með óbreyttu sniði. Páll Baldvin Baldvinsson, annar tveggja ritstjóra DV, ritstýrir því áfram en segir engar breytingar aðrar fyrirhugaðar á blaðinu. „Þetta er áfall enda alltaf leiðinlegt þegar fækka þarf í starfslíði með þessum hætti. Hvað framtíðina



FYRSTA TÖLUBLAÐ VÍSIS Útgáfa Vísis hófst árið 1910.

**STYSTA LEIÐIN Í BANKANN**

**NETBANKI GLITNIS Í SÍMANUM ÞÍNUM**

GLITNIR  
m.glitnir.is

- aðe





## SPURNING DAGSINS?

Laufey, eru verðhækkarnir svona plús?

„Já, þær koma sem plús svo við komum ekki út í mínus.“

Laufey Jóhannsdóttir er framkvæmdastjóri Plúserða, en þar eins og víða annars staðar hækkuðu sólarlandaferðir í verði vegna lækkunar krónunar.

Gylfi Magnússon dósent:

## Pyrftum að kanna landið

**EFNAHAGSMÁL** Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, segir að fullyrðing aðalagfræðings Seðlabankans um að sjálfstæður gjaldmiðill auki sveiflur og að ávinningur af krónunni sé minni en enginn sé mjög áhugaverð. Hann treystir sér ekki til að leggja mat á réttmæti hennar.

„Við þyrftum að kanna landið til að fá fram forsendurnar, sem síðan yrðu notaðar til að leggja mat á það hvort þessi niðurstaða sé rétt, að krónan valdi okkur meiri vandræðum en kostirnir sem sjálfstæður gjaldmiðill hefur,“ segir hann. - ghs

Dæmt í fjárvikamáli:

## Nígeríumennirnir í fangelsi

**DÓMSMÁL** Tveir Nígeríumenn voru fundnir sekir um fjárvik í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Þeir hlutu báðir fimmánna mánaða óskil-orðsbunda fangelsisdóma.

Mennirnir höfðu talið fórnarlömbum sínum trú um að þeir gætu fjölfaldað peningaseðla með snertingu við ákveðið efni. Þeir voru stöðvaðir á Keflavíkurflugvelli í mars, grunaðir um að hafa illa fengið fé undir höndum. Mennirnir hafa setið í gæsluvarðhaldi síðan 17. mars og dregst á tími frá refsingu þeirra. Þeir voru báðir dæmdir til að greiða 420.000 krónur í málsvarnarlaun. - shá

## DÓMSMÁL

**Gæsluvarðhald lengt** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur framlengt gæsluvarðhald yfir tveimur lítháiskum mönnum, sem grunaðir eru um smygl á amfetamínvökva, til 9. júní. Gæsluvarðhald yfir þriðja mannum sem tengist málinu rennur út um miðjan maí. Rannsókn málsins er á lokastigi að sögn lögreglu.

Geir H. Haarde á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkja:

## Landsvarnir ræddar óformlega

**VARNARMÁL** Geir H. Haarde utanríkisráðherra ræddi óformlega um varnarviðræðurnar við utanríkisráðherra ríkja innan Atlantshafsbandalagsins, NATO. Ráðherrarnir funduðu um hugsanlega stækkun bandalagsins og stöðuna í Mið-Austurlöndum á vorkundi þeirra í Sófíu, höfuðborg Búlgaríu, í gær.

„Varnarmál okkar voru ekki á dagskrá fundarins. Þau eru í tvíhliða farvegi milli okkar og Bandaríkjanna eins og stendur. En auðvitað spjalla menn saman með óformlegum hætti,“ sagði Geir eftir fundi gærdagsins. Spurður við hvaða ráðherra hann hafi

spjallað óformlega og hvernig þeir meti stöðu Íslands svaraði Geir: „Það er eitthvað sem ekki er hægt að tala um.“

Geir fundar með utanríkis-málanefnd Alþingis klukkan hálf ellefu í dag. Þar greinir hann frá fundinum ytra auk niðurstöðu tveggja funda samninganefnda Íslands og Bandaríkjanna í utanríkisráðuneytinu á miðvikudag og fimmtudag. Nefndarmennirnir hafa ekki verið upplýstir um gang viðræðanna fyrir fundinn.

Heimildir herma að niðurstaða þeirra hafi verið að bandaríska sendinefndin muni vinna áætlun um hvernig landið verði varið.



Á FUNDI UTANRÍKISRÁÐHERRA NATO Geir Haarde ræðir hér við utanríkisráðherra Lúxemborgar, Jean Asselborn, í Búlgaríu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslendingarnir eigi síðan eftir að meta áætlunina. Framhefur komið að drög að slíkri áætlun hafi verið rædd á fundinum. - gag

## Upplýsingalög gildi um Ríkisútvarpið hf

Breytingar voru gerðar á frumvarpinu um Ríkisútvarpið í meðförum menntamálanefndar í gær. Formaður nefndarinnar segir stjórnarliða hafa teygst sig langt til sátta í málinu. Stjórnarandstæðingar telja frumvarpið meingallað enn.

**RÍKISÚTVARPIÐ** Frumvarp um breytingar á rekstri Ríkisútvarpsins var afgreitt öðru sinni frá menntamálanefnd í gær með breytingum. Stjórnarandstæðingar mótmæltu því að frumvarpið yrði tekið úr nefndinni enda væru fáein mál eftir órædd.

Siguður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, segir að nefndarálit verði lagt fram á Alþingi á þriðjudag og vísast að þriðja og síðasta umræða um það hefjist samdægs. „Nú er að sjá úr hverju stjórnarandstæðingar eru gerðir þegar við réttum enn fram sáttahönd,“ segir Sigurður Kári, sem telur breytingarnar umtalsverðar og sanngjarnar.

Breytingar voru gerðar á fjór- um efnisatriðum frumvarpsins í meðförum nefndarinnar. Í fyrsta lagi er lagt til að kveðið verði á um það, líkt og í fjölmiðlafrumvarpinu, að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að eignast hluti í öðrum fjölmiðlum, dagblöðum eða útvarpsstöðvum. Með því sé áreittuð sérstaða RÚV og girt fyrir að lögin stangist á við jafnræðisreglu stjórnarskránnar.

Sigurður Kári segir að í öðru lagi sé tekinn af vafi um að verðmæti sem hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir þjóðina sé ekki hægt að selja frá hlutafélaginu heldur verði slík verðmæti varðveitt hjá félaginu.

Þá er orðið við kröfum stjórnarandstöðunnar um að hlutafélag um Ríkisútvarp verði háð upplýsingalögum. „Þetta er þjónusta í almannaþágu og nefndin telur rétt að almenningur hafi aðgang að



RÍKISÚTVARPIÐ Í breyttu frumvarpi er gert ráð fyrir að verðmæti sem hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir þjóðina verði ekki seld frá Ríkisútvarpinu hf.

gögnum um starfsemi félagsins í samræmi við ákvæði upplýsingalaga,“ segir Sigurður Kári.

Loks er kveðið á um að gerður verði þjónustusamningur milli menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins er varpi nánara ljósi á markmið hlutafélagsins og þjónustu þess. „Eftirlit Ríkisendurskoðunar með því að skattfé sé ekki notað til að niðurgreiða samkeppnisrekstur verður auðveldara með þessu,“ segir Sigurður Kári.

„Það var ekki við það komandi að ræða óvissuna varðandi Evrópuréttinn,“ segir Möður Árnason, Samfylkingunni, sem er þó ánægður með að fallist hafi verið á kröfuna um að upplýsingalögin verði lätin gilda um RÚV. „Þrátt fyrir breytingarnar er frumvarpið meingallað og við höldum fast við frávisunartillögu okkar,“ segir Möður. johannh@frettabladid.is

Dagsbrún um RÚV-frumvarp:

## Mismunun fest í lög RÚV í vil

Dagsbrún, sem á og rekur fjölmiðla 365, telur að frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. brjóti í bága við reglur sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið um ríkisástoð.

Félagið telur að verði frumvarpið að lögum verði lögfest mismunun á grundvelli þjóðernis. Erlend fyrirtæki sem vilji stofna og reka útvarpsstöð hér á landi njóti ekki sömu markaðsskiyrða og Ríkisútvarpið.

Félagið telur einnig að frumvarpið gangi gegn stjórnarskrárbundnum réttindum og samningsskyldum að rétti Evrópska efnahagssvæðisins. - jh

Japönsk fréttastöð:

## Fjallar um efnahagslíf á Íslandi

**FJÖLMIDLUN** Tveir fréttamenn frá japönsku fréttastöðinni TV Tokyo, sem aðallega flytur viðskiptafréttir, eru hér á landi til að fjalla um efnahagsástandið á Íslandi.

Í fyrradag ræddu þeir við kaupmenn í Kringlunni og í gær ræddu þeir við sérfræðinga og framámenn banka hér á landi, að sögn fréttamannsins Keichi Kuboi.

TV Tokyo hóf útsendingar árið 1964 en nær nú um nær allt Japan og hafa 34 milljónir heimila aðgang að stöðinni, sem mælst hefur með tæpra átta prósentu áhorf þar á landi. - jse



BARÁTTUFUNDUR Ákveðið var á fundi á fimmtudag að fara í verkfall. Ekkert varð úr þeim áformum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Dvalar- og hjúkrunarheimili:

## Setuverkföllin öll blásin af

**KJARAMÁL** Faglært starfsfólk á dvalar- og hjúkrunarheimilum ákvað í gær að blása vikulángt setuverkfall af. Á fimmtudag var útlit fyrir að starfsfólk sex dvalarheimila myndi hefja slík verkföll í gær en þau komu ekki til framkvæmda.

Sum heimilin náðu samkomulagi en aðrir ákváðu að ganga að launatilboði SFH án samninga. Ekki er ljóst hversu víðtækar uppsagnir starfsfólks eru en í Sunnuhlíð telur talsmaður starfsmanna að áttatíu til níutíu prósent faglærðs starfsfólks, sem er í stéttarfélaginu Eflingu, hafi þegar sagt upp. - shá

Fólk í atvinnuleit hér á landi:

## Hömlum aflétt

**ATVINNA** Tímabundnum takmörkunum á atvinnu- og búseturétti íbúa frá nýjum löndum Evrópusambandsins var í gær aflétt með lögum frá Alþingi. Þau taka gildi 1. maí næstkomandi og var leitað afbrigða til að afgreiða frumvarpið með hraði, því aðlögunarfrestur Íslands rennur út um mánaðamótin.

Fólk frá tíu löndum austanverðrar Evrópu, sem öðluðust aðild að ESB árið 2004, getur nú án hindrana leitað atvinnu og sest að hér á landi.

Frumvarpið var samþykkt með atkvæðum allra flokka nema Frjálslynda flokksins. - jh

Neysla íslenskra ungmenna á tóbaki, áfengi og kannabisefnum fer minnkandi:

## Helmingi færri reykja

**RANNSÓKN** Neysla íslenskra ungmenna á tóbaki, áfengi og kannabisefnum fer sífellt minnkandi og er nú eins og minnst þekkt í Evrópu. Hlutfall nemenda 10. bekkjar sem reykja daglega hefur lækkað út 21 prósent árið 1995 í 12 prósent og hlutfall þeirra sem neytt hafa áfengis í teljandi magni minnkaði úr 64 prósentum í 44 prósent á sama tímabili. Nemendum sem reykt höfðu hass fjölgaði úr 10 prósentum árið 1995 í 15 prósent árið 1999 en hlutfallið er nú komið á ný niður í 10 prósent.

Þessar niðurstöður eru á meðal þeirra sem fram koma í rannsókninni Heilsa og lífskjör skólánema en rannsóknin er hluti af víðamikilli alþjóðlegri rannsókn sem unnin er fyrir tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Hér á landi er rannsókninni stýrt frá Háskólanum á Akureyri



ÞÓRODDUR BJARNASON Vímuefnaneysla ungmenna fer almennt minnkandi en Þóroddur segir að þeir fáu sem neyta kannabisefna hafi heldur aukið neyslu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

og segir Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við HA, að þeir nemendur sem reykja daglega hafi minnkað reykingar sínar lítið eitt frá árinu 1995. „Þeir nem-

endur sem nota áfengi drekka jafn oft og fyrir nokkrum árum en þeir fáu sem reykja hass hafa heldur aukið neyslu sína,“ segir Þóroddur. - kk

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



✓ „Tryggjum að Reykjavíkurlugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni.“

1 sæti

Ólafur F. Magnússon, lækni og borgarfulltrúi







Gasgrill  
Outback Trooper Ex  
3000236



Gasgrill  
Outback Omega 200  
3000235

# Sumarvaran er í Húsasmiðjunni



Skjólveggur  
Nordik, 180x180 sm/160  
603225



Skjólveggur/hlið  
Vilnius, 93x80sm/95  
603305



Blómakassi  
þríhyrndur, 50x50 sm  
604015



Barnareiðhjól  
Bubbi byggir  
3899960/61  
12" 9.690  
16" 11.390



Reiðhjól 20"  
Author, Energy, 6 gíra Shimano Revoshift  
gírskiptir, álgjarðir, Artek "V" bremsur  
3899970



Reiðhjól 26"  
Author, Impulse, heavy duty ál stell, 21 gírar  
Shimano Revoshift, álgjarðir, dempari að framan  
3899973

## Gleðilegt sumar



**HÚSASMIÐJAN**  
...ekkert mál




<b>GENGIÐ</b>		
GENGI GJALDMÍÐLA 28.04.2006		
KAUP SALA		
	Bandaríkjadalur	74,54 74,9
	Sterlingspund	134,75 135,41
	Evra	93,51 94,03
	Dönsk króna	12,53 12,604
	Norsk króna	12,037 12,107
	Sænsk króna	10,051 10,109
	Japanskt jen	0,6522 0,656
SDR		109,57 110,23
Gengisvísitala krónunnar		
129,8152		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Geir H. Haarde utanríkisráðherra á fundi Atlantshafsbandalagsins í Búlgaríu:

# Aukin ábyrgð í Afganistan

**NATÓ** Íslendingar fá aftur stjórn verkefna í Afganistan. Geir H. Haarde utanríkisráðherra fór yfir störf Íslendinga í landinu á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkjanna sem haldinn var í Búlgaríu í gær.



GEIR H. HAARDE

„Við ætlum að taka aftur yfir ákveðin verkefni á flugvælinum með það fyrir augum að koma yfirstjórn hans í hendur heimamanna. Búin var til áætlun um hvernig það gæti gerst þegar við förum með stjórn

flugvallarins fyrir nokkrum misserum. Nú er unnið eftir þessari áætlun.“ Geir bætir við að Íslendingar starfi ekki aðeins á flugvælinum í Kabúl heldur séu einnig í svokölluðum uppbyggingarteymum í landinu. „Þau voru tvö en eru eitt núna sem við erum aðilar að.“

Geir segir verkefni NATO í Afganistan viðamikil. „Ókyrrðin í landinu er mikil og af ýmsum ástæðum. Afganistan byggir efna-hag sinn að stórum hluta á framleiðslu eiturlyfja. Grunnverkefnið er að hjálpa þeim út úr eiturlyfjahagkerfinu. Það kallar á stórar breytingar á samfélaginu og finna



HERNAÐUR Í AFGANISTAN Afganskir hermenn fylgdust með hátíðahöldum í landinu í gær. Fagnað var falli kommúnismans í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þarf önnur störf fyrir bændurna sem rækta eiturlyfjin.“ -gag

Sjórnæingaskip að veiðum:

# Gæslan með aukið eftirlit

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Einar K. Guðfínsson sjávarútvegsherra ræddi um ólöglegar veiðar á Reykjanes hrygg á ríkisstjórnarfundum á föstudag.

Sjórnæingjaskip hafa verið til vandræða á svæðinu og landhelgisgæslan hefur aukið eftirlit í kjölfarið. Nú skip hafa sést að undanförunu og þar af eru átta skráð undir fána Georgíu.

Að sögn Björns Friðriks Brynjólfssonar, aðstoðarmanns sjávarútvegsherra, hefur utanríkisráðuneytið haft samband við stjórnvöld í Georgíu vegna málsins og bíða nú viðbragða þaðan. -sdg

Fimm menn í varðhaldi:

# Tveir hlotið dóma hér áður

**FÍKNIEFNAMÁL** Maðurinn sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald í tengslum við innflutning á rúmlega 22 kílóum af fíkniefnum hefur áður komið við sögu lögreglu og hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot.

Fjórir aðrir menn um og yfir fertugt; Ólafur Ágúst Ægisson, Ársæll Snorrason, Hörður Eyjólfur Hilmarsson og Hollendingurinn Johan Handrick, sitja í gæsluvarðhaldi. Ólafur Ágúst er eini maðurinn af þessum fjórum sem setið hefur í fangelsi hér á landi fyrir fíkniefnabrot. Ársæll og Handrick hafa hlotið refsidóma í Hollandi en ekki hér á landi. -mh



HOSNI MUBARAK Avarpaði þjóðina í sjónvarpi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mubarak Egyptalandsforseti:

# Ætlar ekki að líða hryðjuverk

**EGYPTALAND, AP** Hosni Mubarak Egyptalandsforseti sagðist á fimmtudag ekki ætla að líða hryðjuverk í landinu, en á mánudaginn urðu þrjár sprengingar rúmlega tuttugu manns að bana í ferðamannabænum Dahab á Sínáskaga.

„Öryggi og stöðugleiki landsins eru rauð lína sem ég mun ekki leyfa neinum að fara yfir,“ sagði Mubarak í sjónvarpsávarpi. Egyptska lögreglan leitar nú vísendinga um ársarmennina, en grunur hefur ýmist fallið á bedúína á Sínáskaga eða hryðjuverkasamtök á borð við al-Kaída. -gb



LÍKLEG STAÐSETNING FYRIRHUGAÐS ÁLVERS Á þessari tölvuteikningu má sjá álverið sjálft auk hafnaraðstöðu Norðurlá. Þar yrði stórt geymslusvæði fyrir framleiðsluvörur fyrirtækisins og álsíló auk ýmissa tækja og tóla sem slíki starfsemi fylgja.

# Ekki ávísun á álver

Lóðarsamningur sá er Norðurlá hefur gert við hafnaryfirvöld í Helguvík þýðir ekki endilega að fyrirtækið byggi þar álver í framtíðinni. Ásókn er í lóðir við Helguvík og frumforsendan var að tryggja aðgengi áður en það væri um seinan.

**STÓRIÐJA** „Um er að ræða eðlilegt skref í ferlinu en ég vil ekki tjá mig um hvort þetta eykur líkurnar á að þarna risi álver í framtíðinni,“ segir Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Norðurlá. Í fyrrakvöld var undirritaður hafnar- og lóðarsamningur milli Norðurlá og Reykjaneshafnar þar sem hafnaryfirvöld skuldbinda sig til að sjá Norðurlá fyrir nauðsynlegri hafnaraðstöðu komi til uppbyggingar álvers í framtíðinni.

Ragnar vill ekki setja samsemmerki milli samningsins og þess að nýtt álver risi við Helguvík en segir að um sé að ræða nauðsynleg fyrstu skref verði það niðurstaðan á endanum. „Það þýðir lítið að byggja álver og fara síðan í framhaldinu að skoða þessi mál. Hlutina verður að gera í réttari röð og það erum við að gera. Það eru

fyrirvarar í samningnum og við getum dregið okkur út úr honum án mikils kostnaðar eftir á.“

Pétur Jóhannsson hafnarstjóri, sem kom að samningagerðinni, segir að fyrirvararnir séu nokkrir. „Verkefnið er í umhverfismati og samningar um orkukaup eru yfirstandandi. Framhaldið veltur á hvað verður þar en Norðurlá getur með litlum fyrirvara dregið sig til baka gegn ákveðnum greiðslum sem samningurinn kveður á um.“

Pétur segist sjálfur bjartsýnn á að álver risi í Helguvík í framtíðinni en að umræddur samningur hafi í raun aðeins verið til að tryggja lóðina og aðgengi að höfninni enda séu margir um hituna og í raun hafi ekki verið seinna vænna að semja. „Það mátti vart tæpara standa enda var þegar búið að úthluta hluta þessa lands og þurfti því að semja við nokkra

aðila um færslu til að þetta næðist í gegn.“

Samningurinn kveður á um að Reykjaneshöfn sjái Norðurlá fyrir hafnaraðstöðu en nauðsynlegt reynist að stækka viðlegukant hafnarinnar um 200 metra í viðbót við þá 150 metra sem höfnin er nú. Á lóð við höfnina verði Norðurlá heimilt að koma upp þeirri aðstöðu og þeim tækjabúnaði sem þeir þurfi á að halda verði af byggingu álvers auk þess sem geymslusvæði verði útbúið fyrir aðföng og framleiðsluvörur álversins á seinni stigum.

Norðurlá á nú þegar í viðræðum við Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur hvað orku til fyrirhugaðs álvers varðar en ekki er von á að umhverfismati ljúki fyrr en að ári. Fyrr verða engar ákvarðanir teknar um framhaldið. albert@frettabladid.is

Fjölmiðlakönnun Gallup:

# NFS með 23,6 prósentu áhorf

**FJÖLMIÐLAR** Uppsafnað áhorf á NFS mældist 23,6 prósent í fjölmiðlakönnun Gallup sem gerð var í mars. Þetta var í fyrsta skipti sem NFS er með í könnun Gallup.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri NFS, var ánægður með niðurstöður könnunarinnar. „Niðurstöðurnar eru í samræmi við áætlanir okkar. Við finnum fyrir miklum meðyr. Áhorf á kvöldfréttatímann var vaxandi. Framtíðarmarkmið okkar er að vera með áhorf á kvöldfréttatíma til jafns við aðalkeppinaut okkar, Ríkisútvarpið.“

Spaugstofan mældist sem fyrr vinsælasti sjónvarpsþáttur landsins með 50,6 prósentu áhorf. -mh



RADOVAN OG RATKO Radovan Karadzic og Ratko Mladic, tveir helstu leiðtogar Bosníu-Serba úr stríðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frestur að renna út:

# Mladic enn ekki fundinn

**BELGRAD, AP** Zoran Stojkovic, dómsmálaráðherra Serbíu-Svartfjallalands, sagði í gær að stjórnvöldum í landinu hefði ekki enn tekið að hafa uppi á Ratko Mladic, fyrrverandi herforingja Bosníu-Serba, sem sakaður er um stríðsglæpi.

Núna um mánaðamótin rennur út sá frestur sem Evrópusambandið hafði sett serbneskum stjórnvöldum til að afhenda hann en að öðrum kosti verður öllum viðræðum frestað um nánari tengsl landsins við Evrópusambandið. -gb

**BÍLL DAGSINS**  
**SUBARU FORESTER TURBO**  
 Nýskr 11.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 27 þús km. - Allt að 100% lán.

Verð 2.570.000,-

**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

**VEÐURSPÁ**

um hádegi »

» á morgun

» mánudagur

**HÖFUDBORGIN Í DAG**  
 Sunnanátt með einhverri úrkomu. Hiti um 9 gráður.

Kaupmannahöfn	10°C hálfskýjað	London	14°C hálfskýjað	Torreveja	22°C heiðskirt
Billund	11°C skúrir	Paris	12°C skúrir	Róm	18°C skúrir
Oslo	5°C skúrir	Frankfurt	12°C skúrir	New York	17°C heiðskirt
Stokkhólmur	12°C hálfskýjað	Madrid	20°C heiðskirt	San Francisco	19°C hálfskýjað
Helsinki	10°C heiðskirt	Barcelona	20°C heiðskirt	Orlando/Flórída	27°C hálfskýjað

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# ALLT TIL ALLS!



ALLTAF ÓDÝRT Í  
RÚMFATA-  
LAGERNUM  
AÐEINS ÓDÝRARI



## „KOS“ SVEFNSÓFI

Svefnsofi með springdýnu og rúmfatageymslu.  
St. 195 x 94 x 96 sm. Útdreginn st. 120 x 195 sm.

**25.000,-**



**2.990,-**

## „ANETA“ BÓKAHILLA

Falleg bókahilla í beykilit.  
St. H:175 x B:60 x D:24 sm.



SPARIÐ  
**8.000,-**

VERÐ ÁÐUR: 24.900,-

**16.900,-**

## „NELSON“ HÆGINDASTÓLL

Fallegur hægindastóll með innbyggðum fótaskemli.



SPARIÐ  
**7.000,-**

VERÐ ÁÐUR: 19.900,-

**12.900,-**

## „NANTES“ FATASKÁPUR

Stór og fallegur fataskápur með spegli, 3 hurðum, 3 skúffum og fallegum höldum. St. 147x202x60 sm.



**3.990,-**

## „BERN“ KOMMÓÐA

Flott kommóða í beykilit á frábæru verði. St. 70x38x100sm.  
Komdu í Rúmfatalagerinn og gerðu góð kaup!



ALLTAF ÓDÝRT Í  
RÚMFATA-  
LAGERNUM  
AÐEINS ÓDÝRARI

FRÁBÆRT VERÐ

**2.990,-**

## „TRINE“ GESTARÚM

Gott að hafa reiðubúið er gest ber að garði. Stærð 80 x 193 sm.

SPARIÐ  
**10.000,-**



VERÐ ÁÐUR: 29.900,-

**19.900,-**

## „WILMA“ STÓLL

Fallegur, mjúkur og brúnn leðurstóll með grófum saumum.  
Leður á öllum sliffötum. St. 118 sm.



St. 70x190/200 sm:

**4.990,-**



**1.990,-**

## „FINGER“ STÓLL

Frábærir fingrastólar með tauáklæði fáanlegir í tveimur litum svartur og rauður.

## PLUS F30 SVAMPDÝNUR

Vandaðar svampdýnur. Með eggjabakkalögun öðrumegin. Þykkt 12 sm.  
Stærð 90x200 sm.....**5.990,-**  
Stærð 120x200 sm.....**7.990,-**

DREAMZONE™

-góð kaup  
**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)





## KJÖRKASSINN

Viltu að Sundabraut verði lögð í jarðgöngum?

Já	59%
Nei	41%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að afnema verðtryggingar lána?

Segðu skoðun þína á visir.is



Grunaður fíkniefnasmyglari ákærður að nýju í fíkniefnamáli kenndu við Dettifoss:

# Sagður hafa fjarvistarsönnun

**DÓMSMÁL** Tryggvi Lárusson, 27 ára, hefur verið ákærður að nýju fyrir aðild sína að smygli á tæplega átta kílóum af amfetamíni en Hæstiréttur vísaði máli hans aftur í hérað í september. Tryggvi fékk sex ára fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir aðild sína að innflutningnum.

Tryggvi var ákærður fyrir þátt sinn í innflutningi á amfetamíni frá Hollandi sem flutt var hingað til lands með flutningaskipinu Dettifossi.

Við aðalmeðferð málsins í héraðsdómi bar Tryggvi því við að hann hefði ekki verið staddur í Hollandi þegar gengið var frá

kaupunum á fíkniefnunum þar í landi. Tryggvi sagðist hafa verið í Danmörku, á tónlistarhátíðinni í Hrósarskeldu, þegar gengið var frá kaupum á fíkniefnunum í byrjun júlí. Vitni staðfestu það fyrir dómi að Tryggvi hefði verið í Danmörku á tónlistarhátíðinni.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Tryggva, segir ljóst að Tryggvi hafi ekki verið í Hollandi þegar viðskiptin með fíkniefnin áttu sér stað, sé mið tekið af vitnisburði fyrir dómi. „Málinu var vísað aftur í hérað eftir að vitni sögðu Tryggva hafa verið í Danmörku þegar gengið var frá kaupnum á efnunum. Í dómi segir



**SKIPIÐ** Tvö stór fíkniefnamál hafa komið upp í tengslum við flutningaskipið Dettifoss.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að ekki sé talin ástæða til þess að draga framburð vitnanna í efa.“

Tryggvi hefur setið í gæsluvarðhaldi vegna málsins í fimmtán mánuði.

- mh

Læknafélag Reykjavíkur:

## Læknar eru ekki of margir

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki er rétt að of margir læknar starfi á Landspítalanum, að því er segir í tilkynningu frá Læknafélagi Reykjavíkur.

Tilkynningin var send vegna utandagskrárumræðna á Alþingi þar sem gefið var í skyn að á sjúkrahúsinsu ríkti ofmönun. Bent er á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar komi fram að lækna-fjöldi á Landspítalanum sé hlíðstæður því sem gerist í Bretlandi. Samkvæmt upplýsingum frá læknaamtökum Norðurlanda séu Norðmenn með flesta lækna en næstir komi Íslendingar og hin Norðurlöndin fylgi fast á eftir.

- jss

Fjögurra manna fjölskylda:

## Slapp ómeidd úr bílveltu

**BÍLVELTA** Fjögurra manna fjölskylda slapp ómeidd þegar bíll valt út af veginum skammt frá Víðidalssá.

Hjón og tvö börn þeirra komust af sjálfsdádum á heilsugæsluna á Blönduósi eftir bílveltuna. Eftir að í ljós kom að engin meiðsl hefðu orðið á fólkinu fór það á hótél á Blönduósi þar sem það gisti í fyrri-nótt.

Bíllinn var dreginn af vettvangi með kranabíl. Hann er mikið skemmdur og ókufær.

- mh

## KÓLUMBÍA

**Forsetasystir myrt** Systir fyrrverandi forseta Kólumbíu, Cesars Gaviria, var myrt í gær. Liliana Gaviria, sem var 52 ára fasteignasali, var á ferð með tveimur lífvörðum sínum þegar ráðist var á þau. Tilræðismennirnir hafa ekki fundist. Cesar leiðir nú stærsta stjórnanandstöðuflokkinn en kosningar fara fram hinn 28. maí næstkomandi.

## FRAKKLAND

**Frakkar vilja útvega fé** Frakkar ætla að nota áhrif sín á alþjóðavettvangi til að fá fjárstyrki til handa Palestínu á ný frá ríkjum og stofnunum, að sögn Jacques Chirac frakklandsforseta. Hann lét þessi orð falla fyrir fund sinn með Mahmoud Abbas, forseta Palestínunnar, í París í gær.



**UTANRÍKISRÁÐHERRAR NATO** Á fundi sínum í Búlgaríu ræddu þeir um hugsanlega stækkun bandalagsins og ýmis alþjóðamál, þar á meðal deilur Vesturlanda við írönsk stjórnvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Leggja hart að Íran

Vorfundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins lauk í Búlgaríu í gær. Ráðherrarnir vilja ganga hart að Írönum. Ráðherrarnir samþykktu þó ekki stuðning við refsiaðgerðir gegn Íran vegna kjarnorkuáætlunar landsins.

### NATO, AP

Utanríkisráðherrar NATO-ríkjanna komu sér saman um að ganga hart að Írönum til að fá þá til að hætta auðgun úrans, en féllust þó ekki á kröfu Bandaríkjanna um að hótta Írönum refsiaðgerðum.

Í gær rann út sá frestur sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafði sett írönskum stjórnvöldum til að hætta við áform sín í kjarnorkumálum. Íranar hafa lýst því yfir að þeir ætli að hunska þessar kröfur Öryggisráðsins með öllu og halda ótrauðir áfram að auðga úran, sem þeir segja eingöngu gert í friðsamlegum tilgangi.

Þrátt fyrir að utanríkisráðherrarnir hafi ekki formlega samþykkt stuðning við að Öryggisráðið ákveði refsiaðgerðir, að hluta til svo forðast megi ágreining við Rússa og Kínverja, kom fram við-

tækur stuðningur ráðherranna við stefnu Bandaríkjanna á óformlegum kvöldverðarfundi þeirra á fimmtudagskvöldið.

Tveggja daga fundi utanríkisráðherranna í Sófíu, höfuðborg Búlgaríu, lauk í gær. Þar voru línurnar lagðar fyrir næsta leiðtoga fund bandalagsins, sem haldinn verður í Riga í Lettlandi næsta haust.

Að sögn Geirs H. Haarde utanríkisráðherra er fundur utanríkisráðherranna hefðbundinn vofundur. Auk Íransmálsins ræddu ráðherrarnir ástandið í Írak og víðar í Mið-Austurlöndum. Einnig var fjallað um ástandið í Darfúr-héraði í Súdan og um stöðu mála í Afganistan, þar sem NATO er virkur aðili í uppbyggingarstarfi.

Geir segir ráðherrana einnig

hafa rætt hugsanlega stækkun bandalagsins í framtíðinni.

„Úkraína er það ríki sem er lengst komið gagnvart því að gerast aðili að bandalaginu. Lýðræðisþróun í landinu hefur verið heilmikil og nýafstaðnar kosningar eru taldar hafa verið frjálssar og farið fram með eðlilegum hætti, ólíkt því sem var í Hvíta-Rússlandi.“

Geir segir mörg önnur ríki á höttunum eftir að komast í bandalagið, þar fremst fari Króatía, Albanía, Makedónía, Úkraína og Georgía. „Bandalagið setur skilyrði um lýðræði, stjórnarfarskipulag og almenn mannréttindi.“ Ekki sé verið að tala um inngöngu í nánustu framtíð og verði af henni hafi það ekki áhrif á Ísland innan bandalagsins.

gudsteinn@frettabladid.is  
gag@frettabladid.is

Íslendingar áhugasamir um úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu:

## Seldist upp á einum degi

**FERDIR** Setið var um fjörutíu miða sem boðnir voru Íslendingum til kaups á úrslitaleik Arsenal og Barcelona í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu sem fram fer í París miðvikudaginn 17. maí. Fyrirtækið Express ferðir, dótturfélag Iceland Express, seldi miðana, sem kostuðu tæpar 140.000 krónur. Fóru þeir í sölu á fimmtudagsmorgun og voru uppseldir síðdegis sama dag. Í pakkanum eru flugferðir, hótél-gisting í tvær nætur og miði á leikinn. Flogið verður í gegnum Kaupmannahöfn.

Arnar Hafþórsson, markaðs- stjórnari hjá Iceland Express og Express ferðum, segir fyrirtækinu aðeins hafa boðist fjörutíu miðar á leikinn en eftirspurnin hafi verið miklu meiri. „Við vorum í raun heppnir að fá þetta,“ segir Arnar og bætir við að meirihluti kaupenda sé stuðningsmenn Arsenal.



**STADE DE FRANCE** Úrslitaleikurinn í Meistaradeildinni fer fram á Stade de France-leikvanginum í Saint-Denis. Leikvangurinn rúmar áttafjá þúsund manns í sæti. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Miðar á úrslitaleikinn ganga kaupum og solum á uppboðsvefnunum ebay.com og eru ódýrustu miðarnir fánlegir á rúmar 100.000 krónur. Knattspyrnuunnendur

biða leiksins með eftirvæntingu enda leika tvær skærustu stjórnur knattspyrnunnar með félagunum; Thierry Henry með Arsenal og Ronaldinho með Barcelona.

- bps

**plús**  
FERÐIR

www.plusferdir.is

Bókaðu strax  
besta verðið  
á plusferdir.is

# SumarPlús

Net-verðdæmi 25. maí

**Tenerife**  
37.330 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, á Parque de las Americas í 1 viku.

Net-verðdæmi 17., 24. maí og 21. júní

**Benidorm**  
37.998 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Buenavista og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 23. og 30. maí

**Marmaris**  
32.600 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Öz-ay og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 23. og 30. maí

**Portúgal**  
43.410 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Elimar og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 3. og 10. júlí, 21. og 28. ágúst, 18. og 25. sept.

**Krít**  
49.980 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Skala og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 16., 23. maí og 20. júní

**Mallorca**  
39.980 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Pili Lari Playa og flugvallarskattar.

Plúsferðir · Lág múla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100





**MEGANE**  
VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

# Ekki bara flottur að aftan Frumskýning í dag!

Stundin er runnin upp!

Við frumsýnum nýja Megane II línu í sýningarsal **B&L**.

Komdu og upplifðu nýtt útlit, nýjar vélar og enn betri akstursegínleika.

Opið frá klukkan 12 til 16. Silvía kemur kl. 14.



\*Bílasamningur 20% afbætur og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánaði og eru til  
Eftir 8 mánaði þessir bílarnir eru til sýningar í B&L sýningarsali.  
og gengi erlendirá mynta.

## Silvía Nótt: Ljóðatúlkun kl. 14:00

Silvía Nótt túlkar eigin ljóð í tilefni af útgáfu ljóðabókar sinnar "Teardrops of Wisdom". Stjarnan kemur ásamt fylgdarliði til B&L kl. 14:00 og mun að ljóðatúlkuninni lokinni árita 20 ljóðabækur. Ein þeirra gæti fallið þér í skaut. Það eina sem þú þarft að gera, er að koma í sýningarsalinn okkar einhvern tíma frá kl. 12 til 14 og fylla út þátttökuseðil. Allir fá Silvíu plaggöt og gos frá Pepsi. Athugið að ljóðabókin er fánleg í verslunum Hagkaupa.



Renault Megane II  
Verð frá kr. 1.860.000  
Bílasamningur kr. 19.826\*



Renault Megane II Sport Tourer  
Verð frá kr. 2.110.000  
Bílasamningur kr. 22.491\*



Renault Megane II Saloon  
Verð frá kr. 2.060.000  
Bílasamningur kr. 21.957



Renault Megane II Scenic  
Verð frá kr. 2.310.000  
Bílasamningur kr. 24.622\*



Renault Modus Comfort  
Verð frá kr. 1.730.000  
Bílasamningur kr. 18.440



Renault LAGUNA II Berline  
Verð frá kr. 2.760.000  
Bílasamningur kr. 29.418



Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is







## VEISTU SVARIÐ

1 Af hvaða tilefni eru íslensku forseta-hjónin í Svíþjóð?

2 Hvað hagnaðist Landsbankinn um marga milljarða vegna sölu á hlut sínum í Carnegie?

3 Hvaða lið leika til úrslita í Evrópu-keppni félagsliða í fótbolta?

SVÖRIN ERU Á BLS. 62

Ný skýrsla Bandaríkjastjórnar um hryðjuverk:

# Spá löngu stríði

**BANDARÍKIN, AP** Al-Kaída leiðtogar misstu einhverja stjórn á hryðjuverkanetinu á síðasta ári vegna handtöku og dauða nokkurra helstu skipuleggjenda þess, en netið er samt eftir sem áður helsta hryðjuverkaógnunin sem steðjar að Bandaríkjunum og bandamönnum þess, kom fram í skýrslu sem utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna gaf út í gær.

Ráðuneytið stendur að útgáfu þessarar skýrslu árlega, en hún tiltekur hryðjuverk um allan heim og hættuna sem Bandaríkjamenn telja af þeim stafa. Í nýju skýrslunni eru sex lönd skilgreind sem stuðningsaðilar hryðjuverka:

Kúba, Íran, Líbía, Norður-Kórea, Súdan og Sýrland. Af þeim er Íran sagt vera virkast í stuðningi við hryðjuverkamenn og er fullrytt að Byltingarvörðurinn og innanríkis- og varnarmálaráðuneyti Írana hafi beinlínis staðið að skipulagningu og stuðningi við hryðjuverk.

Í skýrslunni kom fram að um 11.000 hryðjuverk hafi verið fram- in um heim allan í fyrra og í þeim hafi 14.600 manns farist. Þó tölurnar hafi nær fjórfaldast frá árinu 2004 segja höfundar aukninguna liggja í nýrri aðferð við að telja harmleikina.

Höfundar skýrslunnar vara jafnframt við því að stríð Banda-



**HRYÐJUVERK** Ársirnir á Bandaríkin í september 2001 hafa haft víðtæk áhrif.

rikjanna gegn hryðjuverkum muni líklega standa í fjölmörg ár, því ungr róttæklingar noti netið við skipulagninguna og „óvinurinn“ sé fljótur að laga sig að nýjum aðstæðum.

- smk

Áhrif útblásturs álvers Alcoa:

# Innan viðmiðunarmarka

**UMHVERFISMÁL** Niðurstöður umfangsmikilla rannsókna á loft-dreifingu og umhverfisáhrifum frá álverinu sem nú er verið að byggja á Reyðarfirði sýna að áhrif útblásturs frá álverinu séu innan allra viðmiðunarmarka og staðla sem miðað er við.

Þetta kemur fram í frummats- skýrslu sem var kynnt í gær á blaðamannafundi.

Niðurstöðurnar sýna að áhrif útblásturs á heilsufar fólks séu hverfandi. Vistfræðileg áhætta fyrir fugla og spendýr er einnig hverfandi en hætta er á lítilsháttar breytingum á gróðri í næsta nágrenni við álverið.

- sdg

Ragnheiður Hergeirsdóttir S-lista:

## Viðhalda aðdráttaraflinu

Ragnheiður Hergeirsdóttir framkvæmdastjóri skipar efsta sæti lista Samfylkingar og hefur setið í bæjarstjórnarmeirihluta ásamt Framsóknarflokknum. Fjölskyldumálin eru efst á baugi hjá S-lista. „Við viljum setja aðgerðaáætlun í málefnum aldraðra,“ segir Ragnheiður og bætir við að S-listinn vilji að málefni aldraðra færist til sveitarfélaga því ekki fari vel á að þjónustan sé á hendi tveggja stjórnsýslustiga. „Það er alvarlegt ástand í málefnum aldraðra í dag.“

S-listinn vill að sögn Ragnheiðar fara í framtíðaruppbyggingu á fristundasvæðum ásamt viðhaldi á þeim sem fyrir eru. „Í skipulagsmálum þarf að taka mið af því að byggð geti þróast í öllu sveitarfélaginu svo það hafi áfram það aðdráttarafl sem það hefur haft.“ Ragnheiður segir S-lista vilja efla nám á öllum stigum og háskólamálin séu þar ofarlega á baugi. Núna velti það á samkomulagi við ríkið að íbúar Árborgar geti stundað háskólanám í heimabyggð.

Eypór Arnalds D-lista:

## Vilja lágmarka álögur

Eypór Arnalds framkvæmdastjóri, sem leiðir lista sjálfstæðismanna í Árborg, segir að markmið Sjálfstæðisflokksins sé að fara úr því að vera minnsti flokkurinn í bæjarstjórn yfir í að verða sá stærsti en Eypór hefur setið einn í minnihluta á kjörtímabilinu.

Þau þrjú mál sem D-listi setur á oddinn í kosningabaráttunni snúa að því að taka á fólksfjölguninni og lækkun álagna á heimili og fyrirtæki og taka aðalskipulagið til endurskoðunar. Eypór segir bæjarstjórnarmeirihlutann hafa stórlega vanmetið íbúafjölgunina. Þörf sé á endurskoðun aðalskipulags til að mæta þessari fólksfjölgun. „Við viljum taka á móti þeim straumi sem er að koma til Árborgar og bjóða upp á viðeigandi þjónustu.“ Einnig vilja sjálfstæðismenn lágmarka álögur á heimili og fyrirtæki svo þau verði samkeppnisfær við vaxtarsvæðin í Reykjanesbæ og á Akranesi.



Jón Hjartarson V-lista:

## Stofnun háskólaseturs

Jón Hjartarson fyrrverandi framkvæmdastjóri er efstur á lista Vinstri grænna. Helstu stefnumál V-lista eru umhverfis- og skipulagsmál, menntamál og fjölskyldumál og telur Jón mikið verk að vinna í þessum málaflokkum. Jón segir þörf á heildstæðri stefnumótun í umhverfismálum og segist sjá fyrir sér að Árborg geti orðið leiðandi sveitarfélag í umhverfismálum. „Við viljum gera úttekt á stöðu umhverfismála í Árborg til að sjá hver staðan er.“ V-listi vill stofna háskólasetur Suðurlands í Árborg sem verði sjálfseignarstofnun.

„Setrið gæti orðið nokkurs konar regnhlíf fyrir allar vísindastofnanir á Suðurlandi.“ Jón segir mikið af úrlausnarefnum fylgja þeirri bylgju fólksfjölgunar sem hefur verið í Árborg og mikilvægt sé að auka atvinnustarfsemi á svæðinu. „Við leggjum áherslu á eflingu matvælaframleiðslunnar á grundvelli þess að við erum í miðju öflugasta landbúnaðarhéraðs Íslands.“



Þorvaldur Guðmundsson B-lista:

## Öflug uppbygging áfram

Þorvaldur Guðmundsson framhaldsskólakennari leiðir lista Framsóknarflokks í Árborg.

Þorvaldur hefur setið í meirihluta bæjarstjórnar á kjörtímabilinu ásamt Samfylkingunni og segir stefnu B-lista að halda áfram þeirri uppbyggingu sem verið hafi á nánast öllum sviðum. „Okkur hefur tekist að gera þetta sveitarfélag mjög eftirsótt og hröð uppbygging hefur til dæmis átt sér stað í skólumálum.“ Þorvaldur segir að biðlistar á leikskóla séu horfnir og með nýjum leikskóla sem er í byggingu verði leikskólarmál tryggð til nokkurra ára. Auk menntamála leggur B-listi áherslu á fjölskyldumál, öldrunarmál og skipulags- og umhverfismál. „Við höfum nýlengi við nýtt aðalskipulag sem er framsækið og áhugavert. Aðalnýngin er svonefnd búgarðabyggð sem er alveg nýr valkostur í búsetu.“ Þorvaldur segir mikla samvinnu hafa verið við ríkið og nefnir sérstaklega hjúkrunarmál og samgöngumál.



**SELFÖSS Á BÖKKUM ÖLFUSÁR** Selfoss er stærsti byggðarkjarninn í Árborg og fjölgaði íbúum þar um 7,9 prósent árið 2005.

Fjórir flokkar hafa boðað framboð í Árborg:

# Íbúum hefur fjölgað mikið síðustu ár

**KOSNINGAR** Fjórir framboðslistar eru komnir fram í Árborg: B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks, S-listi Samfylkingar og V-listi Vinstri grænna. Bæjarstjórn er skipuð níu fulltrúum.

Gífurleg fólksfjölgun hefur átt sér stað í Árborg á kjörtímabilinu og var hún 6,7 prósent árið 2005. Leiðtogar listanna eru sammála um að helstu vandamál Árborgar séu afleiðingar vaxtarverkja íbúafjölgunarinnar. Framsóknarflokkur og Samfylking hafa setið saman í bæjarstjórnarmeirihluta á kjörtímabilinu og hafa meðal annars flýtt áætlunum í skólumálum til að bregðast við fjölguninni. Sjálfstæðisflokkur hefur setið einn í minnihluta á kjörtímabilinu og hafa ekki brugðist nógu skjótt við fjölguninni. Einnig segja sjálfstæðismenn ekki nóg að kenna ríkisvaldinu um og sveitarfélagið verði að taka ábyrgð á vextinum. Aðspurðir um ágreining milli flokka segja allir hinir leiðtogarnir að lítið sé um ágreining en allir

**SVEITARSTJÓRNAR- KOSNINGAR** Árborg 2006

gagnrýna þeir D-lista. Jón segir sjálfstæðismenn vera með óábyrga stefnu um skattalækkanir. Þorvaldur segir þá hafa skammast yfir jarðakaupum bæjarstjórnar sem miði að því að tryggja byggingarland og Ragnheiður segir gagnrýni sjálfstæðismanna á nýtt skipulag vera málalímbúnað.

Miklar breytingar eru á efstu sætum lista Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna. Hjá D-lista eru nýir menn í öllum efstu fimm sætum og hjá V-lista eru nýir menn í öllum sætum nema öðru sæti. Hjá Samfylkingunni kemur einn maður nýr inn á lista sem skipar fjórða sætið og oddviti listans dregur sig í hlé. Hjá Framsóknarflokknum kemur einnig nýr maður inn í fjórða sætið og sú sem þar sat seinast færir sig upp í þriðja sæti.

sdg@frettabladid.is

## ÁRBORG

Árborg varð til árið 1998 með sameiningu Eyraðakahrepps, Stokkseyrarhrepps, Sandvíkurhrepps og Selfoss. Íbúafjöldi sveitarfélagsins var 7.002 12. janúar.

**Sveitarstjórnarkosningar 2002**  
4.277 á kjörskrá vorið 2002. 3.564 greidd atkvæði, 83,3% þátttaka.  
100 auð eða ógild atkvæði.  
**Listi Framsóknarflokksins (B)**  
963 atkv., 3 fulltr.  
**Listi Sjálfstæðisflokksins (D)**  
869 atkv., 2 fulltr.  
**Listi Samfylkingarinnar (S)**  
1.412 atkv., 4 fulltr.  
**Listi Vinstri hreyfing.- græns framb. (U)**  
220 atkv., 0 fulltr.

B-listi Framsóknarflokks og S-listi Samfylkingarinnar mynda meirihluta í bæjarstjórn Árborgar.

**Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn:** 9  
**Bæjarfulltrúar Framsóknarflokks**  
Þorvaldur Guðmundsson  
Einar Pálsson  
Margrét K. Erlingsdóttir

**Bæjarfulltrúar Samfylkingar**  
Ásmundur S. Pálsson  
Torfi Áskelsson  
Ragnheiður Hergeirsdóttir  
Gylfi Þorkelsson

**Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks**  
Páll Leó Jónsson  
Halldór Valur Pálsson

**Bæjarfulltrúar vinstri grænna**  
Enginn, náðu ekki inn manni

**KOSNINGAR 2006**

**Efstu menn B-lista**

1. Þorvaldur Guðmundsson b.fulltrúi, kennari  
2. Margrét K. Erlingsd. b.fulltrúi, atvinnurek.  
3. Björn Bjarnald Jónsson framkvæmdastjóri  
4. Kristín Eiríksdóttir leikskólustjóri  
5. Helgi Haraldsson svæðisstjóri

**Efstu menn S-lista**

1. Ragnheiður Hergeirsd., b.fulltrúi, framkv. stj.  
2. Gylfi Þorkelsson, b.fulltrúi, kennari  
3. Þórunn Elva Bjarkad. stjórnsmálafr., kennari  
4. Böðvar Bjarki Þorsteinsson aðst.skólástj.  
5. Torfi Áskelsson b.fulltrúi, framkvæmdastjóri

**Efstu menn D-lista**

1. Eypór Arnalds framkvæmdastjóri  
2. Þórunn Jóna Hauksdóttir framhaldsskólak.  
3. Snorri Finnlaugsson svæðisstjóri  
4. Elfa Dögg Þórðardóttir garðyrkjufræðingur  
5. Grímur Arnarson framkvæmdastjóri

**Efstu menn V-lista**

1. Jón Hjartarson, fyrrverandi framkvæmdastj.  
2. Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólástjóri  
3. Sigrún Þorsteinsdóttir, grunnskólakennari  
4. Alma Lisa Jóhannsdóttir, deildarstjóri  
5. Andrés Rúnar Ingason, húsvörður



**LÉTTUR Á BÁRUNNI  
Á SKEMMTIBÁT FRÁ OKKUR**

www.velasalan.is

**Bátasýning 29.04–01.05**

Dreymir þig um sportbát, hraðbát, skemmtisnekku, vatnabát, sjóbát eða gúmmibát? Komdu og vertu fyrir þér glæsilegustu skemmtibáta landsins í öllum stærðum og gerðum á bátasýningu okkar að Ánanaustum 1. **Opið laugardag, sunnudag og mánudag frá kl. 10–17.**



**R. SIGMUNDSSON**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 580 5300





# ÖLL GARÐHÚSGÖGN 20 % AFSLÁTTUR

TIL 1. MAÍ



Weber - Sterling  
**Góð grill**  
- fyrir vandláta!

**TILBOÐ**



Ensk pelargonia **1.190 kr.**

**TILBOÐ**



Sólblóm **695 kr.**

**TILBOÐ**



Stór Margarita **995 kr.**

**TILBOÐ**



Himalaeinir **995 kr.**

**KYNNINGARTILBOÐ**



Turbokalk  
**990 kr**

**TILBOÐ**



Pallahitari  
**20 % afsláttur**

**TILBOÐ**



Viking hekkklippur  
**15 % afsláttur**



Mold og túnþökur  
i kerruna!  
Afgreitt  
til kl. 18.00  
alla daga.

**GARÐÁHALDATILBOÐ VEGNA HREINSUNARDAGA!**



**GÓÐ RÁÐ  
GARÐHEIMA:**

Nú er rétti tíminn til að strá Casoron til að halda illgresi í skefjum. Stráð á hreinan jarðveg; 1 kg dugur á ca. 100 m<sup>2</sup>.



**GARÐHEIMAR**

*allt í garðinn á einum stað!*

Stekkiarbakka 6 - skiptiborð 540 3300 - [www.gardheimar.is](http://www.gardheimar.is)



**GÓÐ RÁÐ  
GARÐHEIMA:**

Vorverkin:  
1) raka grasflötina og fjarlægja mosa  
2) dreifa turbokalki: 12 ½ kg á 150 m<sup>2</sup>  
3) blanda grasfræi í sand/mold og dreifa þar sem þarf  
4) halda flötinni rakri meðan fræin spíra  
5) gefa bláskorn eftir hálfan mánuð og aftur mánuði seinna: 5 kg. á 100 m<sup>2</sup>



## 10 grunnreglur™

Tveggja daga námskeið fyrir byrjendur

Á námskeiðinu er farið yfir grundvallaratriði þess hvernig þú öðlast heilbrigða matarlyst, greinist og viðheldur kjörbyngd, lærir að meðhöndla hráefni og matreiða bragðgott heilsufæði, uppgötvir hvernig rétt næring virkar í líkamanum, færð leiðbeiningar um notkun bætiefna, frábærar uppskriftir og leiðbeiningar um mataráætlun.

Bókun í síma 692 8489 eða á [namskeid@10grunnreglur.com](mailto:namskeid@10grunnreglur.com)  
Nánari upplýsingar á [www.10grunnreglur.com](http://www.10grunnreglur.com)

Verð aðeins 10.000 kr. Innifalinn er dýrlegur málsverður, gögn, uppskriftir, góð ráð og afsláttur í Heilsuhúsinu.

Kennarar: Þorbjörg Hafsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og næringarþerapisti D.E.T. og Umahro Cadogan, matlistamaður af guðs náð.

Námskeiðið fer fram þriðjudaginn 2. og fimmtudaginn 4. maí frá 19.00 til 23.00 í Heilsuhúsinu Smáratorgi.



## Náttúruborgin Reykjavík

Fundur um borg og náttúru

Gestur fundarins Hrefna Sigurjónsdóttir formaður Reykjanesfólkvangs

Kosningamiðstöðinni Suðurgötu 3 í dag laugardag kl 14:00

Stöndum vörð um Reykjanesfólkvang



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

Árni Þór Sigurðsson stjórnar fundinum

## PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF.TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is

Rekstur Landspítala - háskólasjúkrahúss í jafnvægi:

# Greiddu 500 milljóna skuldir

**HEILBRIGÐISMÁL** Skuldir Landspítala - háskólasjúkrahúss voru greiddar niður um hálfan milljarð á síðasta ári. Jafnvægi náðist í rekstri spítalans, að því er fram kom á nýafstöðnum ársfundi hans.

Fjárheimildir og sértekjur ársins námu tæpum 29 milljörðum og heildargjöld rúmum 29 milljörðum á árinu 2005. Gjöld umfram tekjur voru 33 milljónir.

Þá kom fram að raunkostnaður við rekstur LSH hefði verið óbreyttur í sex ár.

Heimsóknunum á dag- og göngu- deildir spítalans hefur fjölgað árlega í takt við fækkun innlagna á sólarhringsdeildir spítalans og



ÁRSFUNDUR 2006 Þau kynntu rekstrarstöðu Landspítalans f.v. Jóhannes M. Gunnarsson, Anna Lilja Gunnarsdóttir og Magnús Pétursson.

styttri meðallegutíma. Þá hefur heimsóknunum á slysa- og bráðamóttökur spítalans einnig fjölgað á hverju ári. Skurðaðgerðum hefur fjölgað ár frá ári og hjartaþræðing-

um og kransæðavíkkunum hefur fjölgað umtalsvert. Meiri afköst spítalans skila sér í styttingu nánast allra biðlista eftir þjónustu hans. Í mörgum sérgreinum er alls engin bið, í öðrum er vinnulisti sem er styttri en þrjú mánuðir og í örfáum sérgreinum er bið of löng þótt hún hafi styst umtalsvert. - jss

### Rekstrargjöld 2000-2005

2000	6.229.705
2001	6.454.168
2002	6.534.318
2003	7.024.599
2004	6.730.474
2005	6.981.865

\* Á föstu verðlagi 2005 í þús. kr.

# Flugvöll á Hólmsheiði

Frambjóðendur vinstri grænna í borgarstjórnarkosningum vilja að nýr flugvöllur verði settur niður á Hólmsheiði. Þá vilja þeir Miklubrautina í stokk, endurmat á staðsetningu byggingar Landspítala og eflingu almenningsamgangna.

**STJÓRN MÁL** Nýr Reykjavíkflugvöllur verði byggður í austurjaðri borgarinnar, á Hólmsheiði, með góðum tengingum við Suðurlandsveg, Reykjanesbraut og Vesturlandsveg. Staðsetning og umfang nýs Landspítala - háskólasjúkrahúss verði endurmetin og Miklubraut verði lögð í stokk milli Snorrabrautar og Kringlumýrabrautar.

Þessi atriði eru meðal stefnumála umfangsmikillar málefna-skrár sem frambjóðendur Vinstri grænna til borgarstjórnarkosninga kynntu á fundi með blaðamönnum í gær.

„Hvað varðar Landspítalann hafa á undanförunum mánuðum komið fram athugasemdir, sérstaklega frá heilbrigðisstarfsfólki, um þessa miklu uppbyggingu sem fyrirhuguð er,“ sagði Árni Þór Sigurðsson. „Nær sé að nota þessa fjármuni frekar í uppbyggingu grunnþjónustu, svo sem í heilsugæslunni, á hjúkrunarheimilum og þess háttar. Við teljum að þessi sjónarmið eigi það skilið að farið sé yfir þessa hluti aftur. Íbúasamtök í næsta nágrenni hafa bent á að umfang byggingarinnar sé allt of mikið og passi ekki inn í þann mælikvarða sem gamla byggðin í Þingholtunum er.“

Á meðal annarra stefnumála Vinstri grænna er að efla hjólræið-



FRAMBJÓÐENDUR VINSTRI GRÆNNA Fístu menn á lista frambjóðenda vinstri grænna til borgarstjórnarkosninganna komandi kynntu stefnuskrá sína á fundi með fréttamönnum í gær.

ar í höfuðborginni og leggja brautir meðfram öllum meginleiðum. Jafnframt verði stuðlað að stórbættum almenningsamgöngum. Á fundinum kom fram að nágrenna-sveitarfélögin, utan Hafnarfjarðar, hefðu ekki gengið í takt við Reykjavíkurborg hvað varðaði aukin útgjöld vegna bættrar þjónustu Strætó bs. Í máli Þorleifs Gunnlaugssonar kom fram að vilji stæði til þess hjá Vinstri grænum að endurvekja Strætisvagna Reykjavíkur ef ekki yrði breyting á í þessum þætti samstarfs þeirra sveitar-

félaga sem standa að rekstri Strætó bs.

Svandís Svavarsdóttir, oddviti listans í borgarstjórnarkosningum, lagði áherslu á að málefna-skrá VG byggði á félagslegu réttlæti og aðgengilegu samfélagi þar sem takmarkið væri að allir fengju lifað með reisn alla ævi.

„Lykilorð Vinstri grænna eru þátttaka, lýðræði, aðgengi,“ sagði hún og bætti við að mikill slagkraftur væri í framboði VG til borgarstjórnarkosninganna komandi.

jss@frettabladid.is



## Nýr Camp-let tjaldvagn á sérstöku tilboði!

Ef þú tryggir þér nýjan Camp-let tjaldvagn fyrir 15. maí fylgja aukahlutir að verðmæti 25.000 með. Enn ein ástæðan til að tryggja sér þennan einstaka tjaldvagn.



GÍSL JÓNSSON  
Kleithálsi 13 // s. 587 6644 // [www.gisli.is](http://www.gisli.is)



LEIÐTOGAFUNDUR NATO Í BÚLGARÍU Fyrirverandi forsætisráðherra Spánar vill að NATO beini kröftum sínum fyrst og fremst gegn herskáum íslamistum og hryðjuverkasmáttökum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jose Maria Aznar, fyrirverandi forsætisráðherra Spánar:

## Vill Ísrael í NATO

**JERÚSALEM, AP** Jose Maria Aznar, fyrirverandi forsætisráðherra Spánar, vill að gerðar verði miklar breytingar á Atlantshafsbandalaginu með það að markmiði að bandalagið geti beint kröftum sínum gegn herskáum íslamistum. Aznar vill meðal annars að þremur ríkjum, Ísrael, Japan og Ástralíu, verði veitt aðild að bandalaginu til þess að auðveldara verði að ná fram þessu markmiði.

Aznar víðræði þessar hugmyndir sínar í grein sem birt var í ísraelsku tímariti á fimmtudag, sama dag og leiðtogafundur NATO hófst í Sófíu, höfuðborg Búlgaríu. Þar hittust utanríkisráðherrar allra

NATO-ríkjanna, þar á meðal Geir Haarde.

„NATO verður að átta sig á þeim breytta veruleika sem við búum við í hernaðarmálum, að við eigum í stríði vegna þess að óvinir okkar hafa lýst því yfir gegn okkur,“ skrifar Aznar, sem var forsætisráðherra Spánar árin 1996 til 2004.

Andstæðingurinn sem Aznar talar um er herská samtök íslamista á borð við al-Kaída.

„Það er nauðsynlegt að vernda gildismat okkar og lífsmáta gegn nýrri hættu: íslamskri öfgastefnu og hryðjuverkastefnu,“ segir Aznar í grein sinni. - gb





HUMMER



1. útdráttur  
9. maí

# Milljónir króna í hverri viku

Aðalvinningar á einfaldan miða:  
6 Hummer H3 jeppabifreiðar  
6 vinningar á 5 milljónir hver  
20 vinningar á 3 milljónir hver  
72 vinningar á 2 milljónir hver  
Heildarfjöldi vinninga 26.134

Allir vinningar  
**skattfrjálsir**

Aðalvinningar á tvöfaldan miða:  
6 Hummer H3 jeppabifreiðar  
+ 5 milljónir í skottinu  
10 vinningar á 6 milljónir hver  
36 vinningar á 4 milljónir hver  
Heildarfjöldi vinninga 52.268

Ágóði af happdrætti DAS rennur til uppbyggingar dvalarheimila aldraðra.  
Taktu þátt því þörfin er brýn.

Opið í aðalumboði um helgina frá 10-20. Síminn er 561 7757 eða pantið á [das.is](http://das.is)

Hringdu núna  
**561 7757**  
Kíktu á netið  
**[www.das.is](http://www.das.is)**

**Sýningarbíll** verður  
í Smáralindinni um helgina

HAPDRÆTTI



-vinnur í hverri viku

Bílaínflytjandi

**ISOBAND.IS**  
BÍLAÍNFLYTNINGUR



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.575 -0,79% Fjöldi viðskipta: 312  
Velta: 3.022 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ Flaga +9,91%  
Atlantic Pet. +8,95%  
Atorka +3,45%

## MESTA LÆKKUN

↓ KB banki -1,43%  
Straumur-Burðarás -1,17%  
Marel -0,95%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 60,50 -0,33% ... Alfesca 3,90 -0,76%... Atorka 6,00 +3,45% ... Bakkavör 49,10 +0,20% ... Dagsbrún 5,64 +0,00% ... FL Group 19,40 -0,51% ... Flaga 3,77 +9,91% ... Glitnir 17,00 +0,00% ... KB banki 760,00 -1,43% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 22,00 -0,90% ... Marel 72,90 -0,95% ... Mosaic Fashions 18,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,90 -1,17% ... Össur 109,50 -0,45%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn ...

## FlyMe „hækkar“ um ellefu þúsund prósent

Ekki er örgrannt um að margir hluthafar í sænska lággljaldflugfélaginu FlyMe hafi fengið vægt áfall þegar þeir skoðuðu gengi félagsins í gær. Hafði félagið hækkað um 11.000 prósent rétt áður en markaðir lokuðu. Þetta átti sér allt eðlilegar skýringar þar sem hlutabréf félagsins höfðu verið færð niður hundraðfalt þannig að hluturinn hækkaði úr fjórum sænskum aukum í um það bil fjórar sænskar krónur. Jafnframt var þetta lokahnykkurinn á stórfelldri hlutafjárukingu FlyMe sem hefur valdið miklum heilabrotum um gjörvalla heim með þeim afleiðingum að margir hafa stórgætt á misskilningi – eða glópsku – annarra. Þannig seldu margir hluthafar í gær þegar gengi fór úr 0,04 í 3,4, eflaust þar sem þeir hafa haldið að þeir hefðu grætt svo mikið, en svo var auðvitað



ekki. Þeir sem keyptu aftur á móti stógræddu því gengið fór hæst í 5,1 eftir hádeg! Það er fimmtíu prósent sveifla frá lægsta gildi til þess hæsta.

## Toppnum náð


Dagens Industri tinar til fáein atriði sem benda til þess sænski hlutabréfmarkaðurinn fari ekki hærra upp á við. Skýrt merki um fallið framundan er að ekki dugi að bóka samdægurs borð á finustu veitingastöðum Stokkhóms heldur verði að panta með tveggja daga fyrirvara. Blaðið nefnir einnig tæknigreiningu, innstreymi áhættufjármagns, alþjóðavæðingu, fyrirtækjasamruna og stressið og sveiflurnar á íslenska markaðnum sem dæmi um að nú fari allt á versta veg. Síðast en ekki síst bregðast margir lesendur illa við þegar blaðamenn skrifa greinar og vara við miklum verðhækkunum.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Fríblað Dagsbrúnar í Danmörku á að heita Nyhetsavisen, sem er bein þýðing á Fréttablaðinu. Morten Nissen Nielsen hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri blaðsins.

Lánasýsla ríkisins tilkynnti í gærmorgun að fyrsta áfanga í uppkaupum á RIKB07 væri lokið. Keypt voru bréf fyrir 2.445 milljarða króna að markaðsvirði.

Fjármálaeftirlitið veitti í gær Samson Global Holdings heimild til að fara með virkan eignarhlut yfir tuttugu prósentum í Straumi Burðarás fjárfestingabanka.



## MUNIÐ MANCHESTERTÓNLEIKANA

Í LAUGARDALSHÖLL 6. MAÍ FRÁ KL. 17:30–00:00

2.600 KR. Í STÆÐI  
3.700 KR. Í STÚKU

Miðasala á midi.is, í BT og í verslunum Skifunnar.



WWW.ICELANDAIR.IS

## Gengið frá sölu Orkla Media eftir sumarfrí

Í seinni hluta vikunnar rann út frestur sem gefinn var til að bjóða í norsku fjölmiðlasamsteypuna Orkla Media. Forstjóri samsteypunnar gefur ekki upp hve margir buðu en vitað er um einn sem hefur áhuga á Noregshluta starfseminnar.

Á fimmtudag rann út frestur til að bjóða í norsku fjölmiðlasamsteypuna Orkla Media. Fréttastofan Ritzau hefur í gær eftir Dag J. Opedal, forstjóra Orkla, að ekki verði gefið upp hversu margir hafi boðið í félagið og að félagið muni taka sér góðan tíma í að meta stöðuna.

Opedal segir að ekki verði tekin afstaða til tilboða fyrr en að afloknum sumarfríum og því tæpast mikilla fréttu að vænta af sölu félagsins að sinni.

Eignarhaldsfélagið Dagsbrún hefur verið orðað við kaup á Orkla, en Dagsbrún á meðal annars



**HÖFUÐSTÖÐVAR NORSKU FJÖLMIÐLASAMSTEYPUNAR ORKLA MEDIA** Orkla er með viðtæka útgáfustarfsemi í Noregi, Svíþjóð, Danmörk, Finnlandi, Þýskalandi, Póllandi, Litháen og Úkraínu. MYND/ORKLA MEDIA

Fréttablaðið og aðra miðla 365. Félagið hefur þegar hafið útrás á Norðurlöndum með stofnun félags um útgáfu fríblaðs í Danmörku á borð við Fréttablaðið. Önnur félög sem talin eru hafa áhuga á Orkla eru Bonnier í Svíþjóð, Axel Springer í Þýskalandi og Agora í Póllandi. Þá greindi Times frá því fyrir helgi að Candover, Apex Partners og Providence Equity Partners væru að undirbúa tilboð í Orkla. Verðið er talið munu fara yfir 90 milljarða íslenskra króna.

Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, sagðist ekkert vilja gefa upp um hvort félagið hefði boðið eða hygðist bjóða í Orkla Media. „Þessi loka-dagsetning sem þarna var sett fram er hins vegar meira til viðmiðunar og fyrstu tilboð alveg óbindandi,“ bætti hún við.



DAG J. OPEDAL, FORSTJÓRI ORKLA MEDIA

Ritzau hefur hins vegar heimildir fyrir einu tilboði sem sent hafi verið inn í hluta Orkla undir hatti Fire Store. Það er félagsskapur svæðisritanna Bergens Tidende, Adresseavisen, Stavanger Aftenblad og Fædrelandsvennen sem vill eignast Orkla Dagpresse í Noregi en hefur ekki áhuga á annarri útgáfu á borð við pólsk og dönsk dagblöð eða vikublöðum á borð við Hjemmet. olikr@frettabladid.is

## Hjólbarða í rétta rás



Við kaup á hjólbörðum er innheimt úrvinnslugjald. Það er notað til að greiða fyrir meðhöndlun, endurnýtingu eða förgun hjólbarða eftir að notkun þeirra lýkur. Einstaklingar og fyrirtæki geta því skilað ónýtum hjólbörðum án þess að greiða sérstakt gjald fyrir eyðingu eða förgun þeirra.



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

www.urvinnslusjodur.is

## Veðja á krónuna

Segja tal um fjármálakreppu út úr korti.

„Sjattar í eldfjallinu“ er yfirskrift nýrrar skýrslu greiningardeildar alþjóðlega fjárfestingarbankans HSBC um krónuna og horfur í efnahagsmálum hér. HSBC er einn af stærstu bönkum í heimi og var ráðgjafi einkavæðingarnefndar um sölu ríkisbankanna árið 2002.

Skýrsla greiningardeildarinnar kom út á þriðjudag í kjölfar heimsóknar fulltrúa bankans hingað til lands, en hér hittu þeir bæði fólk úr fjármálageiranum og frá hinu opinbera.

„Eftir heimsóknina er okkar tilfinning að líkur á frekara gengisfalli krónunnar séu litlar til skemmri tíma litið,“ segir í skýrslunni. Tekið var fram að mælt væri með kaupum á krónu og greint frá því að bankinn hefði keypt krónur fyrir jafnvirði fimm milljóna dollara í myntkörfu evru og dollara í hlutföllunum 60-40.

Bankinn segir að þrátt fyrir að mörg útgefin krónubréf séu til



**MERKI HSBC** Greiningardeild HSBC segir áhyggjur af fjárhagsstöðugleika hér hafa verið ýktar. NORDICPHOTOS/APP

innlausnar í haust hafi stór hluti útgefenda þegar innlest bréf sín með samningi og því verði lækkunaráhrif á krónuna minni. Þá er vísað til yfirlýsinga Seðlabankans um áframhaldandi vaxtahækkunir og að hér virðist menn enn hafa trú á gjaldmiðlinum. Sömuleiðis segir bankinn áhyggjur af fjárhagsstöðugleika hér ýktar og að áhrifa af hækkanði heimsmarkaðsverði olíu gæti í minni mæli hér en annars staðar. - óká



## Kopar hækkar um þriðjung

Heimsmarkaðsverð á kopari hefur hækkað um þriðjung í apríl, sem er mesta hækkingin í einum mánuði frá því í nóvember árið 1987.

Síðustu hækkanir eru raktar til verkfalls námuvorkamanna í Chile og eykur það áhyggjur manna um að ekki náist að framleiða upp í árlega heimsmarkaðsþörf, 17,8 milljónir tonna.

„Framboðshliðin mun halda áfram að líða fyrir raskanir,“ segir miðlarinn Kevin Tuohy í samtali við Bloomberg. Tonnið af kopari hefur farið hæst í 7.385 dali í apríl.

Fjárfestingarsjóðir eiga sinn þátt í þeim hækkingum sem hafa orðið á kopari og öðrum málum þar sem þeir telja að málmarnir hækki meira en verðbréf. - eþa



**PENSLA Í EVRÓPU** Trú þegna Evrópu-sambandsins á efnahagslífið hefur ekki mælst meiri í fimm ár. Á sama tíma eykst verðbólga hröðum skrefum.

## Trú evrópskra neytenda eykst

Vísitala sem mælir trú stjórnenda og neytenda evrulandanna tólf á efnahagslífið hefur ekki mælst hærrí í fimm ár og hækkaði í 105,3 í apríl úr 103,6 í mars.

Á sama tíma hefur verðbólga í löndunum aukist meira en búist var við. Á vefsíðu Bloomberg er sagt frá því að tölur frá Hagstofu Evrópusambandsins sýni að verð á neyslavörum hafi hækkað um 2,4 prósent frá því í apríl á síðasta ári. Þetta styrki spár um að Seðlabanki Evrópu muni fljótlega hækka stýrivexti. Bankinn hafi tvisvar hækkað stýrivexti frá því í byrjun desember á síðasta ári og sérfræðingar eigi nú jafnvel von á 50 punkta hækkingu til viðbótar. - hhs

## Útgerðin nær forskoti

Norska útgerðarfélagið Aker Seafoods hagnaðist um 33 milljónir norskra króna, eða 400 milljónir íslenskra króna, á fyrsta ársfjórðungi. Á sama tíma í fyrra nam hagnaður fyrirtækisins 39 milljónum norskra króna.

Rekstarhagnaður fyrir afskriftir var 67 milljónir norskra króna og framlegðarhlutfallið ellefu prósent samanborið við 12,5 prósent á sama tíma í fyrra.

Rekstrarskilyrði í norskum sjávarútvegi eru nokkuð erfið, olíuverð helst hátt og norska krónan hefur styrkst um tuttugu prósent gagnvart íslensku krónunni frá ársbyrjun, sem veitir íslenskum framleiðendum forskot í samkeppninni. Stjórnendur Aker eru tiltölulega bjartsýnir fyrir árið og spá hagnaði upp á 50-80 milljónir norskra króna.

Skuldabréf Aker Seafoods eru skráð í Kauphöll Íslands en stærsti hluthafinn er norskur athafnamaðurinn Kjell Inge Røkke. Félagið byggir starfsemi sína á þremur einingum: veiðum, landvinnslu í Noregi og landvinnslu í Danmörku. - eþa



**KJELL INGE RØKKE** Stjórnendur Aker Seafoods telja að íslenska útgerðin nái forskoti vegna veikingar krónunnar.

## Methalli á viðskiptum

Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um 13,4 milljarða króna í mars. Vörur voru fluttar út fyrir 19,9 milljarða króna en inn fyrir 33,3 milljarða króna. Í mars í fyrra var vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 6,3 milljarða á föstu gengi.

Fyrstu þrjú mánuði ársins voru vörur fluttar út fyrir 48,8 milljarða króna en inn fyrir 80,7 milljarða króna. Vöruskiptahalli við útlönd nam tæpum 32 milljörðum króna en á sama tíma í fyrra var hann óhagstæður um 15,3 milljarða króna á sama gengi, að sögn Hagstofunnar.

Sjávarafurðir voru 58 prósent alls útflutnings og iðnaðarvörur 38 prósent en verðmæti þeirra var 12,4 prósentum meira nú en á sama tíma í fyrra, aðallega vegna



**NÝIR BÍLAR** Vörur voru fluttar út fyrir 19,9 milljarða í síðasta mánuði en inn fyrir 33,3 milljarða króna.

aukins álútflutnings. Mest jókst innflutningur á fjárfestingarvörum og hrá- og rekstrarvörum. Á móti kom samdráttur í innflutningi flugvéla. - jab

**Bónus býður á ball á Broadway!**

Sunnudagskvöldið 30. apríl **18 ára** aldurstakmark  
býður Bónus á ball á Broadway.

Stuðmenn og Birgitta Haukdal leika fyrir dansi.  
Húsið opnað 12.00 á miðnætti.

*Bónus býður betur!*

Aðgangur ókeypis gegn framvísun þessa miða.  
MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR

**Stuðmannaball!**

DEBENHAMS

# vorútsala

í ellefu daga

# 50%

afsláttur af völdum vörum

Sjóðheit tilboð:

**Leður-  
bakkar**  
Nú: 800 kr.  
~~1.990 kr.~~

**Barna-  
leður-  
jakkar**  
Nú: 4.900 kr.  
~~18.900 kr.~~

**Herra-  
stutterma-  
bolir**  
Nú: 990 kr.  
~~2.990 kr.~~

**Maine  
dömu-  
prjónavesti**  
Nú: 1.290 kr.  
~~3.490 kr.~~

**Dömu-  
skyrturn**  
Nú: 1.490 kr.  
~~4.490 kr.~~

**Ílmsteinar  
með olíu**  
Nú: 300 kr.  
~~899 kr.~~

**Dömu-  
buxur**  
Nú: 1.990 kr.  
~~4.990-6.990 kr.~~

AUK ÞESS AÐEINS FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS:

# 20%

afsláttur af öllum pottum og pönnum í heimilisdeild ásamt nærfötum og sokkum í herradeild



DEBENHAMS

SMÁRALIND





TIL  
HVERS  
AÐ FÁ  
LÁNAÐ?

ÞÚ FÆRÐ  
GÆÐA VÖRUR  
FYRIR SUMARIÐ  
Á LÆGRA  
VERÐI Í BYKO

# LÆGRA

á sumarvörum í BYKO!

Yr. 400402  
**Garðstóll**  
Garðstóll ál með  
7 stillingar, grátt.  
**2.995**  
5.590



Yr. 400404  
**Garðboró** **5.595**  
11.189  
Garðboró ál/gler, 105 cm, grátt.



**50%**  
afsláttur



Yr. 400410  
**Garðsett** **4.238**  
8.476  
BISTRO garðsett, 2 stólar og boró.



**OUTBACK**

Yr. 500204  
**Gasgrill** **39.900**  
OUTBACK HUNTER PLUS gasgrill,  
60x50 cm grillflötur, 3 brennarar,  
grillgrind úr postulínshúðuðu pott-  
járni. Neistakveikjari, hitamælir, efri  
grind þrýstijafnari og grillsteinar.  
Kemur samansett fyrir utan fætur  
og hliðarboró.



**OUTBACK**

Yr. 500206  
**Gasgrill** **35.800**  
OUTBACK ELITE MAYFAIR gasgrill,  
48x50 cm grillflötur með tveimur  
brennurum, grillgrind úr postulín-  
shúðuðu pott-járni, neistakveikjari,  
hitamælir, efri grind þrýstijafnari og  
grillsteinar. Kemur samansett fyrir  
utan fætur og hliðarboró.



# RA VERÐ



Ver. 481803  
**Garóstóll**  
Garóstóll með stillanlegu baki, Iron Wood viður.

**6.990**

Ver. 481804  
**Snúningsdiskur**  
Snúningsdiskur úr tré, 760 mm, Iron Wood viður.  
**5.990**



Ver. 481805  
**Garðborð**  
Áttthyrt garðborð borð 1770x30 mm, Iron Wood viður.  
**26.900**

Ver. 481802  
**Garðborð**  
Sexhyrnt garðborð borð 1500x30 mm, Iron Wood viður.  
**21.900**



Ver. 5062102  
**Gasgrill**  
ELEGANT UNION gasgrill með tveimur brennurum, pottjárn í grillgrind. Grillflötur 50x50 cm. Neistakveikjari, hitamælir og efri grind.  
**22.900**



**OUTBACK**

Ver. 5062008  
**Gasgrill** <sup>14.900</sup>  
**11.490**  
OUTBACK OMEGA 200 gasgrill. Stærð: 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hlíðarborði, neistakveikju, þrýstijafnara og grillsteinum.



**GÆÐI Á LÆGRA VERÐI**



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
ÞORSTEINN PÁLSSON

Fræðilega vanreifað mál:

## Hver axlar ábyrgðina?

Djúpstæður ágreiningur er um þau áform ríkisstjórnarinnar að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Ástæðurnar eru margar. Ein þeirra er sú að ríkisstjórnin ætla að afnema almennar reglur um meðferð skattpeninga að því er varðar gegnsæi og jafnræði. Önnur er sú að ríkisstjórnin ætla að virða að vettugi almennar samkeppnisreglur og alþjóðlegar skuldbindingar gagnvart EES á sviði útvarpsreksturs. Ætlun ríkisstjórnarinnar er meðal annars að brjóta reglur um jafnan aðgang að ýmsum menningarverðmætum þjóðarinnar.

Ljóst er að ríkisstjórnin tekur ekki rökum í þessu efni. Fátt bendir til þess að ríkisstjórnin muni næsta haust hafa heilbrigðari skoðanir á grundvallarreglum um meðferð skattpeninga og á samkeppnisreglum á þessu sviði. Í því ljósi er ekkert sérstakt unnið við að draga niðurstöðuna. Jafnvel má líta á það sem kost að mál eins og þessi komist sem fyrst í dóm kjósenda og dómstóla.

En svo vill til að önnur hlið er á málinu. Hún snýr að stjórnarskránni. Um álitaefni sem að henni líta gilda einfaldlega önnur lögmál en um hefðbundinn skoðanaágreining eða pólitísk átök. Ábyrgð ríkisstjórnar og Alþingis er mun ríkari í því efni. Kjarni málsins er sá að aldrei má leika minnsti vafi á að áformuð laga-setning standist stjórnarskrá.

Ábyrgð á öllu því er varðar fulla virðingu gagnvart stjórnarskránni hvílir vitaskuld á viðkomandi ráðherra, en einnig þingmönnum. Höfuðábyrgðina ber þó forsætisráðherra, sem samkvæmt reglum um verkaskiptingu stjórnarráðsins fer með gæslu stjórnarskrárinnar og öll álitamál er að henni líta.

Stærsta álitaefnið sem tengist stjórnarskránni snýst um það hvort unnt sé að undanþiggja nýtt hlutafélag, sem verður í samkeppnisrekstri, almennum reglum um dreifða eignaraðild að fjölmiðlum. Ágreiningslaust er að sú undanþága brýtur í bága við almenn sjónarmið um jafnræði milli þeirra sem stunda samþærliga starfsemi.

Það er pólitískt mat hvort menn vilja virða slík sjónarmið að vettugi nema því aðeins að það stangist á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ríkisstjórnin taldi sig hafa sett fyrir þann leka með því að skjóta inn í almenn lög um fjölmiðla ákvæði sem eðli máls samkvæmt á heima í lögum um Ríkisútvarpið hf. Þetta var gert að lítt athuguðu máli á elleftu stundu.

Ýmsir lögfróðir menn telja hins vegar að þessi skyndiráðstöf-un ríkisstjórnarinnar breyti ekki því mati að það stríði augljóslega gegn stjórnarskránni að gera þessa undantekningu. Aðrir telja verulegan vafa leika þar á. Og svo eru þeir sem telja að þetta sé álitaefni sem skoða þurfi betur. Í þeim hópi er einn fremsti lögvísindamaður landsins, Sigurður Línal.

Í hverju þróðu lýðræðisríki telja menn sér skylt að taka þann tíma sem nauðsynlegur er til þess að ganga úr skugga um að minnsti vafi leiki ekki á stjórnarskrárgildi nýrra lagaáforma. Það álitaefni sem hér er til umræðu kom fyrst til skoðunar fyrir fimm dögum og er því bæði fræðilega vanreifað og stjórnmála-lega órætt.

Um þetta atriði gilda ekki almenn sjónarmið um afgreiðslu pólitískra ágreiningsefna. Í þeim verður meirihluti Alþingis á einhverjum tímapikti að taka af skarið. En álitaefnið sem hér er til umfjöllunar er ekki pólitískur ágreiningur. Það lýtur að jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sem er óumdeild. Hver ætla að taka stjórnskipulega ábyrgð á því að gegn henni verði að minnsta kosti hugsanlega brotið og það að óathuguðu máli?

**TOYO** Bestu dekin í USA  
8 ár í röð Tire Review Magazine

**TOYO TIRES**

Low profile fyrir  
lúxusjeppa og  
sportbíla.

Frábært veggríp.  
Mikil mykt.  
Hágæða hönnun.

Veldu TOYO PROXES  
og skildu hina eftir.

Mikið úrval frábært verð.

**NESDEKK**  
Seltjarnarnesi Sími: 661 4110

KT verslun Akureyri

Njarðarnesi S.466 2111 Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

**Bilabúð**  
**Benna**

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Dagsatt fær nýja merkingu

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði á Alþingi að hugtakið dagsatt fengi nýja merkingu þar sem Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs borgarinnar, hefði sagt ósatt í umræðunni um Sunda-braut. Ef Dagur lætur ekki undan skorast í þessari málefnalegu umræðu svarar hann væntanlega á þann veg að samgönguráð-herra sé að sturlast.

#### Þjóðfræðileg rök fyrir atkvæði sínu

Flleiri eftirtækta verð stíllbrögð voru viðhöfð á hinu háa Alþingi en Pétur Blöndal bar fram skemmtilega



#### Stóriðjulaus landshluti

Engin stóriðja er á Vestfirðum og hefur almenningur hingað til talið það stafa af því að

samlíkingu þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu í frumvarpinu um RÚV og sagði að innan nokkurra ára yrði það alþingismönnum jafn mikið undrunarefni að opinberir starfsmenn sæju um fréttaflutning eins og nú þykir að opinberir starfsmenn starfi í bönkum. Þetta nálgast frekar að vera þjóðfræðileg pæling því sú pólitíska hlýtur að snúa að því hvornig þessir opinberu starfsmenn sem flytja fréttir standi sig og hvort þjóðin sé til í að greiða fyrir þá.

aðstæður til slíks séu ekki fyrir hendi eða að vilji stjórnmalamanna sé ekki fyrir slíku. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, hefur nú greint frá því í fjölmiðlum að Vestfirðingar eigi að gera það að stefnu sinni að vera stóriðjulaus landshluti. Þess konar stefnu-mörkun opnar marga möguleika og með þessum hætti gætu íslensk stjórnvöld til dæmis gert það að stefnu sinni að Ísland yrði rækjulaust land þar sem hún er nær horfin af miðum. Það felast örugglega mörg tækifæri í því uns stofninn nær sér á strik.

jse@frettabladid.is



## Ég verð áfram ég

Ef þið vitið það ekki enn, þá er rétt að endurtaka það, svo ekki fari milli mála. Ég er sem sagt að hætta sem forseti hjá Íþróttasambandinu. Tek hnakk minn og hest. Þakka auðvitað fyrir mig og allt það og tek á móti fagnaðarlátunum sem sjálfsagt brjótast út, þegar þeir loksins losna við mig.

Þetta hefur sósamur spurst út og menn sem eru eflaust ágætir vinir mínir og velgjörðarmenn spyrja: hvað ætlarðu að fara að gera? Rétt eins og ég standi frammi fyrir því að þurfa að ráfa um göturnar í iðjuleysi og örvæntingu! Ég skil reyndar ágætlega þessar áhyggjur sem fylgja þessum spurningum, því ekki eru nú störfin beinlínis álausufyrir fólk á sjötugsaldri og svo er þetta auðvitað grafalvarlegt mál í augum þeirra sem hafa alist upp við það að vegur og virðing nútímamanns sé metin í stöðutáknum og því að vera eitthvað. Vera forstjóri, vera bankastjóri, vera prófessor eða flugstjóri eða jafnvel vegavinnuverkstjóri. Hvað þá forseti! Það er allt komið undir titlinum, stöðunni, mannvirðingunni í metorðastiganum. Annars ertu ekki maður með mönnum, heldur afgangsstærð og fólk horfir í gegnum þig og hugsar: þarna er hann greið. Eða hugsar ekki neitt því vitaskuld þarf ekki að hugsa um það sem ekkert er. Í mesta lagi löggilt gamalmenni, án titils, án andlits, án eftirtækta.

Ég hef satt að segja sjálfur haft af því nokkrar áhyggjur að vakna við það á morgun að vera ekki neitt. Nema auðvitað ég sjálfur, sem sumum kann að þykja þunnur þrettandi, nánast eins og ganga um nakinn innan um þróubúið

#### Í DAG

ELLERT B. SCHRAM SKRIFAR UM SJÁLFA SIG



Ég hef satt að segja sjálfur haft af því nokkrar áhyggjur að vakna við það á morgun að vera ekki neitt.

fólk. Boðflenna í þjóðfélagssamkvæminu.

Og síðan kemur spurningin sem ég stend frammi fyrir og allir aðrir, sem lífa það af að vera nógu gamlir til að missa vinnuna eða hætta í henni, sum sé: er það markmiðið að vera eitthvað? Breytist maður við það að hafa ekki mannaforráð eða vera ekki forseti eða fríkar maður út í taugaveiklun við það að bera ekki ábyrgð á neinum nema sjálfum sér?

Einhvern veginn held ég samt að ég sé ennþá nákvæmlega sami maðurinn og ég var fyrir helgina og ég hef verið að þreifa á mér og skoða mig í speglinum og spyrja Ágústu mína hvort hún sjái einhverjar breytingar á útliti mínu eða innri manni. Ekki ennþá, segir hún en horfir þannig á mig að ég fer að vorkenna mér út af vorkunnsemi annarra.

En ykkur að segja, þá kvíði ég því einu, að nú getur maður ekki lengur haft það fyrir afsökun, þegar húsverkin eru annarsvegur,

að þurfa að fara á kontórinna eða á fund eða flúið að heiman undir því yfirsikni að knýjandi skyldustörf út í bæ hafi forgang. Nú verð ég að læra á þvottavélina og ryksuguna og sennilega verður ætlast til þess af mér að ég eldi matinn og þurki af í stofunni, þannig að það blasa við mér miklar og óvæntar annir í áður óþekktum og framandi störfum.

Já, samt er spurt: hvað ætlar þú að fara að gera? En ég spyr á móti: Er ekki ágætt að stökkva af vagninum, þessari hraðlest, sem knýr fólk áfram til streitu og starfa og stöðugrar leitar að einhverjum ótilgreindum takmörkuðum, peningum, völdum, titlum eða væntingum sem bíða handan hornsins eða bíða okkar í gröfnni, þegar hjartað segir stopp út af þessum deskotans eltingarleik við það sem sýnist en aldrei finnst eða finnst of seint? Og vera þá orðinn of gamall til að njóta þess. Hver veit? Það er líka til sú aðferð að bíða á stoppistöðinni, anda djúpt, taka sjálfan sig ekki of hátiðlega, líta í kringum sig, meðan maður hefur þrótt til að vera til.

Sér í lagi ef maður man að á stoppistöðinni stendur nákvæmlega sami maðurinn og stóð þar í gær. Ég er áfram ég.

Ég las einu sinni ævisögu Eldreyjar-Hjalta, þar sem hann segir frá því að hann hafi hitt mann niður í Austurstræti, sem tók hann tali, bauð honum með sér á Borgina og veitti vín á báðar hendur og fljótlega áttaði ég mig á því, segir Hjalti, að hann tók mig fyrir annan mann. En það var allt í lagi, heldur var ég.

Það sama segi ég.

## MARKAÐURINN

### Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚ: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNINSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



*Solla Ströa*  
úr Latabæ



**Blöðrur**

**Trúðar**

**Tónlist**

**Nýkrýnd Idol stjarna  
Snorri Snorrason**

**Pylsur á  
grillinu**

**Hoppukastali**

**Andlitsmálning**



**Ertu með?**

# Fjölskylduhátíð

Opnum kosningaskrifstofu B-listans í Reykjavík

**Suðurlandsbraut 24**

Sunnudaginn 30.apríl **kl. 14-16**

**Kaffveitingar í boði  
Félags Framsóknar-  
kvenna í Reykjavík**



[www.xbreykjavik.is](http://www.xbreykjavik.is)

**exbé**



MAÐUR VIKUNNAR

# Hógvær og hleypur einn

ARNÓR SIGHVATSSON  
AÐALHAGFRÆÐINGUR SEÐLABANKANS

Peir sem lýsa Arnóri Sighvatssyni segja gjarnan að þar fari traustur, heilsteyptur og hógvær maður. Svo vægt sé til orða tekið, hnýtti einn við sem þekkir vel til aðalhaffræðings Seðlabanka Íslands. Arnór nýtur mikillar virðingar meðal kollega sinna; þykir samkvæmur sjálfum sér og stefnufastur. Arnór ritaði ýtarlega grein í Fréttablaðið þar sem hann svaraði gagnrýni á stefnu bankans. Þar færði hann skýr og greinargóð rök fyrir grunni stefnunnar, en velti um leið upp mikilvægum álitafnum um grunn þeirrar stefnu. Meðal þess sem hann lét í ljós voru efasemdir um að sjálfstæð mynt og peningastefna samrýmdust hugmyndum manna um stöðugleika. Sú lýsing, þótt sett væri fram með fyrirvörum, vakti athygli sem honum sjálfum þótti meiri en efni stóðu til. Sjálfur hefur hann oft áður lýst þeim sjónarmiðum sem komu fram í greininni, en jarðvegur umræðunnar er frjórri nú vegna þess að ein-kenni ójafnvægis eru skýrari nú en áður þegar Arnór hefur sett fram fræðilega sýn sína á hagkerfið og peningastefnuna. Hlutverk Seðlabankans er jú einu sinni það að flytja tíðindi sem enginn vill heyra þegar þau eru sett fram. Arnór hefur ásamt samstarfsmönnum sínum þrúfaldlega varað við þeirri hættu sem nú blasir við í hagkerfinu. Þá var bara of gaman í veislunni til að nokkur nennti að hlusta.

## Frá menningarheimili

Arnór er sagður sverja sig í ætt sína, sem þykir yfirveguð og með báða fætur á jörðinni. Það er líka kannski eins gott að í sæti aðalhaffræðings Seðlabankans sitji maður sem lætur fátt raska ró sinni og er ekki ginnkeyptur fyrir glysi heimsins. Það mæðir mikið á Seðlabankanum um þessar mundir, enda lítt studdur í viðleitni sinni til að halda aftur af þenslu í samfélaginu.

Arnór er alinn upp í sveit. Móðir hans var þýsk og flutti til Íslands eins og þó nokkrar löndur hennar af sömu kynslóð sem komu í atvinnuleit og giftust og festu rætur hér.

Heimilið á Miðhúsum þar sem Arnór ólst upp var mikið menningarheimili. Hann er alinn upp við klassíska íslenska bókmenningu í bland við miðevrópska hámenningu. Arnór er unnandi tónlistar og alinn upp við klassíska tónlist. Bróðir hans er píanóleikari, en hermt er að í iPod-tæki sem vinnufélagar hans gáfu honum nýverið í fimmtugsafmælisgjöf hljómi líka suður-amerískur taktur. Arnór hefur ferðast til Suður-Ameríku og nálgast frí sín með því að afla sér þekkingar um þau lönd sem hann heimsækir. Afi hans og nafni var mikill skörungur og innblásinn ungmennafélagssanda og íslenskri menningu.

Hann er mikill grúskari og sterkari á svelli í kenningarhlið hagfræðinnar en þeirri hátækni-legu, þótt hann valdi vel þeirri hlið. Hann fylgist afar vel með í fræðunum og hefur verið iðinn

við ritun fræðilegra greina. Hann er fræðimaður í eðli sínu og sækist lítið eftir athygli. Hann hefur þó ekki skorast undan því að sinna hlutverki sínu á opinberum vettvangi og flytur mál sitt af öryggi þegar á þarf að halda. Ekki fer á milli mála að þar fer vel ritfær maður sem veldur vel bæði stíl og fræðum.

## Hlaup og róttækni

Líkamann vanrækir hann ekki, því hann tók upp á því að hlaupa sér til heilsu-bótar. Eftir að iPodinn komst í eigu hans getur hann sameinað hlaupin tónlistar-áhuganum. Arnór hleypur einn og segist búa yfir þeim aga að þurfa ekki hlaupafélaga til að hvetja sig til dáða. Fritímanum ver hann með fjölskyldunni, en hann er kvæntur og á þrjú börn.

Eins og svo mörg leitandi og vel gefin ungmenni sinnar kynslóðar lagðist Arnór í kommúnisma og marxisma á menntaskóla-árunum. Hann var talsvert róttækur á þeim árum og byltingarsinnaður. Þetta er ekki óþekkt meðal þeirra sem hafa orðið öflugir hagfræðingar. Nægir þar að nefna menn eins og Má Guðmundsson, fyrirrennara Arnórs, Jónas Haralz og Benjamín Erikssons sem hurfu frá róttækni ungdóms-áranna inn í djúp hagfræðinnar.

Arnór stundaði meistaranám í hagfræði í Bandaríkjunum og lauk doktorsnámi í framhaldi af því frá Northern Illinois University. Hann hóf störf hjá Seðlabankanum árið 1990 og varð deildarstjóri og staðgengill aðalhaffræðings árið 1995. Hann vann um tíma hjá Alþjóðagjald-eyrissjóðnum í Washington og við kennslu í Bandaríkjunum. Hann hefur ritað fjölda greina um efnahagsmál og peningamál, einn eða í samvinnu við aðra. Meginviðfangsefni Arnórs í þessum greinum hafa verið alþjóðleg efnahagsmál, alþjóðaviðskipti, gengismál og peningamál.



ÁFENGI FYLGI  
ÁBYRGÐ

## ERTU BURÐAR- DÝR FYRIR UNGLINGINN?

KAUPUM EKKI ÁFENGI  
FYRIR FÓLK UNDIR  
LÖGALDRI.

VÍNBUÐ  
lífur, lærum & njótum

## NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega  
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.









# VELKOMIN Í HÚSGAGNAHÖLLINA

húsgögn og húsbúnaður á betra verði



**AMPLONA**  
sófauppstilling  
**99.980**  
úr ljósu áklæði með rússkinnslíki  
B365 x D155 x H:45/75 cm



**TOSCANA**  
3 sæta sófi  
**39.980**

**TOSCANA**  
2 sæta sófi  
**29.980**

**TOSCANA** sensation áklæði sem hægt er að taka af og þvo í þvottavél. 3 sæta sófi B215 x D93 x H49/83 cm. Kr. **39.980**. **TOSCANA** 2 sæta sófi B155 x D93 x H49/83 cm. Kr. **29.980** verð með viðarfótum.



**BBQ FIRE SET SMALL** kolagrill kr. **1.190**



**PLASTGLÖS** 4 stk í pk. kr. **190**



**PATENTLOCK** flaska kr. **170**



**BBQ FIRE SET BIG** kolagrill kr. **1.980**

**OPIÐ ALLA DAGA** Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18





**HÚSGAGNAHÖLLIN**

Gleðilegt sumar  
**HÚSGÖGN Í GARÐINN  
& Á PALLINN**  
ótrúlegt úrval



7.980

34.980

**TOSCANA** garðborð 90 x 181 cm, fæst tekk með állitaðri eða dökkgrárrí grind. Kr. **34.980**  
**TOSCANA** garðstóll grár með állitaðri grind, einnig til nature með grárrí grind. Kr. **7.980**



6.980

3.980

**CAFE** garðborð, ál og dökkgrátt, þvermál 70 cm kr. **6.980**  
**CAFE** garðstóll, ál og dökkgrár, kr. **3.980**



14.980

7.980

**HAWAI** felliborð, hvítt, B85 x L150 cm kr. **14.980** **HAWAI** fellistóll, hvítur, kr. **7.980**



14.980

8.980

**IRINA** tekkborð natur, þvermál 110 cm kr. **14.980** **IRINA** sessa natur kr. **1.480**  
**IRINA** stóll kr. **8.980**



**PICNIC TASKA** 4 manna kr. **3.980**



**MILANO** bastsett, borð, sófi og 2 stólar kr. **29.980**



## Börn í útihúsum

UMRÆÐAN  
SKÓLAMÁL



KJARTAN EGGERTSSON  
FRAMBÍÓÐANDI

Eitt sérkennilegasta fyrirbrigðið í skólamenningu Reykjavíkurborgar er útihúsin eða timburkofarnir á skólalóðunum, sem á hátíðamáli eru kallaðir „færanlegar kennslustofur“. Í kofum þessum eru börnin vistuð í misjafnlega langan tíma, sum jafnvel í nokkra vetur. Hús þessi eru mjög misjöfn að gæðum en flest þeirra halda illa hita og í sumum þeirra er alltaf rakt. Salerni er í þeim öllum, en smám saman verða þau subbuleg og frá þeim leggur salernisfnyk. Í mörgum húsanna eru geymslur en þær eru oftast yfirfullar, enda allt of litlar. Kofar þessir eru ekki tengdir skólabyggingunni og þarf því að fara út úr húsi til að komast þangað. Menn geta rétt ímyndað sér hvort þessi skipan passi inn í það skólaumhverfi sem grunnskólafólk er að reyna að byggja upp og viðhalda.

R-lista flokkarnir hafa verið einhuga um þá reglu, út frá fjárhagslegu sjónarmiði, að skólabyggingar í nýjum hverfum skuli vera í þeirri stærð að þær passi þeim nemendafjölda sem verður í hverfinu þegar það eldist og börnunum fækkar og því sé réttlætlegt að sum börnin séu í útihúsum einhver ár. Þessu erum við í F-listanum ósammála. Börnin eiga betra skilið. F-listinn í Reykjavík ætlar að útrýma þessum kofum ef hann fær til þess umboð eftir kosningarnar í vor. Flestar grunnskólabyggingar í Reykjavík eru of litlar, þær þarf að stækka. Til að koma börnunum fyrir þarf að

byggja við skólana bæði stórar og litlar stofur. Þar fyrir utan ætlum við að byggja litla leiksýninga- og ráðstefnusali og kennslusundlaugar við nokkra skóla. Markmiðið er að grunnskólinn geti á fullkominn hátt staðið undir hugtakinu „heilisdagsskóli“, – með máltíðum, íþróttum og list- og verknámi frá upphafi skólagöngu.

Þó svo börnin vaxi úr grasi og hverfi úr grunnskólunum, fara þau ekkert, – þau eru þarna ennþá og þurfa aðstöðu sem fullorðið fólk í sínu hverfi til fundarhalda og símenntunar. Á fullorðinsárunum þurfum við einnig aðstöðu í hverfinu til námskeiða og mannfagnaðar. Með því að reisa viðbyggingar við grunnskólana sem gera ráð fyrir fjölbreyttu notagildi má slá þessar flugur allar í einu höggi. Sambætting skólahalds og frístunda barna og unglunga er afar erfið vegna húsnæðisisskorts. Frístundaheimilin (lengd viðvera barna í grunnskóla) hafa ekki nægilega góða aðstöðu, mörg hver og oft er sú starfsemi á kostnað þess húsnæðis sem grunnskólustarfssemin þarf á að halda. Nokkrir grunnskólar hafa tekið upp samvinnu við tónlistarskóla um tónlistarnám innan veggja grunnskólans, en sú starfsemi er víðast í kröggum vegna aðstöðuleysis.

Enginn efast um að frambjóðendur allra flokka bera hag barnanna fyrir brjósti, en það er bara ekki nóg ef ráðamenn koma ekki auga á grundvallaratriði skólastarfs og þess hversu grunnskólinn er aðþrengdur. Þess vegna ætlum við í F-listanum að byggja við grunnskólana, fáum við umboð til þess.

*Höfundur er í 6. sæti á lista F-listans fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor.*

## Ekki halda allir með Breiðabliki

UMRÆÐAN  
AÐSKILNÁÐUR  
RÍKIS OG KIRKJU



TEITUR ATLASON  
BA Í GUDFRÆÐI

Á dögunum var afgreitt frumvarp frá alþingi um réttindi samkynhneigðra. Frumvarpið er almennt talið réttarbot en það olli mörgum vonbrigðum að ekki skyldi vera gefin heimild til þess að trúfélög gætu gefið fólk af sama kyni í hjónaband. Það eru nefnilega margir þeirrar skoðunar að það komi ríkinu ekkert við hverjir megi giftast í þessu landi. Ástæðan fyrir að vilja ekki gifta samkynhneigða er hluti af stærra vandamáli. Við búum nefnilega við ríkiskirkjufyrirkomulag þar sem ein kirkjudeild er í þeirri aðstöðu að leggja línurnar fyrir öll trúfélög í landinu. Þegar biskup ríkiskirkjunnar vill ekki heimila giftingar samkynhneigðra þýðir það að ekkert trúfélag fær að gifta samkynhneigða, jafnvel þó að sum trúfélög hafi lýst því yfir að þau séu reiðubúin til þess. Þetta er afar mikið óréttlæti. Hins vegar bliknar þessi óréttur við hliðina á þeirri staðreynd að hér skuli þessi sama ríkiskirkja vera vernduð í stjórnarskránni, að prestar ríkiskirkjunnar séu opinberir starfsmenn og að ríkiskirkjan njóti verulegs opinbers stuðnings umfram önnur trúfélög.

Ímyndið ykkur lesendur góðir að við byggjum í samfélagi þar sem gert væri ráð fyrir því í stjórnarskrá að við Íslendingar tilheyrdum mormónakirkjunni (Kirkju hinna síðari daga heilögu). Að litíð væri á aðrar kirkju-

deildir og trúarbrögð sem frávik. Að mormónakirkjan fengi gríðarháa styrki umfram aðrar kirkjudeildir og trúfélög. Að mormónakirkjan væri kölluð „þjóðkirkja“. Að prestar mormónakirkjunnar væru á launum hjá hinu opinbera. Að stjórnmalafólk styddi þetta misrétti með kjafti og klóm.

Þetta er áþekkt því að allir Íslendingar væru skráðir í Breiðablik við fæðingu en hefðu kost á því að halda með öðru félagi leituðu þeir sérstaklega eftir því. Ég fullyrði að svoleiðis skráning yrði ekki til að auka vegsemd Breiðabliks. En þetta er einmitt staðan sem ríkiskirjan er í.

Trúfélög hérlendis eru fjölmörg og samtals eru um 48 þúsund Íslendingar sem standa utan ríkiskirkjunnar. 62. grein stjórnarskrárinnar er beinlínis stefnt gegn öllu þessu fólk. Stjórnarskráin á að kveða á um atriði sem við erum sammála um en ekki um þau atriði sem við eru ósammála um.

Ríkið á ekkert með að beina þegnum sínum í eitt trúfélag öðrum fremur. Ríkið á ekkert að skipta sér af því hverju þegnarnir trú, eða hvort þeir trú á yfir höfðuð. Það er þversagnakennt að tala um trúfrelsi á landinu meðan ríkiskirkja er ein af stofnunum ríkisins. Því er nefnilega þannig farið, að auk þess að kveðið sé á um að Íslendingar skuli tilheyra ríkiskirkjunni í stjórnarskránni, þá nýtur ríkiskirkjan mikilla styrkja umfram önnur trúfélög á landinu. Um þetta fyrirkomulag verður aldrei sátt. Það halda ekki allir með Breiðabliki.

Með því að skilja á milli ríkis og ríkiskirkju mun það ekki einungis styrkja þá söfnuði sem tilheyra ríkiskirkjunni heldur færa stjórnskipulag á Íslandi í nútímalagt horf. Mál á borð við hvort gefa beri saman samkynhneigð

þör væru á ábyrgð hvernar kirkjudeildar eða trúfélags fyrir sig. Þetta er mál sem Íslendingar eru ekki sammála um og ekkert eðlilegra en að mismunandi kirkjur hafi mismunandi skoðanir á málinu. Niðurstaða úr kirkjubingi ríkiskirkjunnar einhvern tímann í framtíðinni mun ekki breyta því. Við erum sem betur fer ekki öll eins.

Fylgjendur ríkiskirkjuskipulagsins þurfa ekki að óttast þessi umskipti. Hin evangelíska lúterska kirkja mun ekki veikjast við umskiptin. Hún mun þvert á móti styrkjast.

Kirkjan mun drepa sig úr dróma við að losna úr viðjum ríkisvaldsins. Dæmin eru fjölmörg um að þegar opinberum stofnunum er sleppt úr umsjón ríkisins þá blómstra þær sem aldrei fyrr. Trúarbrögð þrífast best í þeim ríkjum þar sem skilin milli ríkis og trúarstofnana eru skýr. Þar er líf í kirkjunni og hún er hluti af lífi fólks en ekki fjarlæg og upphafin stofnun sem fólk notar við upphaf lífs og lok lífs. Eins þversagnakennt og það hljómar þá er eins og um leið og kirkja verður opinber stofnun fari allur vindur úr henni og einu skiptin sem hún sýnir eitthvert lífsmark eru í kringum deilur sem varða stöðuveitingar og hneykslismál.

Samfélagið okkar er flókið og fjölbreytt. Við erum ekki ein rödd. Við erum margradda kór þar sem hver og einn á að fá að njóta sín. Það er fáheyrð frekja að í 62. grein stjórnarskrá Lýðveldisins sé kveðið á um að: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“ Það væri óskandi að þessu ákvæði yrði breytt við endurskoðun stjórnarskrárinnar sem stendur fyrir dyrum.

\*Lífeyrir fólksins eða lífeyrir ríkisins?\* Ráðstefna um skatta og skerðingar í Öskju,

Náttúrufræðahúsi HÍ, miðvikudaginn 3. maí kl. 13-16.

**LEB, ASÍ, BSRB, SGS, Samiðn, ÖBÍ og Félagsvísindastofnun HÍ efna til Ráðstefnu um Skatta og Skerðingar 3. maí 2006, Kl. 13:00 til 16:00 í Öskju, Náttúrufræðistofnun Háskóla Íslands.**

### Dagskrá:

- 13:00 Setning Ólafur Ólafsson, formaður LEB
  - 13:10 Erindi Hildigunnur Ólafsdóttir hagfræðingur BSRB  
Tekjuskattar og skattleysismörk
  - 13:30 Erindi Einar Árnason, hagfræðingur  
Tekjuskattar og skerðingar
  - 13:50 Erindi Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ  
Skattar og skerðingar, hvað er til ráða?
  - 14:15 Erindi Stefán Ólafsson, prófessor  
Velferðarríki á villigötum? Um stefnu stjórnvalda í lífshjálum
  - 14:45 Hlé
  - 15-15:45 Pallborðsumræður:  
Ásmundur Stefánsson Ríkissáttasemjari verður fulltrúi Fjármálaráðherra, Árni Mathiesen og heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttur, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir alþingismaður, Ögmundur Jónasson, alþingismaður og Guðjón A. Kristjánsson alþingismaður, Margrét Margeirsdóttir formaður FEB í Reykjavík og Ólafur Ólafsson, formaður LEB
  - 15:45 Samantekt ráðstefnunnar,  
Árni Gunnarsson, fv. framkvæmdastjóri
- Fundarstjóri**  
Hjörtur Þórarinnsson, formaður FEB Selfossi



**HONDA**  
The Power of Dreams



## 4x4x Barnavagn



Fullbúinn CR-V með lipurð og rými fyrir þig, þína og allt sem fylgir á Honda góðu verði.

[honda.is](http://honda.is)



Víðáttumikið innrýmið, þægileg hæð og gott aðgengi ásamt fótvissum fjórhjóladrifsbúnaði gera Honda CR-V að frábæra borgarjeppanum fyrir alla fjölskyldusnúningana. Fjölskylduævintýri er staðalbúnaður í ferðum með börnin og vagnana, hvort sem þær eru í asa á annatíma milli leikskóla og vinnu eða syngjandi gleði á leið til ömmu í sveitinni. ABS hemlarnir ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal fjölmargra annarra kosta sem tryggja öryggi og aksturseginnleika eins og best verður á kosið.





ALLIR ERU JAFNIR FYRIR LÖGUNUM – NEMA AUÐVITAÐ:

# Sýslumenn, lögreglumenn og kvenmenn

Í Dagbók Práins Bertelssonar er fjallað um íþróttirnar Belgíuspark og Íslandshögg, vikið að hárskerum og hagfræðingum; ofbeldiseggjum bent á kvenmenn fremur en sýslumenn; og loks er rætt um gervigreind, Egil Skallagrímsson og eftirlaunakjör stjórnmalamanna.

Kæra  
Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



## ■ SUNNUDAGUR, 23. APRÍL Belgíuspark og Íslandskast?

Sá fyrirsögn á vef Ríkisútvarpsins um „Belgíuspark“. Hvað er nú það?

Undir fyrirsögninni kom fram að Lokeren „lagði“ La Louviere 3-2 í belgísku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.

Þá rifjaðist upp að á þessu vefsetri hefur um nokkurt skeið blómstrað sú ámatlega tilgerð að kalla knattspyrnu „spark“. Það ber vott um daufan skilning á þessari fögru íþrótt að halda að hún snúist um að „sparka“ þótt hún sé kennd við að spyrna.

Svo skil ég ekki þetta tal um „að leggja einhvern“ í fótbolta, hélt það væri gert í glímu.

Eðlilegt framhald af svona málblómara rækt væri að kalla handknattleik „kast“, og íslenskan handknattleik þá „Íslandskast“, nema orðasmiðir útvarpsins vilji



fremur kenna handboltann við að grípa en kasta og hnoða saman orðskrápinu „Íslandsgrip“.

## ■ MÁNUDAGUR, 24. APRÍL Hvað gera líkkistusmiðir?

Óskapleg uppbygging á sér stað í þessu landi. Ég er búinn að vera á þönum um allan bæ og í nágranna-sveitarfélög að reyna að hafa uppi á tveimur eikarfjöllum til að gera við úti-

dyratróppurnar hjá mér áður en einhver hálsbrýtur sig við að koma í heimsókn. En það er sama hvar ég kem, meira að segja í Bykó segjast þeir ekki geta afgreitt þetta fyrir en eftir nokkrar vikur.

Hvað gera líkkistusmiðir ef það vantar fjalar? Segja kúnnanum að biða í nokkrar vikur?

Eftirspurnin eftir timbri sýnir að það er augljóslega engin kreppa hjá byggingariðnaðinum enda hefur það lodað við þann iðnað að halda áfram löngu eftir að kreppa

er skollin á í öðrum greinum. Í gamla daga voru það hárskerar sem fyrstir urðu varir við niðursveiflu. Þá hættu menn að mæta til að láta snyrta sig hálfsmánaðarlega. Núna eru það væntanlega auglýsingadeildir fjölmiðla sem fyrstar merkja samdráttar-einkenni. Hagfræðingar eru ekki góðir spámenn – þótt hagfræðingar þurfi ekki endilega að hafa minna vit á efnahagsmálum en annað fólk.

Þeir gera það ekki endasleppt við mig hjá Íslenskum getraunum. Nú fékk ég enn einn tölvupóstinn frá þeim: „Til hamingju þú hefur unnið heilan strætómíða (280 kr.) í getraunum“.

Við Sólveig fórum á hestbak í dásamlegu veðri. Lífið verður ekki miklu betra.



## ■ ÞRIÐJUDAGUR, 25. APRÍL Jón og séra Jón – og svo bara Jónína

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt karlmann í 4 mánaða skil-orðsbundið fangelsi fyrir að aka á lögreglumann og slá hann í kviðinn. Segir í niðurstöðu dómsins, að maðurinn hafi að nauðsynjalausu stofnað í hættu lífi og heilsu lögreglumanns, sem var að gegna skyldustörfum sínum.

Það er greinilega munur á Jóni og séra Jóni að í gær dæmdi sami dómstóll karlmann í 6 mánaða fangelsi fyrir að veitast að sýslumanninum á Selfossi „með því að þrifa í öxl hans, og bregða fyrir hann fæti svo hann hrasaði við“.

Fyrirhyggjusamir ofbeldis-seggir ættu því ekki að bekkjast til við sýslumenn heldur leita uppi lögreglu-

menn í þeirra stað – en langóðyrast er þó að misþyrma

konum, samanber það sem ég skrifaði í dagbókina mína 23. febrúar sl.:

„Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt karlmann á þritugsaldri í 50 þúsund króna sekt fyrir að ráðast á konu á sama aldri í október á síðasta ári og slá höfði hennar í vegg, taka hana hálstaki, sparka í magga hennar og kasta henni í jörðina.“

Maðurinn játaði brotið. Konan hlaut mar og yfirborðsáverka á hnakka, mar og yfirborðsáverka á hálsi og mar á neðanverðu baki og mjödm.“

Sex mánaða fangelsi fyrir að stjaka við sýslumanni. Fjögurra mánaða skilorð fyrir að aka á lögreglumann og lumbrá á honum að auki. En 50 þúsund kall fyrir að misþyrma kvenmanni – það kalla ég tómbóluprís! Það getur verið að allir séu jafnir fyrir lögunum, en menn eru greinilega ekki jafnir fyrir dómstólunum, þar gildir greinilega hvort maður heitir Jón eða séra Jón – eða bara Jónína.

## ■ MIÐVIKUDAGUR, 26. APRÍL Gervigreind

Fékk fallett bréf frá íslenskukennara, ósk um liðveislu í baráttunni gegn því að tungumálið okkar veslist upp. Nú er í tísku að halda því fram að tungumál eigi að þróast sjálfkrafa – og forðast að blanda smekkvísi, skilningi eða þekkingu í þá þróun.

Tók eftir því að verið var að tala um „gervigreind“ og „vélmenni“ í útvarpinu áðan.

Furðulegt orð „gervigreind“. Mér finnst ókurteisi að nota það um vélmenni. Ég brúka það eingöngu um gagnrýnendur sem skrifa af skilningsleysi eða reimingi um bækurnar mínar eða útblásna stjórnmalamenn eða aðra sem þykjast vera þess umkomnir að hafa vit fyrir fólk.

Talandi um gervigreind þá skrifaði ég í dagbókina mína í síðustu viku að ég ætlaði að kjósa Vilhjálm Þ. sem borgarstjóra. Ég

frétti að hann hefði verið að halda upp á sextugsafmælið sitt í dag. Ekki vissi ég að hann væri orðinn svona gamall. Maðurinn er ekkert farinn að grána. Samt hlýtur hann eitthvað vera farinn að gefa sig því hann steingleymdi að bjóða mér í afmælið sitt. Kannski var það eins gott. Ég hefði kannski lent til borðs með Davíð, Hannesi Hólmsteini og Birni Bjarnasyni. Trúlega hefur Villi viljað forða þeim frá því að lenda í hæpnun félagskap. Sennilega rétt athugað hjá honum. Best að endurskoða þetta með stuðninginn.

## ■ FIMMUDAGUR, 27. APRÍL Egill Skallagrímsson og alþingismenn!

Ég hef aldrei skilið hvernig fólk dettur í hug að fara í pólitík og geta þaðan í frá aldrei um frjálst höfuð strokið fyrir fólk sem vantar flugvöll, sjúkrahús, elliheimili, álbræðslu eða eitthvað annað.

En allt í einu rennur upp fyrir mér ljós. Ég sé nefnilega í fréttnum að launin eru alls ekki slæm: Ráðherra sem situr í 12 ár á stóli ávinnur sér lífeyrisrétt sem jafngildir 90 milljónum króna í starfslokagreiðslu umfram það sem almennur iðgjaldagreiðandi fær.

„Þingmaður sem starfar á Alþingi í átta ár ávinnur sér lífeyrisréttindi sem nema 24 prósentum af launum hans. Ráðherra ávinnur sér helmingi meiri lífeyrisréttindi, eða 48 prósent af launum“

Með öðrum orðum tekur það ráðherra átta ár að ávinna sér nær helming af launum sínum í lífeyrisgreiðslur. Öbreyttur starfsmaður hins opinbera ávinnur sér hins vegar lífeyrisréttindi sem nema um 15 prósentum af meðaltekjum á sama tímabili. Starfsmaður á almennum markaði rekur hins vegar lestina og ávinnur sér 11,6 prósentu lífeyrisréttindi á átta árum.“

Þetta er náttúrulega bilun og svínari sem liggur á að lagfæra. Þeir hafa gróflaga misnotað aðstöðu sína á þinginu til að hygla sjálfum sér, bannsettir ormarnir!

Svo þegar harðnar á dalnum koma þessir fuglar og segja almenningi að hafa sig hægán og sýna hófsemi og ábyrgð. Það er ekki almenningur í landinu sem hefur misst sig í græðgi heldur þeir sem eiga að ganga á undan með góðu forðæmi.

Svona framkoma ber vott um gervigreind. Egil Skallagrímsson sáluga langaði til að strá peningum yfir alþingismenn til að gera þá vitlausu. Nú þegar hans nýtur ekki lengur við gera þeir það bara sjálfir.



**OPIÐ ELDHÚS**  
sýningarhelgi

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 11-17  
OG SUNNUDAG FRÁ 13-17

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800



- HTH eldhús eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera.

## VELKOMIN Í GLÆSILEGAN SÝNINGARSAL OKKAR AÐ LÁGMÚLA 8

Ef þú ert að huga að nýju eldhúsi er upplagt að skoða kosti HTH. Í glæsilegum sýningarsal okkar sérðu allt það nýjasta í eldhústækjum frá AEG fléttað saman við innréttingar frá HTH. Þetta samspil HTH og AEG er ekki bara fallett og vandað heldur er heildarlausan af þessu tagi á góðum kjörum hjá Bræðrunum Ormsson.



**AEG**

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



# Sumarið er tíminn ...

CAMPION BÁTAR Í SMÁRALINDINNI UM HELGINA



VATNASPORT.IS



## Komið í Smáralind um helgina og sjáið glæsilegustu báta landsins

Vatnasport.is er umboðsaðili sportbátanna frá Champion

Allir bátar eru sérsníðaðir eftir óskum kaupenda. Þú einfaldlega velur draumabátinn, réttu vélarstærðina, litinn þinn og þá aukahluti sem þú vilt og Vatnasport afhendir þér bátinn að biðtíma loknum.

## Bátar og Sport ehf.

Jón Óli Ólafsson 822 4060



KYNNING um helgina á vönduðum heitum pottum frá *Artesian Spas*. Ef þú ætlar að fá þér pott fyrir sumarið skaltu kynna þér *Artesian* pottana.



Dekurpottar ehf. [www.dekurpottar.is](http://www.dekurpottar.is)



## UMMÆLI VIKUNNAR

Forsetans rómur er fagur og tær fögnuð vekur í mínu sinni En oft er í holti heyrandi nær og hávaðinn mætti vera minni.

Kristinn H. Gunnarsson um Sólveigu Pétursdóttur, forseta Alþingis, eftir að hún hafði þrífaldlega orðið að beita bjöllunni í heitum umræðum í vikunni.

# stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

## Úr bakherberginu...

### Hlutir sem gerast snöggt

Sovétríkin liðuðust í sundur árið 1991 öllum að övörum. Menn stóðu eins og glópar þegar Ceausescu, einvaldur í Rúmeníu, féll nokkrum mánuðum áður.

Menn göptu líka þegar Davíð Scheving Thorsteinsson braut á bak aftur áratuga bjórbanan í landinu með smá kvörtun til stjórnvalda vegna mismununar í Fríhöfninni. Af hverju hafði okkur ekki dottið þetta í hug, spurði fólk.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, segir opinberlega að unnt sé að afnema verðtrygginguna með snöggu hætti. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra verður vantrúður og spyr hvort Hreiðar vilji lána fólk til 40 ára óverðtryggt. Fólst svárið ekki í yfirlýsingu Hreiðars? Gefum Halldóri tíma.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra lýsir yfir að Bandaríkjamenn geti einir varið Íslendinga. Annað sé óraunhæft og því verði ekki samið við aðra. Hann er ekki fyrr búinn að sleppa orðinu en Frakkar taka vel á móti Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra og segjast vilja íhuga að auka umsvif franska flotans við Íslands. Ætli Geir hafi orðið hissa?

Menn tala allt í einu í útlöndum um efnahagsfyrirbærið Ísland. Allir urðu ráðvilltir og hissa.

### Snúið mál

Í dag kemur utanríkisráðgjafi samantil fundar. Loforð verða efnd um að upplýsa nefndina um mikilvæg varnar- og utanríkisráðgjafi svo sem lögboðið er. Utanríkisráðgjafi mætir.

Sögur herma að íslenska samninganefndin hafi verið öflug eftir fundina með bandarísku sendi-

nefndinni fyrir helgina. Ekkert hafi komið þar fram sem hönd væri á festandi. Við blasir að skipulega og skref fyrir skref bakki herinn út úr landinu og hið versta ástand blasi við heimamönnum á Suðurnesjum í draugabæ á Miðnesheiði í byrjun október.

En hvað með Frakka? Vildu þeir verja okkur? Jú, það kemur til greina, á franskur starfsbróðir Geirs Haarde að hafa sagt við hann í París á dögnum. „En það kostar,” og þar með var málið útrætt.

Í júlí árið 2004 var Davíð Oddsson forsætisráðherra staddur í Hvíta húsinu hjá Bush. Forseti Bandaríkjanna sneri sér að Rumsfeld, Powell og Condolezza Rice og sagði: „Við verðum að hjálpa Íslendingum.” Þannig greinir Styrmir Gunnarsson ritstjóri frá í bókinni um forsætisráðherra Íslands og bætir efnislega við að á íslensku verði þetta ekki skilið öðruvísi en að framtíð herstöðvarinnar verði ekki ráðin nema með fullu samkomulagi milli þjóðanna tveggja.

## VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUSSON

### Verðtryggð við banka



Hver yrðu viðbrögð atvinnurekenda ef starfsfólk færi fram á að fá laun sín greidd í evrum en ekki íslenskum krónum? Eru einhverjar lagahindranir sem koma í veg fyrir slíkt?

Eignast má hluti í hlutafélögum í erlendum gjaldmiðlum. Sjómenn sem eru á hlut fá í rauninni laun sín greidd í erlendum gjaldmiðli. Hlutur sjómannsins hækkar eða lækkar með verði fiskafurðanna í erlendri mynt. Lækki evra gagnvart íslenskri krónu lækkar kaup þeirra. Hlutur sjómanna á frystitögurum hækkar um hundruð þúsunda króna á svipstundu þegar krónan fellur um daginn. Sjómennirnir gátu blessunarlega keypt fleiri krónur fyrir erlendu gjaldmiðlana sína, sem útgerðin hafði reyndar þýtt yfir í íslenskar krónur. Mikill meirihluti starfsmanna Atlanta fær laun sín greidd í dollurum. Fleira mætti telja.

Actavis, Marel, Sæplast, Össur, CCP, Alfesca og sjávarútvegurinn allur auk ferðabjónustunnar afla tekna sinna að mestu í erlendum gjaldmiðlum. Þessi fyrirtæki hafa líðið fyrir skefjalausa hækkun krónunnar á undanföllum misserum. Æ færri krónur hafa fengist fyrir hvern bandaríkjadala eða evru sem þau afla til þess að borga laun og annan innlendan kostnað. Því má spyrja hvort besta leiðin til þess að halda eftirsóttum stöðugleika fyrir útflutningsfyrirtækin sé ekki fólgin í því að þau greiði launakostnað sinn í sama gjaldmiðli og þau fá fyrir vörur sínar eða þjónustu. Þau gætu sneitt hjá gengisfíkti íslenskra stjórnvalda, Seðlabankans og helstu fjármálastofnana með þessum hætti.

Sjálfsgagt verður algengara með hverjum mánuði að stjórnendur útrásarfyrirtækjanna taki hluta launa sinna í öðrum gjaldmiðlum en íslenskri krónu. Er eitthvað sem bannar það? Er eitthvað sem bannar verslunum að taka við evrum eða dollurum og gefa til baka í sömu mynt?

Eftirtekt vakti að Straumur og KB banki tilkynntu fyrir helgina um samangæðan 38 milljarða króna hagnað á fyrsta ársfjórðungi. Uppistaða velgenginnar var gengishagnaður. Á sama tíma leit almenningur ofan í buddur sínar og sá að 400 krónur voru orðnar að 300 krónum. „Skrambinn. Ég hefði átt 400 krónurnar ennþá hefðu þær verið í evrum,” sagði strætóbilstjóriinn. „Og svo hækka í leiðinni afborganir af íbúðinni til gróðabankanna. Væri ekki nær fyrir Halldór og Geir að láta af verðtrygginginni við bankana og halda frekar tryggð við okkur?” spurði hann.

Spurning er hvort við ættum ekki að slá til og biðja öll um að fá laun okkar greidd í evrum.

## Tekist á um grunnreglur

Málaferli hjá EFTA-dómstólum í Lúxemborg vegna mismununar opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja í orkuvinnslu í Noregi minna um margt á togstreituna um sérstöðu sem íslenska ríkið ætla að veita nýju hlutafélagi í sinni eigu á samkeppnismarkaði. Þetta hlutafélag á að heita Ríkisútvarpið hf.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, ákvað fyrir helgi að skjóta deilu um yfirtökurétt norska ríkisins á fossa- og vatnsréttindum til EFTA-dómstólsins í Lúxemborg. Lagt er fyrir dómstólinn að kveða upp úrskurð um það hvort norsku lögin samrýmist ákvæðum Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvörðunin um að skjóta deilunni til dómstólsins í Lúxemborg var tekin eftir að norsk stjórnvöld lýstu því yfir í síðustu viku að þau hygðust ekki verða við tilmælum um að breyta lögum um yfirtöku fossa- og vatnsréttinda sem sett voru á öndverðri síðustu öld.

Hallgrímur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri hjá ESA í Brussel, segir að umdeildu lögin kveði á um að réttindi sem einkaaðilum hafi með þessum hætti verið úthlutað til raforkuvinnslu eða annarrar starfsemi falli aftur til norska ríkisins að sextíu árum liðnum. Hið sama gildi ekki um opinbera innlenda aðila sem kunni að eiga hlut í slíkum rekstri með einkaaðilum. Þannig sitji einkafyrirtæki og norsk opinber fyrirtæki ekki við sama borð í þessum rekstri. „Eftirlitsstofnunin hefur litið svo á að þetta feli í sér mismunun að svo miklu leyti sem þetta varðar fyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í málfletningi hefur verið litið svo á að þetta sé brot á meginreglu EES um staðfesturétt og frjálsa fjármagnsflutninga.“

### Ólögmet mismunun

Skuldbinding EES-samningsins um staðfesturétt felur í sér að engin höft eru á rétti ríkisborgara til að öðlast staðfestu í einhverju öðru aðildarríki samningsins. Þeir hafa því rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi yfir landamæri aðildarlandanna.

Eftirlitsstofnunin bendir á að sjálft fyrirkomulagið um endurheimt norska ríkisins á fossa- eða vatnsréttindum sé ekki talið andstætt ákvæðum EES-samningsins.

Samkvæmt því getur orkufyrirtæki sem að tveimur þriðju hlutum hið minnsta er í eigu norska ríkisins, sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila í Noregi öðlast ótímabundna eftirgjöf til ráðstöfunar á vatnsföllum. Einkafyrirtæki eru aftur á móti nauðbeygð til þess að afhenda norska ríkinu réttindi sín, gögn og gæði eftir sextíu ára starfsemi í krafti réttindanna. Þetta útilokar orkufyrirtæki ann-



TROMSÓ Í NOREGI Norsk stjórnvöld lýstu því yfir í síðustu viku að þau ætluðu að halda fast við að yfirtaka norska ríkisins á fossa- og vatnsréttindum af einkafyrirtækjum stæði utan valdsviðs EES-samningsins þótt það ylli mismunun.

arra EES-ríkja frá því að hefja orkuvinnslu í landinu á sömu skilmálum og gilda um norsk fyrirtæki í opinberri eigu. Að mati ESA felur þetta í sér ólögmetna mismunun eins og áður segir og telst brot á grundvallarreglum Evrópska efnahagssvæðisins. Eftirlitsstofnunin skiladi rökstuddu álitinu sínu í málinu þegar árið 2002 þegar hún komst að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulagið um endurheimt fossa- eða vatnsréttinda í krafti norsku yfirtökulaganna bryti í bága við samþykktir EES. Þótt norsk stjórnvöld hafi í kjölfarið hafist handa um að breyta lögum tilkynntu þau í síðustu viku að þau ætluðu í engu að

hvíka frá þeirri afstöðu sinni að norsk lög um yfirtöku fossa- og vatnsréttinda stæðu ofar og utan við valdsvið EES-samningsins.

### Um grundvallarreglur

Það mál sem hér hefur verið rakið snýst um grundvallarreglur sem aðildarríki EES-samningsins hafa heitið að virða. Ekkert þarf að vera óeðlilegt við það að upp rísi deilur endrum og sinnum um einstök álitamál, því betra er þá að geta stuðst við skýrar grundvallarreglur. Þær þurfa að vera skýrar, réttlætanager, gagnsæjar og aðgengilegar og lagasetning eða ákvarðanir sem á þeim hvíla ættu ávallt að hafa beina skírskotun til slíkra grundvallarreglna.

Einstök aðildarríki geta með öðrum orðum ekki sýnt geðþótta í réttarsambandi sínu við önnur ríki. Það gildir sannarlega um EES-samninginn, sem Ísland á aðild að og hefur skotið íslensku efnahagslífi í þær hæðir sem raun ber vitni á undanföllum áratugum og jafnframt bætt neytendavernd og réttarstöðu íslenskra borgara.

### Markaðsfrelsi og girðingar

Í þessu ljósi er einkennilegt að íslensk stjórnvöld skuli með óskýrum, illa réttlætanagerlegum og ógagnsæjum hætti ætla að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Illmögulegt er fyrir venjulegt fólk að rekja einstök atriði lagafrumvarpsins til almennra grundvallarreglna um

hlutafélög, ríkisstyrki og samkeppnisreglur.

Af norska dæminu hér að framan er auðvelt að ráða að væntanlegt regluverk um Ríkisútvarpið hf. fer gegn meginreglum í viðskiptum þjóða og félaga á markaði. Megintilgangur frumvarpsins er að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins og nýta til fulls hlutafélagaforsím sem þróast hefur um aldir. Formið felur í sér grundvallarreglur um ábyrgð, upplýsingar, viðskipti og meðferð fjár og arðs svo nokkuð sé nefnt. Svo ríkar eru þessar grundvallarreglur að sérstakar stofnanir EFTA og ESB fást einvörðungu við samkeppnismál og ríkisstyrki.

### Á síðustu stundu

Hinn 24. apríl kynnti menntamálaráðherra frumvarp til útvarpslaga. Sama dag settu sérfræðingar á snærum ráðherrans síðustu klausuna inn í frumvarpið. Klausan er í fjórðu grein frumvarpsins, sem kveður meðal annars á um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum, og hljóðar svo: „Ríkisútvarpinu er óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.“ Þessi setning kemur næst á eftir setningu sem gengur í þversögum og hljóðar svo: „Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um eignarhald ríkisins á Ríkisútvarpinu.“

Hér blasir við þversögum: Um leið og ætlun löggjafans er að taka upp rekstrarform sem gildir um öll almenn hlutafélög innan Evrópska efnahagssvæðisins eru sett sérákvæði í frumvarp um fjölmiðla og frumvarp um Ríkisútvarpið sem fela í sér girðingar, hlekkir, höft og handjárn fyrir Ríkisútvarpið. Sagt er að Ríkisútvarpið hf. eigi með þessum hætti að vera óvirkt í samkeppni við önnur hlutafélög á markaðnum.

Norska dæmið hér að framan bendir sterklega til þess að íslensk stjórnvöld eigi að varast að fara gegn augljósum grundvallarreglum, meðal annars jafnræðisreglum EES-samningsins, sem þau hafa heitið að virða. Afbökun grundvallarreglna gerir hvorki þjóðinni né þjóðarútvarpinu nokkuð gott.

johannh@frettabladid.is

## VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



## MARKISUR



www.markisur.com

Ureim Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík • Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



# 10

2

Tvöfaldur  
pottur

# milljónir í fyrsta vinning!

**Stærri pottar  
– skemmtilegra Lottó!**

Nú eru vinningarnir hærrí, pottarnir stærri og meira af peningum sem þú getur átt von á. Náðu þér í Lottómíða á næsta sölustað eða á [lotto.is](http://lotto.is) fyrir kl. 18.40 á laugardag. Lottóið hefur aldrei verið skemmtilegra!





# Lostæti á grillið!

Bestir í kjöti  
**NÓATÚN**  
í 40 ár

Sparaðu

**500**  
kr. kg

NÓATÚNS  
LAMBALÆRI  
KRYDDAÐ / ÓKRYDDAÐ  
ÚR KJÖTBORÐI

**998** kr. kg

*Nóatún - bestir í kjöti!*

**20%**  
afsláttur

Gourmet BBQ

GRÍSAHNAKKI 1.379 kr. kg  
GRÍSAKÓTELETTUR 1.598 kr. kg

**20%**  
afsláttur

Gourmet BBQ

LAMBALÆRISSNEIÐAR 1.967 kr. kg  
LAMBAFRAMPARTSASN. 1.558 kr. kg

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

**Nýtt í  
Nóatúni!**

FYLLT LAMBAFILLET  
MEÐ SUÐRÆNNI FYLLINGU

**3.490** kr. kg



EGILS  
KRISTALL 2L

**129** kr. 2 l



NÓATÚNS  
SÆLKERAÍS 500 ml

**499** kr. stk



MAARUD  
FLÖGUR 350 G

**319** kr. stk





sparaðu **600** kr. kg  
 MÓA KJÚKLINGABRINGUR MAGNKAUP **1.895** kr. kg

# Grilleikur Nóatúns



**70.000 kr.**  
 gasgrill í verðlaun!!!

Ef þú kemur í Nóatún og kaupir þér eitthvað gómsætt á grillið þá færðu þátttökuseðil hjá kjötborði til að skrá þig í pott sem dregið verður svo úr miðvikudaginn 3. maí nk. Sá heppni vinnur glæsilegt gasgrill að verðmæti 70.000 kr.



**Vinnur þú?**



Úr Kjötborði Nóatúns

sparaðu **700** kr. kg  
**2.498** kr. kg

LAMBA-RIBEYE  
 BEINT Á GRILLIÐ



Úr Kjötborði Nóatúns

**Gómsætt grillspjót**

GRILLSPJÓT Í MIKLU ÚRVALI  
 ÚR KJÖTBORÐI - BEINT Á GRILLIÐ

*Lifðu lífinu í lit!*

**NÓATÚN**



PAPRIKA, RAUÐ  
 329 kr. kg




EPLI, GRÆN  
 129 kr. kg



MANGÓ  
 199 kr. kg



FLORETTE SUMAR SALAT  
 249 kr. pk



LIME  
 199 kr. kg



**NÓATÚN**

**OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA**



SIR ALFRED JOSEPH HITCHCOCK  
(1899-1980) LÉST ÞENNA DAG.

„Ég hef ekkert á móti  
lögreglunni, ég er bara  
hræddur við hana.“

Kvikmyndaleikstjórnirinn Alfred  
Hitchcock leikstýrði yfir sextíu  
myndum á ferli sínum.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST: 29. APRÍL 1913

### Einkaleyfi fæst á rennilásinn

Einkaleyfi fékkst á eina handhægustu uppfinningu heims í Bandaríkjunum þennan dag árið 1913. Uppfinningin var hönnuð með það að markmiði að festa saman brúnir á flik eða poka svo hægt væri að opna og loka aftur á einfaldan hátt. Á íslensku er gengur þetta fyrirbrigði undir nafninu rennilás og fæstir geta verið án hans.

Rennilásinn er gerður úr tveimur lengjum af efni með tönnum úr plasti eða málm. Ofan á tönnum liggur lítil lás sem ýtir tönnum í sundur eða saman



RENNILÁSINN ER 93 ÁRA

þegar hann er dreginn eftir röndunum. Vísir að búnaði þessum var fyrst sýndur á sýningu í Chicago árið 1893 af vísindamanninum Whitcomb L. Judson. Rennilásinn hans var aftur á móti með krókum í stað tanna. Það var svo Gideon Sundback, sænskur verkfræðingur sem starfaði í Bandaríkjunum, sem breytti rennilásnum í það sem hann er í dag. Sundback var sá sem fékk einkaleyfið í Bandaríkjunum þennan dag en um svipað leyti fékk Catharina Kuhn-Moos einkaleyfi fyrir svipuðum búnaði í Evrópu.

## MERKISATBURÐIR

- 1106 Jón Ögmundsson er vígður fyrsti Hólabiskup.
- 1429 Franska hetjan Jóhanna af Örk kemur inn í borgina Orléans á dögum hundrað ára stríðsins.
- 1945 Adolf Hitler giftist Evu Braun.
- 1945 Bandarísk herlið frelsa fólk úr útrýmingarúðum Þjóðverja í Dachau.
- 1967 Breski landhelgisbrjóturinn Brandur strýkur úr Reykjavíkurlöfnum með tvo íslenska lögregluþjóna um borð.
- 1994 Halldór Ásgrímsson tekur við formennsku í Framsóknarflokki af Steingrími Hermannssyni.
- 1998 Varðskip kemur með stóra flotkvi til Hafnarfjarðar. Flutningur hennar frá Bretlandi tók einn mánuð.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Hannesdóttir**

Hæðargarði 33, Reykjavík,

lést 19. apríl sl. á öldrunarlækningsdeild Landspítalans á Landakoti. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey samkvæmt ósk hennar. Þeim sem vildu minnst hennar er vinsamlega bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

Hrund Jóhannsdóttir Gunnar Jónsson  
Hanna Birna Jóhannsdóttir Árni Óli Ólafsson  
Rannveig Auður Jóhannsdóttir  
Sigurður Rafn Jóhannsson Margrét Runólfssdóttir  
Barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir ferum við þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og blyhub við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afá og langafa,

**Hreggviðs Hermannssonar**

læknis, Nónvörðu 14, Keflavík.

Lilja Jóhannsdóttir  
Margrét Hreggviðsdóttir Bjarni Guðjónsson  
Hermann Hreggviðsson Ágústa Hildur Gizuraradóttir  
Elín Kristín Hreggviðsdóttir Júlíus Sigurðsson  
Guðmundur Páll Hreggviðsson Sólveig Silfá Karlsdóttir  
Björn Blöndal  
Gísli Blöndal Sólveig Leifsdóttir  
James William Sandridge  
Jóhann Dalberg Kristín Ruth Helgadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæra

**Guðrún Sigbrúður Agnarsdóttir**

lést á Landspítala - Háskólasjúkrahúsi í Fossvogi hinn 24. apríl. Jarðsungið verður frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 2. maí kl. 14.00. Þeir sem vilja minnst hennar láti Landspítalan njóta þess.

Gunnhildur Gunnarsdóttir Guðmundur Sigurbergsson  
Sara Lind Guðmundsdóttir  
Hildigunnur Guðmundsdóttir  
Sunna Sigríður Guðmundsdóttir  
Daníel Diego og Emma Thorlacius  
Svava, Agnes, Hjaltína, Erna, Margrét, Sigmundur og Eyjólfur Agnarsbörn og fjölskyldur.

## LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.



**S:HELGASON**

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



IRMA GUNNARSÐÓTTIR FORMAÐUR FÍLD Mikið verður um dýrðir í Iðnó í dag þegar Félag Íslenskra listdansara stendur fyrir hátíð til að fagna alþjóðlegum dansdegi.

## ALPJÓÐLEGI DANSDAGURINN: HALDINN HÁTÍÐLEGUR Í DAG

# Dansdísir og atvinnulistdansar

Dansarar landsins draga fram betri skóna í dag á alþjóðlega dansdeginum. Mikið verður um dýrðir í Iðnó þar sem nemar í byrjunarsporunum jafnt sem lengra komnir listdansarar leika listir sínar.

„Í tilefni dagsins minnum við á listdansinn og að við erum til. Við ætlum að hafa það gaman,“ segir Irma Gunnarsdóttir, formaður Félags íslenskra listdansara. Félagið stendur fyrir dansgleði í Iðnó frá kl.16 en fjölbreytt opin dagskrá verður í boði fyrir almenning milli kl.16 og 17. „Það verður bryddað upp á ýmsum dansatriðum í tilefni dagsins, ungar dansdísir á aldrinum þriggja til fimm ára ætla að taka nokkur spor. Svo verða atvinnudansarar líka með uppákomur, meðal annars verður flutt sýnishorn úr nýju dansverki úr danshöfunda-

smiðju Íd.“ Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis en félagar í FÍLD og velunnarar listgreinarinnar eru boðnir sérstaklega velkomnir. Að dansdagsskrá lokinni verður vorfagnaður FÍLD haldinn á efri hæðum hússins „Þetta verður bara á léttu nótnum og við ætlum að skemmta okkur á þessum degi.“

Dagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur frá árinu 1982 þegar leikhúsmálastofnun UNESCO ákvað að gera 29. apríl að alþjóðlegum degi dansins, en dagurinn er tileinkaður fæðingarafmæli dansfrumkvöðulsins Jean-George Noverre sem fæddist árið 1727. „Þetta er líka góður tími til að fagna eftir veturinn því margir listdanskólanna eru að ljúka vetrarstarfi sínu. Dagurinn verður því eins konar uppskeruhátíð í leiðinni því danssýningum er flestum að ljúka um

þetta leytið, bæði hjá Íslenska dansflokki, skólum og sjálfstætt starfandi dansflokki. Þetta eru því góð tímamót til að fagna í víðu samhengi.“ Mikið er að gerast í dansinum um þessar mundir og hafa skólamálin verið sérstaklega mikið í umræðunni. „Nú í fyrsta sinn er boðið upp á listdansnám á háskólastigi á Íslandi og útskrifast listdansnemar frá Listaháskóla Íslands nú í vor af diplóma-braut sem er auðvitað sögulegt. Verið er að leggja Listdanskóla Íslands niður í þeirri mynd sem hann hefur verið en verið er að vinna í listdansmálum og koma með nýjar og vonandi betri námsleiðir.“ Irma er því bjartsýn á framhald listdansins hér á landi. „Mér finnst framtíð íslenskra listdansara líta ágætlega út en það á náttúrulega margt eftir að þróast og gerjast.“

## JARÐARFARIR

14.00 **Frú Þórhalla Gísladóttir**, ljósmóðir frá Skógargarði, Bergþórugötu 27, Reykjavík, verður jarðsungið frá Valþjófsstaðarkirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur vináttu, samúð og blyhub við andlát og útför elskulegrar eigin konu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Jóhönnu Þorgeirsdóttur**

kennara, Hlunnavogi 3.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á deild 12-G á Landspítalanum við Hringbraut.

Hjalti Jónsson, Þorgeir Hjaltason, Svanfríður Hjaltadóttir, Elín Hanna Pétursdóttir, Hjalti Geir Pétursson, Jónína Klara Pétursdóttir, Þórgunnur Hjaltadóttir, Sigurjón Ragnar Grétarsson, Kristbjörg Sigurjónsdóttir, Ragnhildur Sigurjónsdóttir, Ellisif Sigurjónsdóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir, Guðmundur Hjaltason, Bogey Ragnheiður Sigfúsdóttir, Daníel Bergmann Guðmundsson, Dagný Valgerður Guðmundsdóttir, Þorsteinn Hjaltason, Berglind Jóhannsdóttir, Jóhann Árnason, Karitas Þorsteinsdóttir.



Ástkær og yndislegur sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn og frændi,

**Svanberg Ingi Ragnarsson**

Skólavegi 9, Keflavík,

lést þriðjudaginn 25. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

Sigrún Ögmundsdóttir Ragnar Ólafur Sigurðsson  
Erla Ragnarsdóttir Gunnar Daníel Sveinbjörnsson  
Þóra Lilja Ragnarsdóttir  
Sigurður Bjarni Gunnarsson  
Kristín Erla Valdimarsdóttir Ögmundur Pétursson  
Þóra T. Ragnarsdóttir  
Karen Sigurðardóttir Svanberg Ingi Ragnarsson



VIÐ FELLSMÚLA

RAFVÖRU MARKAÐURINN

OPIÐ ALLA DAGA  
laugard. 10:00 - 17:00  
sunnud. 11:00 - 17:00

# MÖGNUM RAFMAGNSVERKFAERI



990-  
BORVÉL 500W



1280-  
SLÍPIROKKUR 600W



2490-  
FRÆSARI



4995-  
BÚTSÖG 1300W



1680-  
BÓNVÉL



5890-  
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W



2950-  
HJÓLSÖG 1400W



995-  
JUÐARI



2750-  
SMERSEL



1390-  
STINGSÖG 350W



2495-  
HLEÐSLUBORVÉL 18V



2975-  
STARTTÆKI



RAFSTÖÐVAR  
800W 19900-  
2200W 34900-  
5500W 59500-



989-  
LÓÐBYSSA Í TÖSKU



5850-  
FLÍASÖG





Inga Dóra er forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík en deildin tók til starfa síðasta haust. Eins og nafnið bendir til eru kennslu- og lýðheilsufræði kennd við deildina og er markmið hennar að mennta kennara og annað fagfólk sem vill sinna stefnumótun, stjórnun og rannsóknum í lýðheilsu og hafa með því áhrif á hag og líðan fólks. Sérstök áhersla er lögð á málefni barna og ungmenna. Meginhlutverk Háskólans í Reykjavík er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og segir Inga Dóra nýju deildina falla vel að því hlutverki. „Menntun barnanna okkar og efling heilsu þeirra og velferðar er grunnur samfélagsins. Það blómstra engin viðskipti ef einstaklingarnir eru ekki heilbrigðir.“ Inga Dóra segir að við uppbyggingu deildarinnar hafi það verið haft að leiðarljósi að reyna ekki að finna upp hjólið. Kannað var hvar í heiminum best væri staðið að kennslu á þessum sviðum og efnt til samstarfs við viðkomandi skóla. „Við leggjum áherslu á að læra af því sem best er gert annars staðar og fáum marga kennara að utan til liðs við það góða fólk sem hér starfar. Náð samstarf er á milli deildarinnar og Columbia háskóla í New York og þaðan koma margir kennaranna.“

Fyrsta starfsár deildarinnar er senn að baki og hefur gengið vel. „Það er heilmikil vinna fólgin í að setja nýja deild á laggirnar og við bætist að lýðheilsufræðin er nýtt svið á Íslandi.“ Beðin um að útskýra í stuttu máli um hvað lýðheilsufræði fjalla segir Inga Dóra þau í raun vera viðsnúning á hugsuninni um heilbrigði. „Í staðinn fyrir að einblína á sjúkdóma og stöðu mála þegar við erum orðin veik, eflum við heilbrigði áður. Reynum að koma í veg fyrir veikindi.“ Vopnin í slíkrí baráttu eru rannsóknir og þekking á að vinna með niðurstöður þeirra.

#### Þrífst á rannsóknum

Innan kennslufræði- og lýðheilsudeildar starfar rannsóknarstofnun sem heitir Rannsóknir & greining, sem er stofnuð upp úr Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála. Þar var Þórólfur Þórindsson, prófessor við Háskóla Íslands, helsti forvígismaður og vann Inga Dóra við stofnunina hjá sínum gamla kennara. Rannsóknir & greining hefur unnið að rannsóknum í þágu stefnumótunar sem snýr að því að bæta hag og líðan ungs fólks og eru niðurstöður rannsókna notaðar í flestum sveitarfélögum landsins. Það eru einmitt slíkar rannsóknir sem eru líf og yndi Ingu Dóru. „Ég þrífst á rannsóknum“, segir hún og bætir við að hún sé hugsjónarmanneskja, drifin áfram af hugmyndinni um betra samfélag.

„Í rannsóknum á þróun vímuefnaneyslu á tíunda áratugnum sáum við að umtalsverð aukning var á neyslu áfengis og ólöglegra vímuefna. Við settumst því niður með stefnumótunaráðilum og fólki sem vann á vettvangi með börnum og unglíngum og mótuðum stefnu sem ætlað var að ná eyrum foreldra. Skilaboðin áttu að vera skýr; útivistarreglur ber að virða, eftirlitslaus partí eru óæskileg og magn þess tíma sem börn og foreldrar verja saman skiptir máli, ekki bara gæði hans.“ Unnið var að verkefniinu í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og árangurinn er mælan-



SANNKALLAÐ ÆVINTÝRI Inga Dóra Sigfúsdóttir segir það tækifæri lífs hennar að fá að byggja upp kennslufræði- og lýðheilsudeild við Háskólann í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

## Knúin áfram af áhuga á að fólki líði vel

Forvarnir eru nýjasta útflutningsvara Íslendinga. „Íslenska módelinu“ verður ýtt úr vör í tíu borgum Evrópu í haust og öfugt við annan útflutning verður árangurinn ekki mældur í peningum heldur betri samfélögum. Inga Dóra Sigfúsdóttir fer fyrir verkefninu og í samtali við Björn Þór Sigbjörnsson segir hún frá hugsjónum sínum og baráttunni fyrir bættri líðan fólks.

legur. „Við höfum sannanlegar vísbendingar um að vímuefnaneyslan minnkaði um leið og samverustundum með fjölskyldunum fjölgaði.“

Góður árangur þessa forvarnarstarfs hefur vakið athygli utan landsteinanna þar sem það er kallað „Íslenska módelið“. Í hönd fer framkvæmd þess í tíu borgum Evrópu: Helsinki, Osló, Stokkhólmi, Belgrad, Ístanbúl, Pétursborg, Sófíu, Vilnius, Kaunas og Klaipeda.

„Við búum vitaskuld að því hér að það er auðvelt að koma skilaboðum á framfæri vegna þess hve fá og upplýst við erum. Við vitum hins vegar ekki hvernig þetta virkar í stórum borgum. En það er fyllilega þess virði að reyna, ungl-

inganna vegna.“ Kannanir verða gerðar í haust og svo aftur árin 2008 og 2010 og í millitíðinni verður unnið með heimafólki að því að reyna að hafa áhrif á hegðun ungmennanna með svipuðum hætti og gert var hér. Ólafur Ragnar Grímsson er verndari verkefnisins og Actavis fjárhagslegur bakhjarl þess.

#### Trúuðum líður betur

Á síðustu árum hefur Inga Dóra komið að fjölmörgum rannsóknum á hegðun og viðhorfum ungs fólks og veit hvað klukkan slær í þeim efnum. „Ég hef helst rannsakað þann hóp barna sem er undir álagi vegna erfiðra heimilisaðstæðna og meðal þess sem ég sé er að skilnaður foreldra hefur út af fyrir sig ekki slæm áhrif á líðan barna. Átökin sem oft verða á undan og eftir segja á hinn bóginn til sín. Það er því ástæða til að brýna fyrir foreldrum sem á annað borð ætla að skilja að gera það í sátt því þannig líður börnunum betur.“

Inga Dóra nefnir aðra rannsókn sem sýndi að námsárangur barna er betri í þeim skólum þar sem foreldrar mynda með sér sterkt tengslanet. Skiptir þá ekki máli hvort allir foreldrar tengist þessu sterka neti eða ekki, sé það til staðar er líklegt að árangur allra barna verði betri.

Bækur og greinar eftir Ingu Dóru hafa birst á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi. Nú síðast var samþykkt grein um rannsókn hennar á áhrifum trúar á sálarlíf unglíngja sem búa við erfiðar aðstæður. „Ég skoðaði hvort trúin

geti haft áhrif á líðan barna og dregið úr líkum á þunglyndi og reidi. Það eru greinilega mjög sterk tengsl þar á milli, trúin virkar. Unglíngum sem eru trúaðir líður betur og þeir eru ólíklegri til að brjóta af sér“, segir Inga Dóra en það var rík trú annarrar dóttur hennar sem vakti áhuga hennar á viðfangsefninu.

Í gagnabönkum Rannsóknar & greiningar eru til upplýsingar um líðan ungs fólks allt frá árinu 1992. Viðtekin skoðun er að krökkum líði verr í dag en áður, enda mikið fjallað um að þunglyndi hafi aukist, neysla lyfja vaxið hratt og algengara en fyrr að börn séu send til sálfræðinga, geðlækna og félagsráðgjafa. Inga Dóra segist vera að vinna að samantekt á efninu og fyrstu niðurstöður bendi til að líðanin hafi ekki versnað á umræddu tímabili. Of snemmt sé þó að fullyrða nokkuð um það.

#### Hættur steðja að

Íslenskt samfélag hefur breyst mikið á skömmum tíma, hraðar en almennt gerist um samfélög. Þeim miklu breytingum fylgja bæði tækifæri og ógnir og segir Inga Dóra að margar hættur steðji að æskunni. „Það er hættulegra að vera unglíngur í dag en fyrir nokkrum áratugum. Allt hefur breyst og heill kultúr gerir út á að hafa áhrif á hegðun unglíngja. Það er miklu meira í boði en var, til dæmis fleiri tegundir vímuefna.“

Meðal þess sem er öðruvísi en áður er að nú búa stórfjölskyldurnar ekki undir sama þaki. Áður nutu börn þess oft að hafa afa og

ömmur á heimilinu og þannig var gildum miðað á milli kynslóða. „Nú eru oft og tíðum afa og amma á dvalarheimilum aldraðra, pabbi og mamma í vinnunni og börnin í skólanum“, segir Inga Dóra og tekur undir að fjölmargir hafi í raun falið stofnunum uppeldi barna sinna. „Við höfum varpað ábyrgðinni yfir á aðra og horfum um leið á skólann sem einangrað fyrirbæri eins og þar spretti börnin út úr veggjunum. Þar komi vandamálin upp og þar eigi að leysa þau. Auðvitað er þetta ekki þannig. Það sem gerist innan skólans má að verulegu leyti rekja til þátta sem liggja utan hans og það gildir um flest, einnig námsárangur barna. Hann ræðst mjög af þáttum sem liggja utan skólans sjálfs. Það þarf því að huga að börnum og unglíngum sem einstaklingum, ekki bara nemendum. Foreldrar þurfa að passa upp á börn sín sem aldrei fyrr og við verðum að sjá til þess að þeim sem starfa í þágu barna og ungmenna, bæði innan og utan skóla, standi afbragðsmenntun til boða.“

Inga Dóra er þó ekki viss um að áhugi á uppeldi hafi almennt dvínnað og telur fæðingarorlof feðra stuðla að því gagnstæða. Hún sá hins vegar íslenskt samfélag í nýju ljósi þegar hún bjó í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum þar sem hún nam við Penn State háskólann. „Mér brá óneitanlega talsvert. Þarna vann fólk mun styttri vinnudag en við gerum og fór að honum loknum heim til að sinna börnunum sínum. Þetta var nýtt fyrir mér því hér er þetta allt öðruvísi. Við þurfum að gæta miklu betra jafnvægis og ef við ætlum að byggja upp heilbrigðar kynslóðir þurfum við að sinna börnunum okkar.“

#### Dæturnar stóra áhugamálið

Inga Dóra Sigfúsdóttir er ekki bara í vinnunni þegar hún situr við skrifborðið sitt í Háskólanum í Reykjavík. Starfið er góður vettvangur til að vinna að hugsjóninni um betra samfélag. „Þetta er sannkallað ævintýri. Að fá að byggja upp þessa deild er tækifæri lífs míns.“ Hugsjónin er svo sprottin af brennandi áhuga á að fólki líði vel. „Þetta er kannski eiginlegi en mér líður ekki vel nema fólkinu í kringum mig líði vel“, segir hún og hlær. Aðsókn í námið er góð og telur Inga Dóra að því muni fylgja fjölmörg atvinnutækifæri í framtíðinni. „Fólk með lýðheilsuáhrifum verður lykilmál og fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum því þau munu vilja efla heilbrigði starfsmanna, íbúa og samfélags. Frumkvöðlahópurinn, sem hóf nám hjá okkur í haust, er mjög sterkur og það verður áhugavert að fylgjast með honum og næstu árgöngum að námi loknu. Innan hópsins er fólk með mismunandi bakgrunn, heilbrigðisstarfsfólk, kennarar, viðskiptafræðingar, félagsvísindafólk og svo mætti áfram telja.“

Után vinnunnar á Inga Dóra eitt stórt áhugamál, sem er tvíbura-dæturnar Erala og Sonja sem eru tíu ára. „Við verjum miklum tíma saman, öllum þeim tíma sem ég á afgang.“ Af öðrum áhugamálum nefnir hún íþróttir og lestur.

Fyrir rúnum áratug kynntist Inga Dóra innviðum stjórnmálanna þegar hún vann með nokkrum ráðherrum – var aðstoðarmaður Ólafs G. Einarssonar og vann ýmis verk efni fyrir Davíð Oddsson, Friðrik Sophusson og Björn Bjarnason. Hún segist búa að þeirri reynslu og dýrmætt sé að hafa fengið inn-sýn í stjórnmálið.

Inga Dóra hefur margþætta menntun að baki, fyrst lærði hún stjórnmálafræði og síðar sálfræði og félagsfræði. Lengst af var hún í Háskóla Íslands en einnig í Penn State skólanum í Pennsylvaníu. Og hún unir sér vel á skólabeck.

„Mér finnst mjög gaman í skóla og á tímabili hélt ég að ég myndi aldrei þrífast á vinnumarkaði. En nú er ég komin hingað og finnst það alveg frábært.“

Og Inga Dóra hefur auðvitað mótað sér sýn á framtíðina þegar lýðheilsurannsóknir eru þegar vegar. „Við getum orðið fremst þjóða í slíkum rannsóknum, forvörnum og lýðheilsu og eigum að setja okkur það markmið.“ ■

**Bónus býður á ball á Broadway!**  
Sunnudagskvöldið 30. apríl **18 ára** aldurstakmark  
býður Bónus á ball á Broadway.

Stuðmenn og Birgitta Haukdal leika fyrir dansi.  
Húsið opnað 12.00 á miðnætti.

**Bónus býður betur!**  
Aðgangur ókeypis gegn framvísun þessa miða.  
MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR

**Stuðmannaball!**



## BÆTTIR AKSTURSEIGINLEIKAR

Megane II phase 2 línan frá Renault er frumsýnd hjá B&L í dag.

BÍLAR 2



## RÚMIN LÁTA FÓLKI LÍÐA VEL

Vönduð rúm og springdýnur eru aðalsmerki fyrirtækisins RB rúm sem framleitt hefur þessa vöru í sextíu ár.

HEIMILI 5

# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[ FERÐIR, HEIMILI OG BÍLAR ]

**Fuglaskoðunarferð** verður farin á vegum Ferðafélags Íslands í samvinnu við Fuglavernd þann 13. maí næstkomandi. Jóhann Óli Hilmarsson verður fararstjóri og skoðað verður fuglalíf í Hafnarfirði og á Reykjanesi. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Ferðafélaginu.

**Rýmingarsala** stendur nú yfir í Tölvulistanum á sýningarfartölvum og fartölvum sem eru lítillega útlitsgallaðar. Vélarinn vinna þó fullkomlega og eru allar með tveggja ára ábyrgð. Kjörð tækifæri til að fá sér ódýra fartölvu eins og virðist vera til á öðru hverju heimili. Rýmingarsalan stendur á meðan birgðir endast.

**Bestu bílarnir** með tilliti til eldsneytisneyslu, hagkvæmni og notagildi í

öllum stærðarflokkum voru nýlega valdir af CNN-fréttastofnunni. Niðurstöðurnar eru fróðlegar og má nálgast á heimasíðunni [cnn.com/AUTOS](http://cnn.com/AUTOS).



Jón Kr. Stefánsson segir sitt eftirminnlegasta atvik í bíl vera þegar hann keyrði Porsche á 250 km hraða.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn  
29. apríl, 119. dagur ársins  
2006



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík	5.07	13.25	21.45
Akureyri	4.40	13.10	21.42

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á [visir.is](http://visir.is)

# Á 250 km hraða

Jón Kr. Stefánsson er sölustjóri nýrra bíla í Bílabúð Benna. Þar hefur hann umið í rúm tíu ár.

Áður en Jón gekk til liðs við Benedikt í Bílabúð Benna rak hann eigin bílasölu á Bíldshöfða. Í nokkur ár hafði hann selt notaða bíla sem Benedikt hafði áskotnast. „Benni hringdi svo í mig um áramótin '95-'96 og spurði mig hvort ég vildi taka þátt í nýju verkefni sem hann var að fara út í,“ segir Jón. „Hann var að hefja innflutning á Musso bifreiðum og vildi fá mig með sér í það.“ Úr varð að Jón seldi bílasölu og hóf störf hjá Bílabúð Benna. Það er ákvörðun sem hann segist ekki sjá eftir.

Af þeim 3.000 bílum sem Jón hefur kynnt og átt þátt í að selja er ein tegund sem lætur aðrar tegundir fölna í samanburði. „Það er ósanngjarn gagnvart öðrum framleiðendum að bera bíla þeirra saman við Porsche,“ segir Jón. Hann keyrir samt sem áður ekki um á Porsche. Jón er fjölskyldumaður og ferðast mikið með alla hersinguna þvers og kruss um

landið. „Ég á Musso jeppa en ég er búinn að keyra allar gerðir slíkra jeppa, sjálfskipta, beinskipta og alla vega breytta. Ætli þetta séu ekki orðnir 500.000 km á tíu árum í Musso,“ segir Jón.

Eftirminnlegasta atvikið á ferli Jóns var þegar hann fór í kynnisferð til Portúgals á vegum Porsche. „Eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert var þegar ég, nafni minn Eyjólfsson, og Benni fórum í smá kappakstur. Við vorum allir á Porsche og keyrðum níu hringi á braut sem fram til 1999 var notuð í Formúlu 1 kappakstri en er nú notuð í Formúlu 3000,“ segir Jón. Það vildi þannig til að Jón var á rásþól og Benedikt var í næsta bíl. „Svo var bara kappakstur,“ segir Jón. Þó svo að Benedikt vilji meina að þetta hafi ekki verið mikill kappakstur, of fáir hringir og að Jón hafi byrjað á undan var Jón óumdeilanlega fyrstur yfir endamarkið. „Það er ólýsanleg tilfinning,“ segir Jón. „Það ættu allir að fá að prófa þetta. Keyra yfir endalínuna á Porsche á 250 km hraða með yfirmanninn á eftir sér.“

[tryggvi@frettabladid.is](mailto:tryggvi@frettabladid.is)

## Frönskunámskeið

### Hefjast 2. maí

- námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- námskeið fyrir börn
- einkatímar / taltímar
- franska fyrir ferðamenn

Netfang:  
[alliance@af.is](mailto:alliance@af.is)

Veffang:  
[www.af.is](http://www.af.is)

Innritun 2.-13. janúar  
í síma 552 3870

TAKTU NÆSTA SKREF

# AÐ TAKMARKKINU

LÆGRI  
LANTÖKU  
KOSTNAÐUR

ALLT AÐ  
75%  
LANS  
HLUTFALL

ÞEKKING &  
ÞJÓNUSTA

### ATVINNUHÚSNÆÐISLÁN

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa á atvinnuhúsnæði. Lánin eru verðtryggð og geta numið allt að 75% af kaupverði fasteignar. Þú velur húsnæðið sem hentar þér – okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu okkur póst á [frjalsi@frjalsi.is](mailto:frjalsi@frjalsi.is). Þú vinnur betur í eigin húsnæði!

FRJÁLSI  
FJÁRFESTINGARBANKINN





## SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep

CHRYSLER



### BÍLJÖFUR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is



Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni. Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400

## Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991  
rafstilling@rafstilling.is



Fimm dyra Meganinn er þekktastur í Megane II línunni enda sker hann sig úr fjöldanum vegna óvenjulegrar hönnunar á afturhleranum.

## Bættir aksturseiginleikar og útlit

Megane II phase 2 línan frá Renault er frumsýnd í dag hjá B & L.

Megane II línan spannar mikla breidd. Þekktasta gerðin er eflaust 5 dyra bíllinn, sem sker sig úr fyrir óvenjulega hönnun afturhlutans ásamt skothleranum, en auk hennar telur phase 2 línan fjórar gerðir til viðbótar, 3 dyra Sport Hatch, 4 dyra Saloon, langbakinn Sport Tourer og Coupé-Cabriolet glerblæjubíllinn. Megane II línan var fyrst kynnt hér á landi í ársbyrjun 2003. Með phase 2 er verið að vísa til þess að línan

birtist nú með nokkuð breyttum áherslum, bæði hvað útlit varðar og eins í tæknilegu tilliti. Það á þó ekki við stærstu bíla línunnar, fjölnotabíla Scenic og Grand Scenic sem eru væntanlegir í phase 2 útgáfu síðar á árinu.

Grill, framstuðari og fram- og afturljós hafa verið endurhönnuð og nýir litir hafa bæst við. Að innan eru nýjar gerðir af áklæði og endurhannað mælaborð. Að mati Heiðars J. Sveinssonar, forstöðumanns sölusviðs B&L, eru þó breytingar sem augað ekki nemur enn áhugaverðari.

„Megane II línan hefur hingað til aðallega verið þekkt fyrir

skemmtilega aksturseiginleika og rásfestu. Í phase 2 útgáfunni hefur verið skert á þessum eiginleikum, þannig að þeir eru enn þéttari en áður. Þetta má meðal annars rekja til þess að rafstýrið í línunni hefur verið uppfært þannig að svörunin er enn betri,“ segir Heiðar og bendir jafnframt á að aksturseiginleikar línunnar njóti sín enn betur með þeim vélarkosti sem komi með nýju phase 2 línunni, tvær bensínvélur 1,6 l og 2 l, aflmiklar en sparneytnar og tvær áhugaverðar díselvélur 1,5 l 105 ha og 1,9 l 130 ha.

Loks má geta þess að sérstakur gestur á frumsýningunni er bílaáhugakonan Sívía Nót.

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

## TUCSON

2.0L bsk. 142. hö  
Kr. 27.177 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



## STÓRI HM LEIKURINN



Langar þig að upplifa stærsta íþróttaviðburð í heimi?

Þú kemst í pottinn með því að reynsluaka Hyundai hjá B&L, borða á McDonalds eða fara inn á Icelandair.is

- ✓ 4 VIP miðar á úrslitaleikinn í HM 9.júlí
- ✓ 2 miðar á leik í undanúrslitum
- ✓ 2 miðar á leik í 16-liða úrslitum
- ✓ 2 miðar á leik Brasilíu og Króatíu í F-röð
- ✓ 10 helgarferðir fyrir tvo með Icelandair
- ✓ 400 máltíðir frá McDonalds
- ✓ 500 Hyundai HM-leiðubollar



Með bílinn handa þér

**HYUNDAI** hefur gæðin

Umoðsmenn um land allt

Keflavík 421 4444

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524





## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

## Kýrskírir vordagar

Vorið er komið. Það heyrði ég greinilega á fimmtudaginn. Það var þó ekki lóusöngur eða lækjarniður sem hljómaði um útstæð eyru mín. Ónei, það voru japönsk mótörhjól sem var verið að þenja. Allan liðlangan daginn, í öllum bæjarfélögum sem ég kom við í. Með hækkandi sól fara mótörhjólamaenn og -konur undir bert loft með fáka sína í fyrsta sinn svo mánuðum skiptir og þá er freistandi að sletta aðeins úr klaufunum.

Sama gildir reyndar um unga menn á hraðskreiðum bílum. Þessir hópar eru eiginlega eins og kýr sem er verið að hleyfa út á vorin. Með brussugang og rassaköst út um allt. Hvort sem það er vorsólin eða hið aukna hormónaflæði sem einkennir líf unga fólksins að vori, þá verða þeir skyndilega meira áberandi í umferðinni þessa dagana. Og þegar maður er áberandi í umferðinni á hraðskreiðum bíl, þá er það sjaldnast af góðu.

Ég var á heimleið að kvöldi þessa sama dags, með snert af mígreni eftir alla mótörhjólþensluna í kringum mig, og rak augun í það fyndnasta, en jafnframt heimskulegasta, sem ég hef séð í margar vikur. Á Miklubrautinni tóku fram úr mér tveir bílar. Samtímis. Ekki nóg með það, heldur voru þeir

nákvæmlega eins. Sama gerð af sportbíl, sami litur, sömu vindskeið, sömu filmur, sömu felgur. Eini munurinn sem ég sá var að annar hafði splæst í einkanúmer. Hinn var með svartan hund hálfan út um afturhurðina.

Og þessir ungu menn höfðu sem sagt ákveðið að Miklubrautin væri hentugur staður til að spyrna. Sem er heimskulegt á svo marga vegu að ég veit varla hvar á að byrja. Sneiðum fram hjá því augljósa, eins og að þeir hafi vísitandi verið að stofna lífi og limum annarra vegfarenda í hættu (og hundsins – hvers á hann að gjalda?), og förum beint í það fyndna: Þeir voru að spyrna – á eins bílum. Um hvað voru þeir að keppa? Hvor ökumaðurinn væri feitari? Hvor yrði bensínlaus á undan? Hvor vindskeiðin væri verr skrófuð á og dytti fyrr af? Hversu mikil loftmótstaða væri af hundinum?

En svo fór ég að hugsa um kýrnar. Þeim er auðvitað alveg sama hver þeirra er fyrst út úr fjósinu og hvort þær eru allar eins eða ekki – þær skulu samt sem áður hoppa og skoppa sem óðar væru. Rétt eins og þessir ungu menn á þessu fallega fimmtudagskvöldi. Gallinn er bara sá að Miklubrautin er ekki beinlínis hentugur staður fyrir beljur...

## Ford GT á Íslandi

Hefur stutta viðkomu á leiðinni til nýs eiganda.

Það er ekki á hverjum degi sem Íslendingur gefst kostur á að skoða goðsagnakennda bíla á borð við Ford GT með eigin augum. Það var því heldur betur happafengur að rekast á einn slíkan í dótábúð Bílabúðar Benna í vikunni.

Samkvæmt starfsmanni þar var bíllinn keyptur fyrir viðskiptavin í Evrópu sem átti erfitt með að finna slíkan bíl sjálfur. Til að leyfa bílaáhugamönnum að skoða bíllinn var ákveðið að hann hefði viðkomu hér á landi.

Bílabúð Benna hefur selt bíla á borð við Porsche, Ferrari Enzo og Bentley út um allan heim og hefur oft tækifæri til að útvega bíla sem



Bíllinn stendur í dótábúð Bílabúðar Benna, gestum og gangandi til yndisauka.

viðskiptavinir ættu erfitt með að nálgast sjálfir.

Ford GT bifreiðin hefur vakið óskipta athygli og mun gleðja gesti og gangandi fram yfir helgi.

## Bílasýning í júní

TÍMARITÍÐ BÍLAR & SPORT BLÆS TIL SÝNINGAR Í LAUGARDALNUM.

Dagana 9. til 11. júní næstkomandi mun tímaritíð Bílar & Sport standa fyrir stórsýningu bíla og mótorsports á Íslandi. Sýningin mun verða í anda stóru bílasýninganna sem haldnar eru erlendis en á boðstólum verða meðal annars hugmyndabílar, sportbílar, breyttir jeppar, nýir bílar og fornbílar. Þá munu vélsleðar, bátar, flugvélar og önnur tæki og tól einnig fá sinn skerf. Sýningin verður í nýju íþrótt- og sýningahöllinni í Laugardal.

## VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum  
Allir hlutir til kerrusmiða



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Sendum frítt um allt land!

## Jeppadekk



Vortilboð!  
31" heilsársdekk  
kr. 11.900  
(31x10.50R15)

Aðrar stærðir:  
27" 215/75R15, kr. 7.900  
28" 235/75R15, kr. 8.900  
30" 245/75R16, kr. 10.900  
32" 265/75R16, kr. 12.900

**ALORKA**

Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080



miðstöð bílaunnenda  
sími 544 4540 | www.lodur.is

ALGER  
NÝJUNG  
Á ÍSLANDI

Höfum  
opnað

## SNERTILAUŠ BÍLAÞVOTTASTÖÐ

AÐEINS ÞAÐ BESTA FYRIR BÍLINN ÞINN  
ENGIR BURSTAR, BARA VATN OG SÁPA

HÖNNUN, MYNDLIST, ARKITEKTÚR?



### MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

býður upp á heilsdagsnám í tveim deildum skólaárið 2006 – 2007, til undirbúnings háskólanámi í sjónmenntum.

### KERAMIKKJÖRSVIÐ

21 einingar, í samvinnu við Iðnskólann í Reykjavík.


### MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ / FORNÁM

39 einingar, skipulagt með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla.

Inntökuþróf fyrir Myndlista- og hönnunarsviðið verður haldið **laugardaginn 27. maí**.

### UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 17. MAÍ

Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði deildanna er að finna á heimasíðu skólans.



Allir kennarar skólans eru starfandi myndlistamenn, hönnuðir eða arkitektar.

### MÓDEL-TEIKNING

5 daga námskeið, 15. - 19. maí.



Leonardo da Vinci

**MYNDLISTASKÓLINN**  
THE REYKJAVÍK SCHOOL OF ART  
Í REYKJAVÍK  
HRINGBRAUT 121 • 107 REYKJAVÍK • Sími 551 1990

www.myndlistaskolinn.is • mynd@myndlistaskolinn.is • fornarn@myndlistaskolinn.is



# skín...



## Með saumaklúbbnum til Berlínar

„Ég er á leiðinni til Aþenu á Eurovision keppnina þar sem ég verð fulltrúi Rásar 2 á staðnum. Við leggjum í hann 11. maí og verðum í 10 daga það verður vonandi frábært lærdómsríkt skemmtilegt og mikil vinna. Síðan fer ég í lok maí til Berlínar með saumaklúbbnum mínum sem heitir Tottenham í ferð sem við erum búnar að vera að plana í tvö ár. Við erum allar nýbúnar að eiga stórafmæli og í stað þess að gefa afmælisgjafir þá lögðum við alltaf ákveðna upphæð við hvern afmælisdag inn á bankabók. Svo fórum við í Kólportíð með allt dótið úr geymslunum og græddum vel á því. Við verðum í fimm daga á lúxushótelum í miðborginni og ég hlakka mikið til. Ekki skemmir heldur fyrir að ég er altalandi á þýsku eftir að hafa búið í Austurríki í 6 ár þar sem ég var í háskólanámi. Nú síðan eru það allar útilegurarnar á Íslandi, ég elska íslenska sumarið og er sannkölluð útilegurotta. Pollamót og þæjumót og allt það. Í byrjum september fórum við síðan fjölskyldan til Suður Afríku og hittum filana eins og 4ra ára sonur minn orðar það. Já það er bara heilmargt á dagskránni hjá mér...“

Hrafnhildur Halldórsdóttir, dagskrárgerðarmaður á Rás 2



## Ferðast um með hústjaldið

„Við hjónin festum kaup á hústjaldi í fyrrasumar og planið er að nota það meira í sumar en í fyrra. Tvær ferðir eru nú þegar ákveðnar. Við förum á ættarmót í Aðaldal og svo förum við á Esso fótboltamótið á Akureyri þar sem sonurinn keppir fyrir KR. Síðan langar mig á Snæfellsnes en ég uppgötvaði Djúpálónssand þarí fyrra sem mér finnst æðislegur staður og verð bara að komast þangað aftur. Síðan er ekki ólíklegt að við förum í hóperð á Þingvelli ásamt góðu fólki en við höfum nokkrum sinnum gert það en þá er tjaldað í hring og mikið fjör.“

Elín Reynisdóttir, förðunarfræðingur



## KÚBUÆVINTÝRI TINNA ÞÓRUDÓTTIR ÞORVALDSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ HAVANA

# Mótmæli á morgun, skyldumæting!

Hér á Kúbu er einræðisherra. Hann heitir Fidel Kastró og er að mörgu leyti meiri míta en maður. Hann er í hugum margra sveipaður miklum töfra- og hetjuljóma, enda unnið til þess standandi uppi í hárinu á voldugustu þjóð heims í 47 ár, og ekki dauður enn. Á hverjum degi er í sjónvarpinu, samstilltur, pólitískur umræðubáttur sem heitir La Mesa Redonda, eða Hringborðið. Þetta er svona Kastljós-dæmi nema meira beinn pólitískur áróður, engir léttrir föstudagar skulum við segja. Í staðinn kemur Kastró stundum á föstudögum, einn eins og Dabbi gerði heima, og talar og talar. Klukkutími er ekki nærri nóg fyrir þennan mann svo öll föstudagsdagskráin

frestast eða er sleppt, oft til miðnættis.

Einn föstudag tilkynnti Fidel að það yrði haldin mótmælaganga gegn Bandaríkjunum. Það er margt sem er ólíkt með mótmælagöngum hér og heima. Helsti munurinn er að hér er skyldumæting. Hann er hress á því kallinn. Hér eru vinnustaðir og skólar sem refsfa fólk ef það mætir ekki, laun eru dregin af fólk og annað í þeim anda.

Gangan byrjaði klukkan átta um morgun og fólk sem býr í úthverfunum þurfti að vakna klukkan fjögur um nóttina til að taka rútu í gönguna. Úff, og ég svaf að sjálfsögðu yfir mig og mætti klukkan ellefu, guði sé lof, því að ganga í hita og

skínandi sól frá ellefu til þrjú var alveg nóg. Ein milljón og fjögurhundrað þúsund höfuðborgarbúar mættu til leiks en það skelfilegasta var að ákveðinn fasistabragur var yfir mótmælagöngunni. Þarna var fólk að þramma þetta þreytulegt í sól og hita, hugsanlega að pissa á sig, og sagði viva þegar það átti að segja það og veifaði litlu pappírsfánunum sínum. „Viva Fidel, VIVA! Viva el socialismo, VIVA!“ O.s.frv.

En það var líka gaman og við sneikuðum okkur inn þar sam fólk var með trommur og söng og dansaði; Kúbanir hafa ótrúlegan hæfileika til að gera það besta úr hlutunum. Var samt glöð að koma heim, sérstaklega þar sem okkur hafði



Í HLUTVERKI FYRIRMYNDARBORGARANS Greinarhöfundur svaraði kalli Kastrós og mætti í mótmæli gegn Bandaríkjunum.

tekist að gleyma sigarettunum ... sem setti svoltið punktinn yfir fasismann og heita sólina.

NISSAN X-TRAIL 

# FULLBÚINN Á FRÁBÆERU VERÐI!



## Ríkulegur staðalbúnaður

17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilar, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:

„Bestur“ – *Fifth Gear*

„Best recreational 4x4“ – *Auto Express*

„Best compact 4x4“ – *What Car?*

„Best in class“ – *Channel 4*

„Best Small Wagon“ – *Overlander Magazine*

Verð á Nissan X-Trail Sport **2.990.000 kr.**

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Selfossi 482 3100	Njarðvík 421 8808	Akranesi 431 1376	Höfn í Hornafirði 478 1990	Reyðarfirði 474 1453	Akureyri 461 2960
-------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	----------------------------	----------------------	-------------------



# Hleypir út egóinu eins og kálfi að vori

Jóni Jónsdóttir er einn þriggja meðlima Gjörningaklúbbsins, skemmtilegasta og frumlegasta listamannahóps Íslands og þó víðar væri leitað. Jóni vinnur nú að sinni fyrstu einkasýningu en efniviðinn sækir hún víða, allt frá draumafangara, sjálfskoðun í Árbæjarlaug og freistingarhvísli höggormsins. *Bryndís Bjarnadóttir* ræddi við listakonuna.

**B**úningarnir frusu hreinlega utan á okkur Ingibjörgu Stefánsdóttur leikkonu sem leikur hinn aðilann í sjálfri mér," segir Jóni um myndbandsverk sem verður sýnt á fyrstu einkasýningu hennar í vor. Verkið var tekið upp af Bjarna Grímssyni á tólf klukkutímum í Árbæjarlaug í tíu stiga gaddi í vetur.

„Þetta er munúðarfullt myndbandsverk sem nefnist Bönd og er tekið í sundlauginni. Við erum í eldraudum kjólum sem flaksa eins og kóralar á botni Miðjarðarhafsins. Eins og með svo mörg verka minna á sýningunni er þetta einnig stef við minningar mínar af ferðalögum. Þetta ætti kannski bara að vera sýning fyrir ferðamenn," heldur Jóni áfram og brosir út í annað. „En svona að öllu gamni slepptu þá fjallar þetta verk ekki um systur eða elskendur heldur lýsir það tilraun til sjálfskoðunar. Við Ingibjörg hittumst fyrir nokkrum árum síðan og komumst að því að margir halda að önnur okkar sé hin.“

## Vill að fólk hafi gaman af verkunum

Jóni hefur starfað með Gjörningaklúbbum í tæpan áratug. Að klúbbum standa þrjár ungar og metnaðarfullar konur en vinkonurnar hafa ferðast heimshornanna á milli og sett upp fjölda sýninga sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda. Vettvangur sýningarinnar er Gallerí Turpentine við Ingólfsstræti og þar mun ýmislegt gæla við augað allt frá innsetningum og vídeóverki til ljósmynda. Efniviðinn sækir Jóni úr öllum áttum, allt frá draumafangara fengnum frá menningararfi indíána, innsýn í regnskóga Ástralíu, afturhvarfi til náttúrunnar, freistingarhvísli höggormsins og sátt Evu við að hafa syndgað, áður nefndri sjálfskoðun í Árbæjarlaug og togstreitu systrasambanda.

„Hugðarefni mín eru af ýmsum toga og verkin á sýningunni eru glefsur héðan og þaðan af fólk, ferðalögum, náttúru eða hverju því sem komið hefur til mín á einn eða annan hátt og verkin eru sýn mín á þetta," segir Jóni. „Enda þótt

ég vinni alltaf út frá einhverri hugmynd sem ég hef fóstorað og vil sjá fæðast þá skiptir mig mestu að geta unnið af einlægni og gleði.

Þótt ég taki sjálfa mig auðvitað alvarlega sem listamann þá liggur metnaður minn í því ef eitthvað er að fólk hafi gaman af verkum mínum og njóti þess með mér að ég sé að gera sýningu. Ég er fremur gamaldags að því marki sem list mín á ekki að flytja einhvern flókinn boðskap hvorki stjórnáalegs eðlis né frumspekilegs. Það sem hreyfir við mér sjálfri er fegurð, kímigáfa og örlítil skerfur af drama. Ég vona að þetta snerti einnig við fleirum og að fólk finni fyrir þessu í verkum sýningarinnar. Alla vega reyni ég að gera mitt besta. Við stelpurnar í Gjörningaklúbbum erum langt frá því skildar skiptum enda þótt við ætlum allar að halda einkasýningu. Hluti af ástæðu þess að vinna einar um sinn er að geta þroskast sem listamenn og verða betri fyrir vikið í samstarfi. Við erum aðeins að hleypa út egóinu eins og kálfi að vori. Ég er að minnsta kosti að leita inn á við núna og taka á því hvað þar er að finna.“



ÚR VERKI JÓNÍAR Viðfangsefni hennar eru oft spennandi, til dæmis má finna í þeim vísun í freistingarhvísli höggormsins sem tældi Evu til að bita af skilningstrénu.



JÓNÍ JÓNSDÓTTIR Hugðarefni mín eru af ýmsum toga og verkin á sýningunni eru glefsur héðan og þaðan af fólk, ferðalögum, náttúru eða hverju því sem komið hefur til mín á einn eða annan hátt.

## Af draumafangara og sjálfskoðun í sundi

Viðfangsefni Jóníar eru einkar spennandi, til dæmis hinn svokallaði draumafangari. „Það er til raunverulegt fyrirbæri sem heitir „dream-catcher“ eða draumafangari sem indánar hafa í aldaradír sett fyrir ofan vöggur ungabarna til að vernda þau frá vondum draumum. Eitt verka minna á sýningunni heitir Gildra og er sýn á þessa fornu en fallegu hefð. Sjálf lærði ég að gera svona draumafangara fyrir um 10 árum síðan, þegar ég vann með börnum í alþjóðlegum sumarbúðum í Kanada. Í öðru verki manngeri ég draumafangarann sem konu, en afkvæmi hennar halda síðan áfram að fanga drauma í framtíðinni.

En það er líka fleira sem kemur fyrir í þessu verki eins og vísun í freistingarhvísli höggormsins sem tældi Evu til að bita af skilningstrénu og allir þekkja framhaldið í hinu helgu fræðum. Hér er því að finna í einni og sömu konunni bæði draumafangara og frumburð

mannkyns. Á höfði sér hefur stúlkan sem gengur inn í þessi hlutverk á myndinni rauðan snák og sker eldraut epli fyrir niðja sína. Eva er hér löngu sátt við að hafa freistast og syndgað.“

*Þótt ég taki sjálfa mig auðvitað alvarlega sem listamann þá liggur metnaður minn í því ef eitthvað er að fólk hafi gaman af verkum mínum og njóti þess með mér að ég sé að gera sýningu.*

Of mikil félagsvera til að vinna ein Margir komu að vinnu við sýninguna svo hún gæti orðið að veruleika en það voru að langmestu leyti vinir og vandamenn Jóníar.

„Vinkona mín, systradætur, maðurinn minn og jafnvel snákur vinkonu minnar lögðu öll sitt af mörkum og gott betur, til að ég gæti séð þessa sýningu verða að veruleika. Þessi samhugur er í sjálfu sér hjartað í sýningunni.“

Einnig komu ýmsir fagmenn að sýningu Jóníar, „eins og hárgreiðslu- og förðunarmeistarar, kvikmyndatökumenn og síðast en ekki síst á ljósmyndarinn Bernhard Ingvarsson miklar þakkir skildar fyrir sitt framlag.“

„Mér finnst síður skemmtilegt að vinna ein úti í horni, með sjálfa mig eina í eftirdragi, en að vinna með öðrum. Ég gæti aldrei unnið algerlega ein. Til þess er ég of mikil félagsvera. Auðvitað eru hugmyndirnar á þessari sýningu börnin mín og engra annarra og oft er ég ein í stúdíóinu mínu að sýsla og þæla, en samt er ég aldrei ein í listinni, þó segja megí að hún sé eins manns starf. Þó maður eigi verkin sjálfur á maður aldrei að fela það sem myndlistarmaður hversu mikilvægir allir eru sem leggja hönd á plögin.“

# Útsalan í fullum gangi!

Opið í dag, laugardag kl. 11 -16.

Allt á gamla góða genginu með 25 - 70% afslætti!



Ya:æ

Ákíæði: Beige, camei og mocca.

Stóll ákíæði: Áður kr. 28.000,-  
nú kr. 18.000,-  
Stóll íeður: Áður kr. 38.000,-  
nú kr. 28.000,-



Modei: 8385



Modei: 8501

Stóll ákíæði: Áður kr. 9.500,-  
nú kr. 6.500,-



Modei: 8501

Stóll íeður: Áður kr. 11.000,-  
nú kr. 8.000,-

Coe  
Stóll íeður: Áður kr. 19.000,-  
nú kr. 9.500,-



opið: virka daga kl. 10 - 18,  
laugardaga kl. 11 - 16.



TM - HÚSGÖGN

Síðumúla 30 - Sími 568 6822

tmhusgogn.is

Mikið úrval af sófasettum, borðstofusettum, skápum o.fl.



# Ótrúlegt verð

## Vaxta- og verðbólgaust tilboð

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og markaði Hagkaupa Akureyri



\* Vaxtalaugar greiðslur á mán. í 14 mánuði. Staðgreitt 139.986,- • Verð áður 159.990,-.

### United plasma sjónvarp

42" plasma skjár • Upplausn 852x480 punktar • Progressive Scan • HDTV Ready • Skerpa: 3000:1 • Birta 1000 cd/m<sup>2</sup> • Mynd í mynd • Nicam Stereó hljóðkerfi • Góðir tengimöguleikar • Einföld fjarstýring

Vaxtalaust tilboð!  
aðeins  
**11.399** kr  
á mán. í 14 mánuði  
Staðgreitt 159.586,-



#### VAXTALAUST TILBOÐ

##### JVC LCD sjónvarp

- 32" LCD skjár
- Upplausn 1366x768 punktar
- HDTV Ready
- Skerpa: 1000:1
- Birta 500 cd/m<sup>2</sup>
- Svartími 7ms
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar

Vaxtalaust tilboð!  
aðeins  
**11.999** kr  
á mán. í 15 mánuði  
Staðgreitt 179.985,-  
Verð áður 199.990,-




#### VAXTALAUST TILBOÐ

##### United LCD sjónvarp

- 32" LCD skjár
- Upplausn 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- HDTV Ready
- Skerpa: 800:1
- Birta 550 cd/m<sup>2</sup>
- Svartími 12ms
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar

Vaxtalaust tilboð!  
aðeins  
**9.999** kr  
á mán. í 13 mánuði  
Staðgreitt 129.987,-  
Verð áður 149.990,-



#### VAXTALAUST TILBOÐ

##### Thomson LCD sjónvarp

- 32" LCD skjár
- Upplausn 1366x768 punktar
- Hi-Pix2 myndtækni
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 1000:1
- Birta 550 cd/m<sup>2</sup>
- Svartími 8ms
- Nicam Stereó hljóðkerfi með BBE Viva Surround
- Minnskortalesari og USB tengi
- Fullbúið tæki hlaðið aukabúnaði

Gildir til 3. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# Gervigreindin verður í askana látin

Gervigreind er stöðugt að ryðja sér til rúms í daglegu lífi og mun verða enn almennari á næstu árum þegar heimilistæki fara í auknum mæli að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Hinir ýmsu angar gervigreindarinnar verða kynntir í Borgarleikhúsinu í dag. Þórarinn Þórarinnsson ræddi við Kristín Þórisson, sem fer fyrir Gervigreindarsetri Háskólans í Reykjavík.

Fyrsta gervigreindarháttíðin á Íslandi verður haldin í Borgarleikhúsinu í dag. Forspakkar háttíðarinnar eru Kristinn Þórisson og bróðir hans Hrafn Þorri Þórisson ásamt nemendum úr Gervigreindarsetri Háskólans í Reykjavík. Kristinn er með doktorsnafnbót í gervigreind frá MIT í Bandaríkjunum og Hrafn Þorri er formaður ISIR, Félags Íslands um gervigreind, sem verður stofnað formlega á háttíðinni.

„Við höfum reynt að safna saman fulltrúum allra þeirra sem eru að vinna í gervigreind á land-

inu,“ segir Kristinn, sem stýrir gervigreindarsetri HR en þar eru um fimmtán nemendur að rannsaka og þróa gervigreind.

Gervigreindin er að ryðja sér til rúms í hinum ýmsu kimum mannlífsins og Kristinn segir að verkefni séu býsna fjölbreytt.

„Þetta er hálfgerður vísindaskáldskapur en það gerir þetta svo spennandi og með Gervigreindarháttíðinni erum við að vekja athygli á því að „framtíðin er núna“, þótt hún birtist manni ekki alltaf í þeirri mynd sem maður hafði ímyndað sér. Það er nú þegar farið

að selja gervigreind vélmenni inn á heimili og gervigreindin leynist í hinum ýmsu heimilistækjum eins og ljósmyndavélum og þvottavélum. Gervigreindin er samt ennþá talsvert mikið undir húddinu, ef svo má að orði komast, en húddið mun opnast á næstu þremur til fimm árum og fólk fara að sjá gervigreind á ólíklegustu og meira áberandi stöðum. Möguleikarnir eru óþrjótandi og allt miðar þetta ekki síst að því að gera líf okkar léttara og þægilegra.“

Kristinn segir Gervigreindarsetrið einbeita sér að fjórum



KRISTINN R. ÞÓRISSON Lauk fyrstur Íslendinga doktorsprófi í gervigreind og fæst við spennandi verkefni henni tengd ásamt nemendum í Háskólanum í Reykjavík.

áherslusviðum. „Við vinnum með leiki, rauntímasamskipti við vélar, sýndarheima og sýndarveruleika og róbóta og svo vélmenni sem eru beinlínis vélar í mannslíki. Þetta eru allt ákaflega spennandi vaxtarbroddar.“

Forlata vélhundur og róbot halda til á Gervigreindarsetrinu og eru þangað komnir frá Japan. „Japanir smíða fyrirmyndar verkfæri hvað vélbúnaðinn varðar en það kemur í okkar hlut að bæta vitinu við. Oft felur þetta í sér áhugavert samstarf þeirra sem hafa unnið mikið með vélbúnað og svo okkar sem erum í raun að búa til heilann í tækin.“

Gervigreind kemur oft við sögu í vísindaskáldskap og kvikmyndum og þá oftast en ekki í neikvæðu ljósi og nægir í því sambandi að nefna myndirnar um Tortímandann þar sem vélarar snúast gegn skapara sínum og reyna að útrýma mannkyninu. Kristinn hefur þó takmarkaðar áhyggjur af þessu.

„Línurnar eru alltaf að skýrast varðandi ógn þekkingar okkar á þessum sviðum og við erum nú farin að sjá raunveruleg dæmi um

þessi fyrirbæri úr vísindaskáldsögum og bíómyndum. Við þurfum að hafa það í huga að það er reginmunur á gervigreind og til dæmis líftækni hvað varðar hættur og ógnir. Munurinn er svipaður og á naglabyssu og hundi. Gervigreindin er eins og naglabyssan en líftæknin eins og hundurinn sem er með innra eðli sem við skiljum ekki alltaf og getur gert ófyrirsjáanlega hluti. Naglabyssan gerir mjög lítið af slíku þannig að hér er um eðlismun að ræða. Ötinn við að gervigreindin fari úr böndunum er fyrir hendi en það er miklu eðlilegra að byrja á að hafa áhyggjur af líftækinni. Við förum þó að sjá alls konar tæki sem munu geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir á næstu árum, sjálfstýrandi bíla til dæmis, en það er okkar hlutverk að upplýsa þjóðfélagið um möguleikana sem felast í gervigreindinni og þær hættur sem vissulega eru fyrir hendi þar sem þetta er öflug tækni. Við vonum því að sem flestir leggi leið sína í Borgarleikhúsið í dag, þar sem dagskráin byrjar klukkan 13.“

Nánari upplýsingar má finna á: <http://ailab.ru.is/events/2006/hatidin>.



RÓBÓTINN Er frá Japan en Kristinn og hans fólk hafa aukið greind hans í gervigreindarsetrinu.



BESTI VINUR MANNSINS Þessi gervigreindi hundur er ekki líklegur til þess að bíta húsbónda sinn enda álíka hættulegur og rafmagnstannbursti. Hann verður til sýnis á gervigreindarháttíðinni í Borgarleikhúsinu.

## ÞÚ FÆRÐ FERÐAVAGNINN HJÁ OKKUR

Hjá okkur finnur þú örugglega ferðavagn við þitt hæfi. Komdu og kynntu þér úrvalið!

**OPÍÐ UM HELGINA:**  
 Laugardag kl. 11-16  
 Sunnudag kl. 12-16  
 Mánudag kl. 11-16

**Tjaldvagnaland**  
 SEGLAGERÐIN ÆGIR

**www.seglagerdin.is**

Eyjarslóð 5, sími 511 2200



# SKORAÐU með Toshiba

## TOSHIBA

- PSL2XE-01201MED  
**TOSHIBA SATELLITE L20-153**
- Intel® Celeron M 360
  - 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
  - 40GB diskur
  - 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
  - ATI Radeon® Xpress 200M
  - DVD Super Multi brennari
  - VGA, TV-OUT
  - Þráðlaus netstýring 802.11BG
  - Windows XP Home
  - 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

### ATI Mobility Xpress

#### 128MB skjástýring

Skjáhraðall sem er með hröðu 32MB minni og getur notað innra minni tölvunnar til að fara í allt að 128MB eftir þörfum. Virkar vel í blandaða vinnu s.s. internet, office, leiki og annað.

### Notaðu tvo skjái

Með þessari tækni getur þú stækkað skjáplássid til muna. Þægilegt ef verið er að vinna í mörgu í einu.



15"

24 dósir af Pepsi MAX

FYLGIR

Heill kassi

2.882\*

Ódýrasta fartölvan

512MB

40GB

ATI Radeon Xpress skjástýring

DVD brennari

Þú velur greiðsluform sem hentar þér!

2.882\*  
Tölvukaupalán 48 mán.

7.499\*\*  
Vaxtalaust 12 mán.

89.988  
Staðgreitt

## Fótboltamyndir



149

Aðeins í BT

399

Mappa

### Vinningar!

Safnaðu myndum af heilu liði og þú gætir unnið:

- Miða fyrir 2 á enska með hóteli og flugi
- 2 x PSP tölvur
- 3 x PS2 tölvur
- Tölvuleikir, bíómiðar DVD myndir ofl.

Dregið út á [www.bt.is](http://www.bt.is) í lok sumars

## Stafræn tókuvél

### Panasonic

- NVGS278  
**PANASONIC MINIDV TÖKUVÉL**
- 800.000 pixla CCD myndflaga
  - 30x optical Zoom (1000x total)
  - 2.5" Litaskjár • 36mm Wide Angle
  - Ljósnaemi 2 Lux (Colour Nighthview)
  - Pure Colour Engine • DV tengi út
  - Virkar sem vefmyndavél
  - 410gr á þyngd



2.999\*\*

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

35.988

3x miniDV spólur fylgja  
FYLGIR 35.99

Taska  
FYLGIR 4.999

#### DV tengi út

Tengdu vélna við tölvuna og klippu til fjálskyldumyndbandið þitt á auðveldan hátt.

#### 30X Optical Zoom

Þú nærð að öllum atburðum þrátt fyrir að vera í fjarska.

#### LCD skjár

Þjartur 2.5" skjár með öllum hugsanlegum aðgerðum auðveldar upptökuna.

# BT

## SONY

- DSCW505  
**SONY CYBERSHOT W50**
- 6.0 Megapixels effective Super HAD CCD myndflaga
  - Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
  - 3x optical aðdráttur (6x Precision digital)
  - 2.5" LCD litaskjár



## Stafræn myndavél

2.999\*\*

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

35.988

Sony Memorystick 256MB fylgir!

FYLGIR



# DV Helgarblað



## ALLUR VITNALISTINN Í BAUGSMÁLINU BIRTUR Í DV Í DAG

Magga Pálma kórstjóri  
Fékk milljón í afmælisgjöf

Pórunn Kristín  
Emilsdóttir

Meðal áfa og huldufólks í Ölfusi

DV Helgarblað

LAUGARDAGUR 29. APRÍL 2006 DAGBLAÐS VÖSKA TEL. 96 496 - VÉÐU 09 740

LITLAR HET JUR

Berjast við ólæknandi sjúkdóma

FORELDRAR LANGVEIKRA BARNA UNDRAST NYTT FRUMVARP RÍKISSTJÓRNARINNAR

Hefur þú séð DV í dag?

### STUÐ MILLI STRÍÐA Giftingaraldan ógurlega

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR NÝTIR TÍMANN TIL SLÖKUNAR.



Um daginn lenti ég í samræðum við konu sem er við það að ganga í hjónaband. Brúðkaupið verður haldið í maímánuði og ég get ekki sagt annað en að ég gladdist mikið með brúðinni enda um gleðiviðburð að ræða.

Þegar ég fór svo að spyrja um undirbúninginn og svörin dældust yfir mig stóð ég á gati. Þessi unga brúður var búin að vera að síðan í haust að plana og skipuleggja, velja dúka, servíettur, kerti, kökustyttu, finna sér hárgreiðslukonu, förðunarkonu, ljósmyndara, velja og skrifa boðskort og ég veit ekki hvað og hvað.

Samt fann ég það og heyrði að þessi kona var að halda látlaust brúðkaup og aðeins nánustu vinum og vandamönnum er boðið. Samt koma hátt í hundrað manns og vesalings konan er búin að vera hátt í níu mánuði að skipuleggja daginn. Níu mánuðir til að skipuleggja eitt parti. Mamma mía. Hvað með þá sem eru að halda risabrúðkaup þar sem allt er lagt í að skreyta sem mest, elda sem best og bjóða sem flestum?

Minnst líka sögunnar sem ég heyrði frá einni uppjafabrúðarmey sem eitt sumarið þurfti að eyða lungunum af sumarlaugardögnum annað hvort í gæsaveislum eða brúðkaupum. Útgjöldin sem fylgdu því voru að sjálfsögðu

gríðarleg. Gjafir, kjólakaup, limósínur, dekurdagur og aðrar uppákomur krefjast hárra útgjalda. Og fríhelgarnar voru ekki margar enda hefði vesalings brúðarmeyjan ekki haft efni á að fara neitt hvort eð er.

Allt þetta stand fyrir eitt já. Og ég get ekki sagt annað en ég hafi fyllst ákveðnum kvíða. Maður er víst kominn á þann aldur þegar fólk eignast börn og sendir boðskort í brúðkaup. Kannski er sumarið í ár síðasta sumarið fyrir giftingarölduna í mínum hópi. Þess vegna mun ég nýta það vel. Áður en ég veit af gæti giftingaraldan sópað mér út á brúðkaupsballarhaf þar sem ég fæ að eyða mínum sumardögum um ókomna tíð.

### myndasögur

#### Pondus

Eftir Frode Överli



#### Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



#### Pú og pa

Eftir SÖB



#### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



#### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





## FRÉTTIR AF FÓLKI



**E**minem vinnur nú í því að bæta samband sitt og móður sinnar, Debbie Nelson, og hefur gripið til þess ráðs að borga sjúkrareikninga hennar en Nelson þjáist af krabbameini. Rapparinn hefur ekki talað við móður sína árum saman og tjáði almenníngi hatur sitt á henni í nokkrum vinsælum lögum. „Hún er mjög veikburða og líkurnar eru ekki góðar. Hún þráir ekkert heitar en að bæta samband sitt við son sinn áður en það verður um seina,“ sagði heimildarmaður tímaritsins The Sun. „Nýlega fór hann að borga sjúkrareikninga hennar, þau hafa talað saman nokkrum sinnum og hún vonar innilega að hann heimsæki sig.“



**S**ienna Miller hefur gengið til liðs við það fræga fólk sem á eigið tiskumerki og mun gefa frá sér gallabuxur undir eigin nafni á næstunni. Hún hefur skrifað undir samning við Pepe-gallabuxna-fyrirtækið um að framleiða línu undir hennar nafni. „Sienna er orðin tiskufyrirmynd á svo stuttum tíma,“ sagði heimildarmaður. „Hún hefur verið á forsíðu Vogue, allir vita hver hún er og núna er rétti tíminn til að taka þetta skref. Gallabuxurnar verða hannaðar af henni og hún mun svo geta sýnt þær sjálf enda mjög fallega vaxin.“

**N**ick Clooney, föður George Clooney, langar afar mikið að fræða heiminn um ástandið í Súdan en þeir feðgar heimsóttu það stríðshrjúða land nýlega. Nick er fyrrum blaðamaður og núverandi stjórnmálamaður og hefur miklar áhyggjur yfir ástandinu í Súdan. „Þetta fólk er hjálparlaust þarna. Það er ekkert á milli þess og mjög slæmra manna,“ sagði hann.



**S**tjórnvöld í Namibíu vonast til þess að heimsókn Angelínu Jolie og Brad Pitt til landsins muni hleypa lofti í túristabransann í landinu. „Það væri heiður fyrir Namibíu að vera fæðingarstaður barns þeirra. Ef Angelína eignast barnið í Namibíu mun hún gera það fyrir ferðabransann sem engin fjölmiðlaumfjöllun hefði getað gert,“ sagði sendiherra Namibíu í Bandaríkjunum.



# Sony Sjónvarp

## - og DVD spilari með

SONY



KLVS40A10

40" LCD SONY SJÓNVARP

· HD Ready · 1366 x 768 pixla upplausn · Contrast 1000:1  
· Svartími 8ms (Grátt í Grátt) · HDMI tengi og 2 x scart · PC tengi

**Verð 28.329 krónur vaxtalaust\* í 12 mán.**  
eða 339.950 krónur staðgreitt



KLVS32A10

32" LCD SONY SJÓNVARP

· HD Ready · 1366 x 768 pixla upplausn · Contrast 1000:1  
· Svartími 8ms (Grátt í Grátt) · HDMI tengi og 2 x scart · PC tengi

**Verð 16.663 krónur vaxtalaust\* í 12 mán.**  
eða 199.950 krónur staðgreitt



KLVS26A10

26" LCD SONY SJÓNVARP

· HD Ready · 1366 x 768 pixla upplausn · Contrast 1000:1  
· HDMI tengi og 2 x scart · PC tengi

**Verð 13.329 krónur vaxtalaust\* í 12 mán.**  
eða 159.950 krónur staðgreitt

**Kaupaukar!**

DVD spilari að andvirði 14.950,-  
og stórmyndin King Kong  
fylgja þessum sjónvörpum

Fjarstýringin virkar  
á Sony sjónvörp!



DVPNS52S

Sony DVD spilari

· Spilar R-1 / R-2  
· Spilar VCD / SVCD / MP3 / DivX  
· Resume Play (man 6 diska)

like.no.other™

Sony Center Kringlunni

588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

\*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsstjórnunina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

## ROCKWOOD

Amerísku fellihýsin  
sem slegið hafa í gegn

- 10 feta með eða án geymsluhólfs
- 13" sport-álfelgur
- Möguleiki á raflyftibúnaði með handvirkum möguleika
- TRUMA hljóðlát miðstöð
- Upphitaðar lúxus dýnur
- 3ja hraða rafmagnsvifta
- Öndunardúkur í svefnrymi
- Dometic ísskápur
- Cramer eldavel 3 hellur
- Internet tengi
- 110 amp. rafgeymir
- Gas viðvörunarkerfi
- Stöðutjakkar aftan & framan

Verð án geymsluhólfs 1.099.000  
með geymsluhólfi 1.199.000  
Off-road (15" dekk) 1.299.000

STOFNAÐ  
1994

**FELLI- & HJÓLHÝSI EHF**  
MIÐHRAUNI 14 - 210 GARÐABÆ  
SÍMAR 551 5600/892 8030  
www.fellihysi.is - www.hjolphysi.is

Hjá okkur fáid þið meira fyrir minna

## SÝNING UM HELGINA

að Miðhrauni 14, Garðabæ  
staðsettir á mótí Marel og 66°N  
Laugard. og sunnud. kl. 12 - 18





# átta konur

Drepfyndin sýning!



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

ÁTTA KONUR

Í kvöld lau. 29/4 nokkur sæti laus, fim. 4/5 nokkur sæti laus, fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5, fös. 12/5 örfá sæti laus. **Sýningum fer fækkandi.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld lau. 29/4 **uppselt.** Aukasýningar fös. 5/5 örfá sæti laus, lau. 6/5. **Aðeins þessar 3 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld lau. 29/4 **uppselt,** fös. 5/5 **uppselt,** lau. 6/5 **uppselt,** sun. 7/5 **uppselt,** lau. 13/5 **uppselt.** **Ósöttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LITLA SVIÐIÐ

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR

Frumssýning fim. 4/5 kl. 18:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt,** fös. 5/5 kl. 15:00 örfá sæti laus, lau. 6/5 kl. 13:00 og kl. 15:00, sun. 7/5 kl. 13:00 og 15:00. **Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Tangódansleikur - dansýning argentískra dansara.** Í kvöld lau. 29/4 kl. 22:00. **Hugleikur - Þetta mánaðarlega.** Sun. 30/4 kl. 21:00. **Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!** Leikhússveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295.**

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-PRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

## BORGARLEIKHÚSIÐ



RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Í dag kl. 14 Su 30/4 kl. 14 **UPPS.**  
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14  
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14  
Su 28/5 kl. 14 **SÍÐASTA SÝNING ÍVOR ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA**

FULLKOMIÐ BRÚDKAUP

Su 30/4 kl. 20 **UPPS.** Má 1/5 kl. 20 **UPPS.**  
Þri 2/5 kl. 20 **UPPS.** Mi 3/5 kl. 20 **UPPS.**  
Su 7/5 kl. 20 **UPPS.** Má 8/5 kl. 20 **UPPS.**  
Þr 9/5 kl. 20 **UPPS.** Mi 10/5 kl. 20 **AUKAS.**  
Fi 18/5 kl. 20 **UPPS.** Fö 19/5 kl. 20 **UPPS.**  
Fö 19/5 kl. 22:30 **UPPS** Su 21/5 kl. 20 **UPPS**  
Fi 25/5 kl. 20 **AUKAS** Fö 26/5 kl. 20 **UPPS.**  
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 **UPPS**  
Fi 1/6 kl. 20 **UPPS.** Fö 2/6 kl. 20  
Fö 2/6 kl. 22:30 **AUKASÝNING**

VILTU FINNA MILLJÓN?

Forsýningar miðaverð 1.500 kr.  
Fö 12/5 kl. 20 Lau 13/5 kl. 20  
Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20  
Mi 17/5 kl. 20  
Fö 19/5 kl. 20 **FRUMSÝNING UPSSELT**  
Su 21/5 kl. 20 **UPPS.** Fi 25/5 kl. 20  
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

MIKE ATTACK

Einleikur Kristjáns Ingimarssonar  
Su 30/4 kl. 14 Su 7/5 KL. 14  
Su 14/5 kl. 14 **MÍÐAVERÐ 1.900 kr.**

TYPPATAL

Su 30/4 kl. 20 Fö 5/5 KL. 20  
**MÍÐAVERÐ 2.500 Kr**

BELGÍSKA KONGÓ

Í kvöld kl. 20 **UPPS.** Lau 6/5 kl. 20  
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20  
Fi 18/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Su 30/4 kl. 20 **AUKAS. UPSSELT**  
**ALLRA SÍÐASTA SÝNING Í REYKJAVÍK**  
**ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA**

HUNGUR

Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN

Fö 19/5 kl. 20 Su 21/5 kl. 20  
**SÍÐUSTU SÝNINGAR**

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Fö 5/5 kl. 20 **SÍÐASTA SÝNING**

TENÓRINN

Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20  
Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20

HLÁTURHÁTIÐ

HLÁTURHÁTIÐ ARVDBURÐIR Í MAÍ

Fi 4/5 kl. 22:30 UPPISTAND.,  
Þorsteinn Guðmundsson  
Björk Jakobsdóttir  
Steinn Ármann Magnússon  
Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir

Fi 11/5 kl. 22:30 PÍKUSÓGUR OG ÞÖRUPILTAR  
Fi 18/5 kl. 22:30 LEIKTU FYRIR MIG  
Fi 25/5 kl. 22:30 BANANABIKARINN  
Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ  
MÍÐAVERÐ 1.000 kr.

Míðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

**Le Sing**  
Syngjandi þjónar  
Ein vinsælasta leiksyning landsins.  
Alla laugardaga  
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg  
**BROADWAY**  
Sími: 533-1100

## VIÐTALIÐ

eftir Lailu Margréti  
Arnþórsdóttur og  
Margréti Pétursdóttur

laugardaginn 6. maí.  
allra síðasta sýning

## Edward Bond Leiksmiðja

Breska leikskáldið Edward Bond  
stýrir leiksmiðju og flytur fyrir-  
lestur í Hafnarfjarðarleikhúsinu  
laugardaginn 29. apríl  
frá kl. 10 - 17.

Áhugasamir velkomnir



GERÐUBERG



Steinunn Sigurðardóttir  
fatahönnuður  
veitir leiðsögn um sýninguna  
milli kl. 13-14  
laugardaginn 29. apríl



Valur Sveinbjörnsson  
naivisti sýnir málverk í Boganum

Ath! Síðasta sýningarhelgi

Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17,  
miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.

www.gerduberg.is Síminn

HILMIR SNÆR GUÐNASON

ÉG ER  
MÍN EIGIN  
KONA



AUKASÝNINGAR Í MAÍ:

föstud. 12.05 **75. sýning!** Örfá sæti laus  
laugard. 13.05 **Næst síðasta sýning**  
föstud. 19.05 **Síðasta sýning**

MÍÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í ÞENÓ S. 562 9700



Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

# Fegurðarsamsæri

Andspyrna ljóta fólksins gegn óhöflegri útlitsdýrkun íslensks samfélags er viðfangsefni leikrits sem ber nafnið ALF og Leikfélags Kópavogs frumsýndi á dögnum. Efnistökin í verkinu eru allrar athygli verð en þar er um að ræða „blóðugt háð og óhuggulegt grín í garð þeirrar taumlausu útlitsdýrkunar sem einkennir vestræn samfélög samtímans“, segir Ágústa Sigrún Ágústsdóttir, formaður LK.

„Þegar þessi misfríði en jafn-skemmtilegi hópur fólks sem að sýningunni stendur hóf samstarf sitt kom í ljós að ýmsum fannst pottur brotinn í samfélaginu,“ segir Ágústa. Þegar blaðamaður spyr hana um skoðaðir hópsins á samfélagsmeinum og hvernig hópurinn hyggst taka á þeim í leikverkinu svarar hún því til að endalaust sé verið að hampa fallegum í landinu og að það virðist ná til æðstu toppa. „Nánari eftirgrensln okkar leiddi í ljós viðamikl samsæri“.

Blaðmanni Fréttablaðsins lék forvitni á að vita hvort leikhópurinn hefði stofnað andspyrnuhreyfingu til að mæta þessum meinum. „Leikritið gengur jú meðal annars út á samsæriskennningar ljóta fólksins eins og titill verksins gefur til kynna og andspyrnuhreyfingin ALF, andspyrnuhreyfing ljóta fólksins, verður til í framhaldinu. Margar spurningar spruttu fram þegar hópurinn tók að kryfja þá útlits- og æskudýrkun sem háir heima-mönnum, en fáum var þó svarað með óyggjandi hætti. Þær spurningar sem spruttu upp á yfirborðið og við lékum okkur að voru til dæmis af hverju fékk Íslensk erfðagreining tuttugu milljarða uppáskrift hjá ríkisstjórninni? Af hverju eigum við svona margar fegurðardrotningar? eða af hverju eru karlmennirnir okkar ekki eins fallegir? og síðast en ekki síst, er eitthvað í mjólkinni frá Emmess?“

Leikritið er sýnt í Hjáleigu Félagsheimilis Kópavogs en nán-



LEIKFÉLAG KÓPAVOGS DEILIR Á ÚTLITS-DÝRKUN Nýtt og blóðugt leikrit um samsæri og samfélagsmeini.

ari upplýsingar um verkið má finna á heimasíðu Leikfélags Kópavogs, www.kopleik.is

- brb

**Bónus býður á ball á Broadway!**

Sunnudagskvöldið 30. apríl **18 ára** aldurstakmark  
býður Bónus á ball á Broadway.

Stuðmenn og Birgitta Haukdal  
leika fyrir dansi.  
Húsið opnað 12.00 á miðnætti.

**Bónus býður betur!**

Aðgangur ókeypis gegn framvísun þessa miða.

MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR  
**Stuðmannaball!**

"Afrek" - DV "Höfðar jafnt til barna sem fulloröðna" - Morgunblaðið "ákaflega falleg" - Fréttablaðið

**HAFIÐ BLÁA**  
Í AUSTURBÆ

Sun 07.05 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ  
og á [midi.is](http://midi.is).  
Míðasala Austurbæjar  
er opin milli  
13 - 17 alla daga  
sími : 551 4700

IsMedia

LANDSBAKINN

TM



**Nína og Geiri**  
söngbók  
Björgvins Halldórssonar  
Leikstjóri: Gunnar Helgason  
25. mars. Fjá þorð laus  
23. apríl. Uppseil  
6. maí. **ALMASTYFIK**  
Ógreiddir miðar seldir  
hálfumánúði fyrir vísuð.  
☎ 5331100  
Netfang: miðasala@broadway.is

**BROADWAY** ★ **Aðeins þessar sýningar**

**LITLA HRYLLINGSBÚÐIN**  
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar  
LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - Örfá sæti laus  
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - Nokkur sæti laus  
LAU. 20. MAÍ KL. 19 - Nokkur sæti laus  
LAU. 20. MAÍ KL. 22 - Aukásýning  
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - Nokkur sæti laus  
LAU. 27. MAÍ KL. 22 - Aukásýning  
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti

**SÖNGVARABALL ÍSLANDS**  
Söngvarar, söngáhugafólk, vinir, vandamenn og  
velunnarar sönglistar - allir velkomnir  
Sun. 30. apríl kl. 20 - Miðaverð kr. 2.500

Frábær sýning sem hefur slegið  
algjörlega í gegn.  
Sýnd í Óperunni í maí og júní.  
Miðasala hafin

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga  
Símasala kl. 10-18, þriðjudaga - föstudaga, Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

**Vo galsi í Mörkinni**

Harmonikudansleikur í kvöld hjá Félagi  
harmonikuunnenda í Reykjavík, í Mörkinni 6  
Hljómsveitir undir stjórn Jóns Inga Júlíussonar og Ingvars  
Hólmgeirssonar auk H.G dúettsins, leika fyrir dansi frá  
kl. 21.30. Húsið opnað kl. 21.00.


**F.H.U.R.**

**KRINGLUKRÁIN**

Geirmundur  
Valtýsson  
í kvöld

Tilboðsmatseðill  
fyrir leikhúsgesti

Borðapantanir í síma 568 0878 | www.kringlukrain.is



## Hver er stefna stjórnmalaflokkanna í málefnum fjölskyldunnar?

**Opinn fundur**  
fimmtudaginn 4. maí kl. 15:00 - 17:00  
í húsi Íslenskrar erfðagreiningar


Fundarstjóri *Kristján Kristjánsson, fréttamaður*  
Ávarp foreldris *Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður*

Fulltrúar stjórnmalaflokkanna:  
*Björn Ingi Hrafnsson Framsóknarflokki*  
*Dagur B. Eggertsson Samfylkingunni*  
*Hanna Birna Kristjánsdóttir Sjálfstæðisflokki*  
*Ólafur F. Magnússon Frjálslynda floknum*  
*Svandís Svavarsdóttir Vinstri hreyfingunni-grænu framboði*

## Börnin í fyrsta sæti



Frábær sýning sem hefur  
algjörlega slegið í gegn.  
Sýnd í Óperunni í maí og júní.



Miðasala hafin í síma 511 4200  
og á [www.opera.is](http://www.opera.is).

Ef keyptir eru tveir miðar eða fleiri í  
Íslensku Óperunni færðu ókeypis  
geisladisk með tónlistinni úr sýningunni.  
Gildir á meðan birgðir endast.

- SÝNINGAR**
- Laugardagur 13. maí kl. 20 – Örfá sæti laus
  - Sunnudagur 14. maí kl. 19 – Nokkur sæti laus
  - Laugardagur 20. maí kl. 19 – Nokkur sæti laus
  - Laugardagur 20. maí kl. 22 – Aukásýning
  - Laugardagur 27. maí kl. 19 – Nokkur sæti laus
  - Laugardagur 27. maí kl. 22 – Aukásýning
  - Laugardagur 3. júní kl. 19

„Besta söngleikjauppfærsla leikársins... vel leikin, vel sungin... enn ein rósin í hnappagatið hjá LA. Útkoman er bráðskemmtileg sýning... sem fullkomnar frábært leikar.“ *S.S. Fréttablaðið*

„Allt smellur...sá kraftur, gleði og metnaður að vinna verk sitt vel sem nú ljómar af Leikfélagi Akureyrar undir stjórn Magnúsar Geirs er sannarlega aðdánarverður.“ *M.K. Mbl*

„Það þarf ekki að kafa djúpt eftir sterku lýsingarorðunum... Þar ríkti gláumur, þar ríkti gleði, þar ríkti ógnvænlegt ástand... og þar ríkti listamenn sem hrifu áhorfendur; Þetta er stuðsýning. Þakið ætlaði bókstaflega að fljúga til himna í hinu gamla samkomuhúsi og það eru engar ýkur að bæði stólar og veggir nótruðu.“ *E.B. DV*

„Rosalegur kraftur...náði algerlega að hjarta manns...æðislegur...maður fellur í stafi...hrikalega flott...Mjög skemmtileg sýning, það er æðislega gaman... \*\*\*\*\*“ *H.V.H. Kastjós RÚV*

„Skemmti mér konunglega... ótrúlega kraftmikil sýning...dettur aldrei niður, ekki eina einustu sekúndu... stórkostleg... ég man ekki eftir öðrum eins fagnaðarlátum í lok sýningar... Til hamingju!... hafa gert leikhúsið jafn stórkostlegt og það hefur verið í vetur.“ *SL RÚV*







### > Tiskusérfræðingar

...telja mjög mikilvægt að eiga fylgihluti með hlébarðamynstri í sumar. Enda klassískt mynstur sem fer aldrei úr tísku.

# Útlit

utlit@frettabladid.is



## SMEKKURINN HILDUR HERMANNSS

### Gylltir sandalar og útúrflippuð bikini

**Spáir þú mikið í tískuna?** Læt hana ekki stjórna fatavalinu, ég geng í fötum af því mér finnst þau flott en ekki af því þau eru í tísku. En kannski er það oft þannig að mér finnst flíkin flott af því hún er mötuð ofan í mann. Þetta er nú bara allt einn stór heilapvottur eftir allt saman. Já ætli ég spái þá ekki mikið í hana?

**Hvernig myndirðu lýsa stílunum þínum?** Freaky, punky, luckycharmish og rock&roll.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Pamela Thompson, Patricia Field, Christian Joy, John Galliano, Alexander McQueen, Gucci og Christian Dior.

**Flottustu litirnir?** Svartur, grár, appelsínugulur, rauður, túrkísblár og bleikur.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Skærum litum, pönki og „freaky“ hlutum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Stüssy boli.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Flott prent og fallegir sumarkjólur.

**Hvað ætlaðu að kaupa þér fyrir sumar-ið?** Gyllta sandala og útúrflippuð bikini.

**Uppáhaldsverslun?** Centrum, Rökk og rósir, Spútnik og Kolaportíð.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði?** Allt of persónuleg spurning! Annars eyði ég einfaldlega allt of miklum peningi í fót.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Hermannastígvélin mín eru ómissandi, ég nota líka svörtu Acne gallabuxurnar fáránlega mikið. Þetta tvennt saman er algjört rugl fyrir mér.

**Uppáhaldsflík?** Custo kjóllinn sem ég klæðist á myndinni.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** New York, New York, New York...!

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Ég keypti mér sítt bleikt píls úr glansandi hjólabuxnaefni og fullt af svoliðis bolum líka, back in the 90's. Fannst það voða kúl þá, en fæ vibbahroll niður bakið við tilhugsunina núna...oj bara.



## MÓÐUR VIKUNNAR

> BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR

### Martröð tískupælarans

Fékk það á tilfinninguna um daginn að ég þældi kannski of mikið í fötum, stíl og tísku. Þetta var þegar ég kom úr Spútnik og fannst ég hafa fundið fjársjóð. Fékk mér meðal annars prjónapils og peysu, setti pílsíð yfir peysuna, upp að brjóstum og fannst ég vera komin í „sixtís“ prjónakjól. Var næstum komin út þegar pabbi sá mig og gól- aði: „Ertu í pílsi yfir peysuna??!“ - „Haa já. Samt er ég eiginlega í kjól, sérðu það ekki?“ Systir mín flissaði. Áttaði mig á því að fólk sem hugsar ekkert um tísku sá alls ekkert flott við þetta „átfitt“ og það sá enginn „kjólinn“ nema ég. Spurði systur mína hvort henni myndist þetta asnalegt og hún játaði og bætti við: „En þú klæðir þig hvort eð er alltaf svo furðulega.“



Þá áttaði ég mig á því. Ég er búin að skoða og þæla svo mikið í fötum að ég orðin ónæg fyrir skritnum flíkum.

Spurði eina tískupælara-vinkonu mína út í þetta seinna um daginn og hún kannaðist vel við vandamálið. Hún hafði lent í því sama, farið í grænar bómullarbuxur einn daginn, skræpóttan kjól, víðan jakka yfir það og stígvél við. Var svo ofsalega sátt við sig þangað til hún fór að taka eftir því hvað allir horfðu skringilega á hana. Ég held reyndar að þetta sé vandamál sem allir glíma við. Sá sem hefur áhuga á tölvuleikjum er löngu kominn yfir Mario Bros og í eitthvað tölvurugl sem enginn annar skilur.

Tónlistaráhugamaðurinn fer smám saman yfir í gifurlega framúr- stefnulega tónlist þar sem hann er búinn að skoða allt annað. Ég er reyndar ekki það langt leidd í tískupælingum að ég sé alltaf klædd eins og Tumi Tískupælarari því stundum er ég í afar venjulegu stuði og nenni ekki í neitt annað en hettupeysu og gallabuxur. Ég hef þó ákveðið að sætta mig við það að valda nokkrum augnagotum af og til þegar ég er í stuði til að vera „skringilega“ klædd. Að minnsta kosti get ég ekki hugsað mér að fara að ganga alltaf í eins fötum og allir aðrir enda er það martröð tískupælarans.



**HIPPALEGUR** Dásamlega hippalegur kjóll úr Spútnik.

**HAFRÚN ALDA KARLSDÓTTIR** Verslunarstjóri Spútnik á Laugavegi. FRÉTTABLAÐ- ID/HEIDA

**MÓTOR** Ökklastigvél í mótör- hjólastigvél má finna í skódeildinni í Spútnik.

**SUMAR** Það er ekki langt í að hægt sé að spóka sig í svona sætu pílsi í miðbæ Reykjavíkur.

**FLOTT** Algjörlega æðislegt ökklastigvél með dásamlegu glingri.

LAUGARDAGUR 29. APRÍL

KAL (SER)

ICELANDAIR

NFS

hr•örlygur

**Verblót RITE OF SPRING**

27.-30. apríl  
Á NASA við Austurvöll.

## Sumargleði í Spútnik

Fatabúðin Spútnik er elsta „second hand“ búðin á Íslandi og hefur heldur betur vaxið frá því að hún var fyrst opnuð. Í dag verður hún opnuð í nýju húsnæði að Laugavegi 28 og verður haldið heljarinnar „tropical“ parti að því tilefni.

„Við fundum þetta æðislega húsnæði sem hentaði ofsalega vel fyrir okkur og ákváðum að skella okkur á það,“ segir Hafrún Alda Karlsdóttir verslunarstjóri. „Við erum svo í samstarfi við fólk sem mun opna kaffihús á efri hæðinni og því verður hægt að rölja þangað upp og fá sér kaffibolla og léttar veitingar og jafnvel setjast út á svalir ef veður leyfir. Ekki er alveg komið á hreint hvenær kaffihúsið verður opnað en það verður einhvern tíma í sumar.“

Að sögn Hafrúnar verður ýmislegt nýtt í búðinni og til dæmis verður þar sér skódeild. „Svo munum við líka selja diska sem innihalda góða tónlist í anda Spútnik

**SUNDBOLUR** Farðu í Spútnik og fáðu þér öðruvísi sundbol en allir aðrir eiga.

sem við höfum valið í samstarfi við Smekkleysu. Það er svo oft sem maður kemur inn í einhverja töff búð og heyrir flotta tónlist og þá er ekki verra að geta gripið hana með sér út. Skódeildin verður svakalega flott og svo verða strákarnir að sjálfsögðu ekki skildir úr undan, herrafötin fá mjög gott pláss.“

Samkeppnin á markaði notaðs fatnaðar hefur vaxið mjög mikið á síðustu árum og margar búðir bæst í flórana. „Að sjálfsögðu finnum við fyrir vaxandi samkeppni og það er bara



**SPÚTNIK** Nýja búðin verður opnuð í dag klukkan fimm með heljarinnar sumarpartíi.

hvetjandi og skemmtilegt. Þó það séu konnar margar búðir eru þær samt allar að gera eitthvað ólíkt. Samkeppnin er bara af hinu góða og hún sýnir bara hversu mikill markaður er fyrir þennan fatnað.“

Opnunartími Spútnik á Laugaveginum hefst klukkan fimm í dag. „Hermigervill mun spila fyrir gesti og að sjálfsögðu eru allir velkomnir. Þarna verður sannkölluð sumargleði, kokkteilar í boði, músastigar uppi um alla veggir og upplag fyrir fólk að koma og byrja gott laugardagskvöld í partíinu okkar.“

hilda@frettabladid.is

**BOLUR** Mikið úrval er af flottum bolum í Spútnik.



# Óaðfinnanlega smart

Laura Bailey er 34 ára fyrirsæta sem er meðal annars þekkt fyrir venskap sinn við leikarana Richard Gere og Hugh Grant. Hún hefur einnig leikið í nokkrum kvikmyndum, þar á meðal The Mirror Has Two Faces og Lock, Stock and Two Smoking Barrels, en að vísu sést hún ekkert í þeirri síðarnefndu þar sem hún var klippt út úr myndinni.



**SPÖNG** Með fallega hársþöng og dásamlega sæt á frumsýningu The Interpreter.

ingu fyrir Guess? og Pretty Polly.

Fatastíll Lauru er nánast óaðfinnanlegur og hún virðist finna sér eitthvað dásamlega smart og fallegt í hvert skipti sem hún mætir á rauða teppið eða í eitthvert ótrúlega fínt hóf. Hún er að sjálfsgöðu afbragðs andlitsfríð en það sem gerir hana svona flotta er fötin. Hún er mikið fyrir létta og

fallega kjóla, dökka jakka, perluvestar og fallega skó. Hún er lítil buxnamanneskja og sést því frekar í sætum pilsum og kjólum.



**LAURA BAILEY** Hér er hún í fallettri kápu í partíi hjá Helenu Christensen.



**KJÓLAMANNESKJA** Hún er sjaldan í buxum og oftast skartar hún fallegum kjól eða pils.



**KÁPA** Falleg hvít kápa sem fer Lauru einstaklega vel.

Fyrirsætuverkefni eru mörg af stærri gerðinni og hefur hún meðal annars komið fram í auglýs-




## Kæruleysi og töffaraskapur

Akira Isogawa sýndi nýjustu hönnun sína á tískuvíkunni í Ástralíu en Akira er frá Japan eins og nafnið gefur til kynna. Hann flutti til Sydney í Ástralíu árið 1986 og sýndi fyrstu línu sína á tískuvíkunni í Ástralíu árið 1995 en auk þess hefur hann sýnt í París frá árinu 1998. Þótt hann hafi búið meirihluta ævi sinnar í Ástralíu má greinilega sjá að fæðingarland hans hefur mikil áhrif á hönnunina. Hann er nú einn vinsælasti hönnuður Ástralíu og fræga fólk, þar á meðal Nicole Kidman, má ekki vatni halda yfir flíkunum. Hann hannar einnig fót fyrir Dansflokkinn í Sydney.


Vetrarlína hans einkenndist af léttum, flæðandi efnum í bland við áhugaverð snið og örlitinn töffaraskapur. Fyrirsætarnar voru nett kæruleysislegar, með örlítið úfið hár og lítið sem ekkert farðaðar. Akira hannar afar klæðileg fót í takt við tímann og á framtíðina fyrir sér í bransanum.



# HELGARTILBOÐ!




1.499kr.



Stúart litli 3  
Villt sumar




1.499kr.



Vélmenni




1.499kr.



Jesús og Jósefína



1.499kr.




Brúðubíllinn

## RAUÐHETTA

Kauptu eina af DVD myndunum á síðunni og þú færð bíómíða á teiknimyndina Rauðhettu (Hoodwinked) í kaupbæti\*  
\* gildir meðan birgðir endast



1.499kr.



Jón Oddur og Jón Bjarni



**RAUÐHETTA**  
„Ég var ónýtur eftir myndina hún var svo myndin“  
Svali á FM 957



skemmtir þér ;)



## Sálumessa Mozarts sungin

Kammerkórinn Vox academica flytur í dag Requiem Mozarts ásamt hljómsveitinni Jón Leifs Camerata og einsöngvurum í Langholtskirkju. Sálumessa Mozarts, sem hann dó frá ólokinni, er eitt magnaðasta og vinsælasta kórverk tónbókmenntanna. Efnisval kórsins er að hluta til komið til vegna 250 ára afmælis tónskáldsins en á dagskránni eru einnig fjögur minni verk sem saman mynda veglega og fjölbreytta efnis-skrá.

„Okkur fannst vera kominn tími til að þessi kór gerði eitt-hvað stærra að umfangi,“ segir Hákon Leifsson, stjórnandi kórs-



**SÁLUMESSA MOZARTS FLUTT Í LANGHOLTSKIRKJU** Hákon Leifsson stjórnar Vox academica og Jón Leifs Camerata á tónleikum í dag.

ins, „en þetta er hálfgerð frum-raun hvað þetta varðar.“ Nú er stórhugur í kórnum en hann kom

síðast fram á Myrkum músíkdögum í vetur við góðan orðstír og á döfinni er einnig kórferðalag til Færeyja í tilefni af tíu ára afmæli kórsins.

Á tónleikunum verða einnig flutt fjögur minni verk; Maríukvæði eftir Leif Þórarinsson, Requiem eftir Jón Leifs, Um nóttina eftir Szymon Kuran og tónsmíðar Purchells. Ásamt kórnum munu einsöngvararnir Þóra Einarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson tenór og Davíð Ólafsson syngja með kórnum og hljómsveitinni.

Tónleikarnir hefjast í Langholtskirkju kl. 15.

- khh

## Vegleg söngdagskrá

Herdís Anna Jónasdóttir sópran-söngkona heldur útskriftartónleika í Salnum í Kópavogi í dag kl. 16. Tónleikarnir eru liður í útskriftartónleikaröð tónlistardeildar Listaháskóla Íslands. Herdís Anna mun flytja fjölbreytta efnis-skrá, meðal annars verk eftir Jean Sibelius, Erik Bergman, Gustav Mahler og Maurice Ravel. Með Herdís leika og syngja þau Selma Guðmundsdóttir, Eygló Dóra Davíðsdóttir, Grímur Helgason, Jóhann Nardeau, Þorbjörg Daphne Hall og Þorvaldur Kristinn Þorvaldsson.

Herdís hefur tekið þátt í upp-færslum Óperustúdíós Íslensku



**HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR SÓPRAN-SÖNGKONA** Flytur verk eftir Mozart og Verdi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

